

**Náttúran á
nesinu
snæfellsnes 22**



**Melódíumeistarinn
McCartney
tónlist 28**



spottið 12




**Græddu á gulli
á Grand Hótel**

Laugard. og sunnud.
frá kl 11:00 til 19:00

Skoðið nánar á bls. 49



*Staðgreiðum
allt gull,
silfur, demanta
og vönduð úr.*



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

16. júní 2012
140. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

**MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI***

*Samkvæmt reitistökuinnunum Cesacent Gallup júní - mars 2012



Byltingarkenndur leikur
Hilmar Veigar Pétursson,
framkvæmdastjóri CCP, í
viðtali um DUST 514.
tækni 18

Getur kona verið forseti?
Kjör Vigdísar Finnbogadóttur
árið 1980 vakti heimsathygli.
stjórnsmál 32



Tónlistin fyrir trimmið
Forfallnir hlaupagikkir
velja bestu hlaupalögin.
útvíst 24

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjármál heimilanna | Atvinna | Fólk



VIÐ VEISLUBORD Þessi sveipkönguló hefur komið sér vel fyrir við sveitabæ einn fyrir utan Flúðir og eins og sjá má þarf hún ekki að óttast skort á næstunni. Þödduvefur Náttúrufræðistofnunar segir að hún finnist á láglandi um allt land en er algengari um norðanvert landið en sunnanvert. Vefur hennar vekur helst á henni athygli þegar hún spinnur saman brúsk af puntstráum eða greinar víðirunna, en spunahjúpur hennar minnir helst á silklæði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forysta Ólafs Ragnars eykst

Ólafur Ragnar Grímsson nýtur stuðnings 58 prósent samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Um 28 prósent styðja Þóru Arnórsdóttur. Hún ætti að endurskoða sína kosningabaráttu segir stjórnmálafræðingur.

KÖNNUN Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er með afgerandi forskot á aðra forsetaframbjóðendur nú þegar tvær vikur eru í forsetakosningar. Um 58 prósent þjóðarinnar styðja Ólaf samkvæmt sköðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var á miðvikudags- og fimmtudagskvöld.

Helsti keppinautur Ólafs, Þóra Arnórsdóttir, er með innan við helming af fylgi Ólafs, en 27,8 pró-


sent segjast styðja Þóru nú. Aðrir eru með mun minna fylgi.

„Þetta eru ekki góðar fréttir fyrir Þóru,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor. Hann segir liggja beint við að Þóra verði að ná verulegu fylgi af Ólafi Ragnari ætli hún sér að ná kjöri.

„Niðurstöður þessarar könnunar ættu að segja Þóru og hennar stuðningsfólki að hún verði að endurskoða sína kosningabaráttu,“ segir Gunnar Helgi.

- bj / sjá síðu 8

Fylgi forsetaframbjóðenda



**100Mb/s internet
fyrir 1.995 kr.**

hringdu.is/ljos

Hringdu
- Það er ódýrara

LJÓSLEIÐARINN

Jibbíjei!

LOKADAGUR
Fjölskylduhátíðar í Kringlunni

Opið til 18 í dag

Hoppukastalar,
candyfloss,
andlitsmálun og
blöðrur fyrir alla

Kringlan



Opið
til **18**
í dag

Smáralind

ENNEIM / SIA / INM52791

SPURNING DAGSINS



Þorlákur, þarf ekki bara að slá á þessa vitleysu?

„Nei, hér þarf að leggja hönd á plóg.“

Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar, segir brýnt að taka á öfbeldisfullum busavígslum sem virðist tíðkast innan sumra íþróttafélaga.

Niðurstaða eftir sjö mánuði:

Kærumál gegn Gillz fellt niður

LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur fellt niður kærumál gegn Agli Einarssyni. Tæpir sjö mánuðir eru síðan Egill var fyrst kærður fyrir nauðgun.

Brynjar Níelsson, verjandi Egils, staðfesti þetta í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær.

Það var í lok nóvember á síðasta ári sem átján ára stúlka kærði Egil og unnustu hans fyrir nauðgun. Málið vakti mikla athygli, en Egill hefur alltaf neitað sök. Eftir rannsókn lögreglu var málið um miðjan janúar sent Ríkissaksóknara sem sendi það svo aftur til lögreglu til frekari rannsóknar. Í millitíðinni kærði önnur kona Egil fyrir nauðgun sem sögð var hafa átt sér stað fyrir átta árum.



EGILL EINARSSON

33 ára gamall flugmaður:

Kínversk kona út í geim í dag

KÍNA Liu Yang verður í dag fyrsta kínverska konan til þess að fara út í geim. Tilkynnt var um geimferðina í gær.

Liu er 33 ára gamall herflugmaður. Hún mun ásamt tveimur karlkyns geimförum halda út í geim í dag í Shenzhou-geimferjunni. Förríni er heitið að geimstöðinni Tiangong 1, sem er tilraunaverkefni Kínverja, sem vilja koma upp varanlegri miðstöð í geimnum.

„Frá fyrsta degi hefur mér verið sagt að ég sé á engan hátt öðruvísi en karlkyns geimfarar,“ sagði Liu við fréttamenn í gær.

- þeb

Stefna að breyttri sorphirðu:

Borgarbúar verða að flokka rusl

UMHVERFISMÁL Brátt þurfa allir Reykvikingar að flokka pappír samkvæmt stefnu Reykjavíkurborgar. Óheimilt verður að setja pappír í sorphlát fyrir blandað sorph.

Íbúum sem setja pappírsefni í flát fyrir blandað sorph verður tilkynnt með límímiðum, á tunnum eða sorpgeymslu, að ekki hafi verið staðið rétt að flokkun og að við næstu losun verði flát ekki losuð séu í þeim pappírsefni.

Tveir eftirlitsmenn verða ráðnir til að fara á undan sorphílunum og taka stikkprufur. Þeir munu einn-



SORPHIRÐA Endurvinnsla stóreykst í kjölfar breytinga sem gera á í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ig sjá um að setja límímiða á tunnur sem innihalda pappír.

Stefnt er að því að innleiða

breytinguna í áföngum, þannig að hún taki gildi á mismunandi tímum eftir hverfum.

Breytingarnar taka fyrst gildi á Kjalarnesi þann 1. október á þessu ári en áætlað er að þær taki seinast gildi í Vesturbænum í maí 2013.

Gera má ráð fyrir að mikill fjöldi Reykvikinga muni kjósa að fá sér bláa ruslatunnu undir pappírsefni og er gert ráð fyrir að borgarbúar panti rúmlega 16 þúsund tunnur hjá borginni á næstu misserum.

- ktg

Brugðist við ósk um varnir:

Efla varnir gegn mengun

UMHVERFISMÁL Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um mengun hafs og stranda. Ráðist var í breytingarnar að ósk Hafnar-sambands Íslands.

Hafnarsvæði er nú skilgreint sem umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld annast. Markmiðið er að afmarka betur það svæði sem hafnarstjórn bera ábyrgð á varðandi viðbrögð við bráðamengun á sjó. Settar verða ýtarlegar reglugerðir um flokkun hafna, tiltækan mengunarvarnarsvæði, rekstur hans og notkun. - kóp

Frumvarp um vernd dýra endurskoðað

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun taka frumvarp um dýravernd til endurskoðunar og leggja fram á þingi næsta haust. Ráðuneytið horfir á innleiðingu nýs lyfs sem tefur þroska eistna í grísum og kæmi í stað fyrir geldingu.

DÝRAVERND Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið mun endurskoða frumvarp um dýravernd í sumar. Það verður svo lagt fyrir þingið næsta haust.

„Það verður auðvitað farið yfir þá gagnrýni sem fram hefur komið,“ segir Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóri. „En ég get ekki sagt neitt um hvort eða hverju verður breytt.“

Sigurgeir segir að meðal annars verði leyfi fyrir geldingu á sjö daga gömlum grísum án deyfingar tekið til endurskoðunar. „Þetta hefur verið praktiserað svona og er í samræmi við gildandi reglur í nágrennalöndunum,“ segir Sigurgeir og bendir á að nýlega hafi verið sett á reglugerð sem tilgreinir að ef slíkt sé gert verði að beita verkjastillandi lyfjum. Þá sé verið að þróa nýtt lyf á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu sem gæti hugsanlega komið í staðinn fyrir geldingu á næstu árum.

„Við þurfum að horfa á þróun þessa tiltekna lyfs sem seinkar þroska á eistum grísa og kemur í veg fyrir að galtarbragði myndist,“ segir hann. „Við hljótum að horfa til þess hvort það sé ekki lausn sem verði innleidd hér. Ég ætla þó ekki að nefna neinn tíma í því samhengi, en það verður skoðað.“

Hagsmunahópar hafa einnig gagnrýnt þá ákvörðun ráðuneytisins að vilja taka út þvingunarræði Matvælastofnunar til að



VIRÐA BER RÉTT DÝRA Yfirvöld eiga að hafa ótvíræðar heimildir til að grípa til aðgerða gegn þeim sem brjóta á rétti dýra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úr ályktun Dýralæknafélags Íslands

Dýralæknafélag Íslands mótmælti harðlega þeim breytingum sem ráðuneytið lét gera á frumvarpinu.

Meðal þess sem félagið gagnrýndi ráðuneytið fyrir að taka út úr tillögum nefndarinnar sem vann að gerð frumvarpsins, var ákvæði um að grasbitum skyldi tryggð sumarbeið, heimila ekki geldingar grísa án deyfingar, banna aflifun minks og sels með drukkun og þvingunarákvæði Matvælastofnunar um að svipta fólk ríkisstyrkjum til að halda dýr brjóti það á rétti þeirra.

skerða eða fella niður ríkisstyrki hjá þeim sem brjóta gegn dýrum.

Sigurgeir segir þá gagnrýni umdeilanlega. Þar hafi verið uppi lögfræðileg sjónarmið varðandi hvernig breyta átti þeim viðurlögum sem hægt sé að beita þá sem brjóta gegn réttindum dýra. Til staðar séu nú þegar ákvæðin refsí- og sektarákvæði, þar á meðal stjórnvaldssekt upp í allt að fimm milljónir króna. „Svo eru heimildir til að svipta

fólk rétti til að halda dýr,“ segir hann. „Ef menn framfylgja lögum á það ekki að geta liðist að bændur haldi bústofn sem er illa með farið til lengdar því það á að vera hægt að stöðva það.“ Hann segir yfirvöld hafa borið því við að ekki væru nægilega skýr ákvæði til að taka á þessu með víðeigandi hætti. „En það á að færa mönnum ótvíræðar heimildir til að grípa til nauðsynlegra aðgerða.“ sunna@frettabladid.is

- bþh

Evrópuferðir aukast frá Kína:

Kínverjar hafa bannað pakkaferðir til Noregs

NOREGUR Kínverskum ferðaskrifstofum, sem allar eru ríkisreknaðar, er bannað að bjóða upp á ferðir til Noregs í pakkaferðum sínum til Evrópu, að því er segir á fréttavef Dagens Næringsliv.

Áður skipulögðu Japanir flestar Evrópuferðir af öllum Asíuþjóðum en nú eru nýríkir Kínverjar á faraldsfæti. Ferðalögum Kínverja til Evrópulanda fjölga hraðar en ferðum annarra.

Norska utanríkisráðuneytið hefur beðið norska sendiráðið í Peking um að afla upplýsinga um hvað felst í banninu. Bæði löndin eru bundin af samkomulagi Heimsviðskiptastofnunarinnar sem bannar aðgerðir af þessu tagi.

- ibs

Skemmdarvarga leitað:

Níu bílar grýttir og makaðir með mannaskít

SKEMMDARVERK Níu bílar voru stórskemmdir í Reykjanesbæ eftir að skemmdarvargar unnu tjón á þeim í fyrradag. Grjóti var hent í bílana sem eru allir nýir eða nýlegir, þeir rispaðir, dældaðir og rúður og hliðarspeglar brotnir og mannasaur klínt á þrjá þeirra.

Lögreglan á Suðurnesjum fékk tilkynningu um málið um tíuleytið á fimmtudagskvöld.

Lögreglan leitar skemmdarvarganna og eru þeir sem hafa orðið varir við grunsamlegar mannaferðir um Stababraut eða búa yfir upplýsingum um málið beðnir um að hafa samband í síma 420-1800.

- bþh

Megnið af framlagi Orkuveitunnar til fjarskiptastarfsemi í Gagnaveitu Reykjavíkur: OR hefur lagt milljarða í Gagnaveituna

FJARSKIPTI Orkuveita Reykjavíkur hefur frá árinu 1999 lagt 13 milljarða í fjarskiptastarfsemi. Þar af hafa 4,7 milljarðar farið beint í Gagnaveitu Reykjavíkur frá stofnun hennar. RÚV greinir frá þessu.

Stjórn Orkuveitunnar hefur lagt kapp á að selja eignir fyrirtækisins til að grynna á skuldum þess. Gagnaveituna hefur borið hátt í þeirri umræðu. Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir að enn eigi eftir að taka ákvörðun um söluverð Gagnaveitunnar og hvort hún verði seld fyrir minna fé en í hana hefur verið lagt.

Samþykkt var á stjórnarfundum Orkuveitunnar að birta upplýsingar um kostnað hennar við Gagnaveitu Reykjavíkur. Haraldur Flosi segir ekki hægt að birta ýtarlegri tölur vegna viðskiptahagsmuna.

13 milljarðar er sú upphæð sem Orkuveita Reykjavíkur hefur sett í fjarskiptastarfsemi síðan árið 1999.

Ekki sé hægt að eyrnamerkja Gagnaveitunni alla þrettán milljarðana í dag, en megnið sé vissulega í fyrirtækinu.

Gagnaveita Reykjavíkur var stofnuð sem einkahlutafélag árið 2007 og er að fullu í eigu Orkuveitunnar en skilið er á milli bókhalds þessara tveggja fyrirtækja. Gagnaveitan rekur gagnaflutningskerfi, meðal annars ljósleiðaratingingar, sem nær frá Bifröst í Borgarfirði til Vestmannaeyja.

- bþh



STJÓRNARFORMAÐUR Haraldur Flosi Tryggvason segir að enn eigi eftir að taka ákvörðun um sölu Gagnaveitunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VIFTUR

23 sm og 30 sm borðviftur.
40 sm gólfviftur.

MELISSA



Heimilistæki ht.is

REYKJANESBÆR • SELFOSS • HÚSAVÍK • AKUREYRI • REYKJAVÍK • EGILSSTAÐIR

Kringlan

Opið til 18 í kvöld

Jibbi Jai!

LOKADAGUR

Fjölskylduhátíðar í Kringlunni

Fullt af
spennandi
tilboðum!

Íþróttálfurinn og Solla stírða

skemmta á blómatorgi kl.13.

Latabæjar Skutlur í boði frá Kjörís.

Lifandi brass band

hér og þar frá kl.14-16

Trúðurinn Wally

í göngugötu frá kl.16-18

kl.12-18

Andlitsmálun

Blöðrur

Candyfloss

kl.13-18

Hoppukastalar

kl.14-17

Kaffi &
konfekt

GENGIÐ 15.06.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	126,34	126,94
Sterlingspund	196,43	197,39
Evra	159,32	160,22
Dönsk króna	21,437	21,563
Norsk króna	21,209	21,333
Sænsk króna	18,040	18,146
Japanskt jen	1,6042	1,6136

SDR 191,92 193,06

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,5323

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fær að eyða ellinni í Svíþjóð: 91 árs fékk loks dvalarleyfi

SVÍÞJÓÐ 91 árs gömul úkraínsk kona hefur fengið dvalarleyfi í Svíþjóð, en áður hafði staðið til að vísa henni úr landinu.

Fjölskylda konunnar býr í Svíþjóð og eftir að eiginmaður hennar lést vildi hún flytja til afkomendanna. Í átta ár hefur hún hins vegar ekki fengið nema tíma-bundið dvalarleyfi. Í október síðastliðnum var brottvísun hennar afstýrt á síðustu stundu af Mannréttindadómstóli Evrópu. - þeb



Í RÍKINU Áfengissala hefur aukist milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einkaneysla fer vaxandi:

Áfengissala jókst um 7,8%

VERSLUN Áfengissala jókst um 7,8 prósent í maí miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta kemur fram í yfirliti frá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Þá jókst velta smávöruslunar í flestum vöruflokkum í maí.

Áfengissala hefur farið vaxandi að undanfögnu. Ástæður þess eru taldar að fólk sé að jafna sig á miklum verðhækkunum á áfengi í kjölfar efnahagshrunsins.

Einkaneysla hefur almennt farið vaxandi það sem af er ári og er gert ráð fyrir að sú verði raunin áfram. Má gera ráð fyrir að áframhaldandi vöxtur einkaneyslu styrki verslun, ekki síst sérvöruslun. - bþ

Mikill munur er á fasteignamati innan höfuðborgarsvæðisins:

Þingholtin hæst metna hverfið

EFNAHAGSMÁL Hækkun fasteignamats er mjög misjafnt eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Nýtt fasteignamat fyrir næsta ár var kynnt á fimmtudag.

Þannig hækkar fasteignamat í Garðabæ um 13,8 prósent á næsta ári og í Fossvogi um 9,9 prósent, en um 7,2 prósent í Vesturbæ vestan Bræðraborgarstígs.

Mikil hækkun, eða tíu til ellefu prósent, verður í Ríma-, Engja-, Víkur- og Borgarhverfum í Grafarvogi, í Neðra-Breiðholti og í Setbergi í Hafnarfirði. Hækkunin verður minnst í Blesugróf,



MÍÐBÆRINN Stuðullinn í öllum miðbænum er í hærri kantinum, en dýrast er að vera í suðurhluta Þingholtanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

um 2,1 prósent, í Úlfarsárdal um 3,3 prósent og í Bústaðahverfi um 4,6 prósent. Í Leirvogstungu í Mosfellsbæ lækkar fasteigna-

matið á næsta ári um 5,4 prósent.

Þjóðskrá Íslands notar stuðla til þess að gera fasteignamat. Þannig er stuðullinn fyrir sérþýli í Hvarfahverfi í Kópavogi einn, en í fjölþýli 0,99. Í syðri hluta Þingholta er stuðullinn á sérþýli hins vegar 1,64 og í fjölþýli 1,47. Þetta þýðir að sérþýli sem kostar 40 milljónir í Hvarfahverfi myndi kosta 65,6 milljónir ef það væri í Þingholtunum. Íbúð í fjölþýli sem í Hvörfum væri metin á 19,8 milljónir kostaði 29,4 milljónir í Þingholtunum, sem er dýrasta hverfið á höfuðborgarsvæðinu. - þeb



ALÞINGI Hart var tekist á um þinglok í gær. Reynt var til þrautar að ná samkomulagi en það tókst ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allt í óvissu á Alþingi

Formenn flokkanna funduðu tímum saman í gærkvöldi um þinglok. Fundur stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Tekist á um sjávarútvegsmál.

ALÞINGI Allt kapp var lagt á að ná samkomulagi um þinglok í gær. Þingfundur var frestað ítrekað og þegar Fréttablaðið fór í prentun stóð til að funda klukkan 22. Útkoma fundanna ræður því hvort þing klárast í dag. Ef ekki, er vilji fyrir hendi til að beita ákvæði um að ljúka umræðu með atkvæðagreiðslu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins buðu ríkisstjórnarflokkarnir stjórnarandstöðunni upp á samkomulag sem snerist um að frumvarp um veiðigjöld yrði afgreitt fyrir sumarfrí en frumvörpum um fiskveiðistjórnun og rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða yrði frestað til hausts. Upphæð veiðigjaldsins yrði breytt og það lækkað niður í 13,2 milljarða. Atvinnuvega-

nefnd hefur þegar lagt til lækkan frá frumvarpi ráðherra og er því ætlað að skila um 15 milljörðum króna á næsta ári, en upphaflegar tillögur ríkisstjórnarinnar gerðu ráð fyrir um fjórðungi hærri tölum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins virtist samkomulag vera að nást í gær, en Framsóknarflokkurinn setti þá fyrirvara. Hverjir þeir eru er óljóst.

Þá hefur ríkisstjórnin samþykkt að dreifa greiðslum veiðigjaldsins yfir árið, en það er nokkuð sem útgerðin fór fram á.

Ljóst er, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að Sjálfstæðisflokkurinn vill tryggingu fyrir því að fiskveiðistjórnunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar, sem lagt yrði að nýju fram á haustþingi, taki breytingum.

Fjölmörg atriði í því eru umdeild og flokknum ekki að skapi. Hvernig samið yrði um slíkt er óljóst, enda óhægt um vik að binda hendur stjórnarflokkanna varðandi frumvarp sem leggja yrði fram að nýju í haust.

Formenn flokkanna hittust í gærkvöldi klukkan 19 og fundurinn stóð enn þegar Fréttablaðið fór í prentun. Samkvæmt heimildum blaðsins mun þing klárast í dag, hafi samkomulag náðst.

Gerist það ekki, eru stjórnarþingmenn reiðubúnir til að leggja fram tillögu um að stöðva umræðu og ganga strax til atkvæðagreiðslu, en níu þingmenn þarf til að það verði að veruleika. Slíku ákvæði hefur ekki verið beitt síðan 1949.

kolbeinn@frettabladid.is

Ný innflytjendastefna:

Ungu fólki ekki vísað burt

BANDARÍKIN Bandaríkin ætla að hætta að vísa úr landi ólöglegum innflytjendum sem komu til landsins sem börn.

Fólk á aldrinum 16 til 30 ára sem hefur búið í landinu í fimm ár eða lengur fær mögulega að vera þar áfram og fá atvinnuleyfi. Fólkíð þarf að vera í skóla, útskrifað úr menntaskóla eða hafa verið í hernum og með hreinan sakaferil. Tillagan er talin skipta máli í forsetakosningaslag Obama og Romney um atkvæði fólks af suður-amerískum uppruna. - þeb



KÓNGAR Hann er falletgur Þjórsárlaxinn sem er á leið í fiskborðið. MYND/KRISTJÁN

Fiskikóngurinn sáttur:

Viltur netalax á leið í borðið

NEYTENDUR Kristján Berg, betur þekktur sem Fiskikóngurinn, er búinn að fá fyrstu sendinguna af viltum netalaxi úr Þjórsá.

Kristján segir að 90 kíló hafi komið í hús í gær. „Veiðin fer mjög vel af stað miðað við í fyrra, en þá var mjög lítið um netalax. Ég býst við að fá um 400 kíló á viku í sumar ef allt gengur upp.“

Kristján segir laxinn úr Þjórsá stóran og spikfeitan eða „alveg fullkominn fyrir okkur fisksalana“.

Kristján segir að tímarnir séu góðir því sending af nýjum kartöflum er í flugi, en nýjar íslenskar eru vandfundnar þessa dagana. - shá

SAMFÉLAGSMÁL

Fengu 130 umsóknir

Samfélagssjóður Landsbankans veitti í gær umhverfisstyrki fyrir fimm milljónir króna. Veittir voru fjórtán styrkir, sex að fjárhæð 500 þúsund krónur og átta 250 þúsund króna styrkir. Dr. Guðrún Pétursdóttir, formaður dómféNDAR, segir að nefndinni hafi verið vandi á höndum því um 130 umsóknir hafi borist sjóðnum og margar frambærilegar.

BIÐIN ER Á ENDA!

ELDAR KVIKNA
SUZANNE COLLINS

PARK KVIKNA
SUZANNE COLLINS

INNBUÐIN

KILJA

HUNGURLEIKARNIR HALDA ÁFRAM

www.forlagid.is - alvöru bókaverslun á netinu

VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir


veðurfréttamaður

SKIN OG SKÚRIR

Nú lítur út fyrir skúrir víða um land á þjóðhátíðardaginn, einkum sunnan og vestan til en mestu líkur á þurru og björtu veðri á Norður- og Austurlandi. Áfram milt í veðri og má búast við 16°C suðvestantil.

Á MORGUN 8-13 m/s NV-til annars hægar.

MÁNUDAGUR Hæg breytileg átt.



HEIMURINN

Alicante	28°
Basel	28°
Berlín	27°
Billund	17°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	30°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	26°
London	18°
Mallorca	20°
New York	24°
Orlando	31°
Ósló	15°
París	19°
San Francisco	27°
Stokkhólmur	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



17. JÚNÍ STEMMING!

GARÐADÖGUM LÝKUR UM HELGINA!

Opið í Skútuvogi og á Akureyri á morgun, 17. júní. Sjá nánar afgreiðslutíma á husa.is



HENGILOBELIA

Verð áður: 1.390 kr.

Nú: **799** kr.



MARGARITA

Verð áður: 1.190 kr.

Nú: **690** kr.



Skoppa og Skríttla
Skemmta í Skútuvoginum
laugardag kl. 13.30!

PYLSUPARTÍ!
Grillum í öllum
verslunum
Húsasmíðjunnar
í dag - byrjum kl. 12.
Pylsur og kók meðan
birgðir endast!



**TAKMARKAÐ
MAGN!**
Fæst aðeins
í Skútuvogi

67 BIRKIPLÖNTUR

Flottar plöntur frá Barra í Fljótsdal.

Aðeins: **3.990** kr. bakkin



BLÁBERJAPLÖNTUR

Verð áður: 2.379 kr.

Nú **999** kr.

RAFMAGNSSLÁTTUVÉL

15.995 kr.

Texas - 1000W.

Sláttubreidd

32 cm

5085124



HÁLFPEKJANDI FURA

3.990 kr. 3 ltr.



Gasgrill
Tveir brennarar



12.900 kr.

**Ragmangs
sláttuorfi**



3.995 kr.

Garðstóll, plast
Stillanlegt bak



3.990 kr.

blómaval



HÚSAMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

**LÆGSTA
LÁGA
VERÐ**
↓
HÚSAMÍÐJUNNAR



Hræðist þú hunda eða hefur þú fyrir þeim ofnæmi?

JÁ 26,9%
NEI 73,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú sátt(ur) við störf sérstaks saksóknara?

Segðu skoðun þína á visiris



Stefnumörkun um beina erlenda fjárfestingu samþykkt samhljóða á þingi: Efla erlenda fjárfestingu á Íslandi

EFNAHAGSMÁL Alþingi hefur samþykkt stefnumörkun um beina erlenda fjárfestingu, en hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Samkvæmt tillögunni, sem efnahags- og viðskiptaráðherra lagði fram, skal hann, ásamt iðnaðarráðherra, leggja fram tímasetta áætlun um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu Íslands.

Kannað verður hvort breyta þurfi lögum og reglugerðum til að laða að erlenda fjárfestingu. Farið verður í öflugt markaðs- og kynningarstarf og lögð er áhersla á að tryggja samhæfða stjórnsýslu.



HELGI HJÖRVAR

TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, mælti fyrir álitni nefndarinnar. Hann sagði erlenda fjárfestingu hafa skort

en betur hefði gengið að fá lánsfé. Stærstur hluti erlendar fjárfestingar hefði verið bundinn stóriðju hingað til.

„Þetta verður fyrst og fremst gert með markaðs- og kynningarstarfi annars vegar og hins vegar með ívilnun fyrir erlenda fjárfestingu,“ sagði Helgi. Skoðað yrði hvort grípa þyrfti til skattalegra ráðstafana.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fagnaði stefnunni. Hann sagði þó að samkvæmt þingsályktunartillögu hefði tímasett áætlun átt að vera komin fram. - kóp

Apótek lokuð vegna morðs: Kosið á ný í Grikklandi

GRIKKLAND, AP Kosið verður til þings í Grikklandi á nýjan leik á morgun. Kosningarnar geta haft mikil áhrif á framhald fjármálakreppunnar í Evrópu.

Lokun apóteka í Grikklandi stal þó athyglinni frá kosningunum í gær, en eigandi apóteks í Piraeus var skotinn til bana í vopnuðu ráni á fimmtudag. Glæpum hefur fjölgað mjög í landinu. Leiðtogi Nýja lýðræðisflokksins, Antonis Samaras, sagði morðið sýna að Grikkir væru komnir á endastöð, þyldu ekki meira. - þeb

HÁPRÝSTIDÆLUR

Black&Decker háprýstidæla 10 bör
14.900,-
1400W, 360 L/klst
Polir 50C heitt vatn
5 metra barki, sápuþox

Black&Decker háprýstidæla 30 bör
27.900,-
1700W, 370 L/klst
Polir 50C heitt vatn
5,5 metra barki, sápuþox

Black&Decker háprýstidæla 50 bör
49.980,-
2100W, 420 L/klst
Polir 50C heitt vatn,
8 metra málbarki,
sápuþox,
með bursta

Drive háprýstidæla 105 bör
7.990,-
1400W, 300 L/klst

1/2" Slanga 25 metrar
2.390,-

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
- Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Hátíðardagskrá á Þjóðhátíðardaginn í Reykjavík

- Fógetagarðurinn**
Kl. 14.00 - 17.00 Lífandi bókasafn á vegum Félags ungra jafnréttissinna.
- Hljómskálagarðurinn**
Kl. 13.00-17.00 Leiktæki, skemmtiatriði og sýningar íþróttafélaga.
- Ingólfstorg**
Kl. 13.30-17.00 Sirkus-sýningar og götuleikhús.
Kl. 17.00 Dansleikur.
- Hagatorg**
Kl. 13.40 Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð.
- Ráðhúsið**
Kl. 14.00 Kraftakeppni.
Kl. 14 -15.40 Tónleikar.
Kl. 17 Harmónikkuball.
- Dómkirkjan**
Kl. 10.15 Guðsþjónusta.
Kl. 16 Bænastund.
- Arnarhóll**
Kl. 13.30 Bama- og fjölskylduskemmtun.
Kl. 16.30-19.00 Tónleikar.
- Austurvöllur**
Kl. 11.10 Hátíðardagskrá á vegum Alþingis og forsætisráðuneytisins. Ávarp Fjallkonu.
Kl. 12 Skrúðganga frá Austurvelli í kirkjugarðinn við Suðurgötu.
Kl. 14 Ýmsir menningarviðburðir og sólskoðun.
- Hlemmur**
Kl. 13 Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg.

Lögreglan hikar ekki við að beita sektum

Skipulögð þjóðhátíðardagskrá í Reykjavík hefst með guðsþjónustu í Dómkirkjunni klukkan 10 á morgun. Skemmtidagskrá verður fram eftir degi sem stendur til klukkan 19. Lögreglan mun fylgjast vel með lagningu ökutækja.

MANNLÍF Skipulögð þjóðhátíðardagskrá í Reykjavík hefst klukkan 10 í fyrramálið með guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Eftir það tekur við fjölbreytt dagskrá með skemmtiatriðum um alla miðborg auk hefðbundinna hátíðardagskrárlíða eins og ávarps fjallkonunnar.

Lögreglan fylgist sérstaklega með því hvernig ökutækjum er lagt í miðborginni á morgun og beinir þeim tilmælum til fólks að leggja löglega til að komast hjá því að fá sektir eða jafnvel að bílar verði fjarlægðir, stafi af þeim hættu. Mælt er til þess að fólk noti almenningssamgöngur, reiðhjól eða tvo jafnfljóta.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri í umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík, segir brýnt að fólk geri sér grein fyrir því að lög um lagningar ökutækja standi þó að um stórviðburði sé að ræða.

„Þau detta ekki úr gildi á 17. júní, Menningarnótt eða á stórum fótboltaleikjum eins og sumir vilja halda,“ segir hann. Þess má geta að almenn stöðumælasekt er 2.500 krónur, stöðubrotsgjald 5.000 krónur og að leggja í bílastæði fatlaðra kostar 10.000 krónur.

Síðustu ár hefur fjöldi í miðborginni þann 17. júní verið á bilinu 50 til 70 þúsund manns ef veðrið er gott. Veðurstofa Íslands spár mildu veðri á höfuðborgarsvæðinu með smávegis skúrum síðdegis. Dagskránni í miðborginni lýkur með dansleik á Ingólfstorgi og tónleikum á Arnarhóli, þar sem meðal annars koma fram Ojba Rasta, Múgsefjun og Pollapönk.

sunna@frettabladid.is

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Auglýst er eftir tilnefningum til viðurkenninga umhverfissráðuneytis

Umhverfissráðuneytið óskar eftir tilnefningum til tvenna verðlauna, sem afhent verða á **Degi íslenskrar náttúru**, 16. september næstkomandi.

Fjölmíðlaverðlaun umhverfissráðuneytisins verða veitt fjölmíðli, ritstjórn, blaða- eða fréttamanni, dagskrárgerðar-fólki eða ljósmyndara sem hafa skarað fram úr með umfjöllun sinni um íslenska náttúru. Til greina koma einstök verkefni eða heildarumfjöllun um íslenska náttúru.

Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti verður veitt einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.

Tilnefningar skal senda fyrir **15. ágúst 2012** til umhverfissráðuneytisins, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, eða á netfangið postur@umhverfisraduneyti.is

VIÐVERÐU AÐ...
BÖRN EIGA RÉTT Á
VERND GEGN ÖFBELDI?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



17. JÚNÍ Í FYRRA Á þjóðhátíðardaginn er alla jafna eitthvað skemmtilegt við að vera fyrir yngri kynslóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Sumargötur opnaðar 17. júní

Frá og með morgundeginum taka gildi sumarlokanir á Laugavegi neðan Vatnsthóls og á Skólavörðustíg neðan Bergstaðastrætis. Göturnar verða lokaðar fyrir bílaumferð fram yfir Menningarnótt 20. ágúst, að því er fram kemur í tilkynningu frá Borginni. Öll þjónusta við rekstraraðila fer fram um þvergötur fram til klukkan 11 alla virka daga.

„Í skoðanakönnun sem gerð var meðal borgarbúa kom í ljós að þorri þeirra sem tóku afstöðu, eða 75%, var fylgjandi því að Laugavegur væri göngugata yfir hásumarið. Í fyrrasumar stóðu Hitt húsið og starfshópar sem styrktir voru af borginni fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum í miðborginni, m.a. götuleikhúsum og innsetningum á þessum sumargötum.“

Hverfisgata og Lækjargata verða lokaðar fyrir bílaumferð og umferð strætisvagna 17. júní frá klukkan 9 til 20. Eftir það er hefðbundinn akstur leyfður um göturnar.

OPIÐ
17. JÚNÍ

Í ÖLLUM VERSLUNUM
NEMA KRINGLUNNI



MIKIÐ ÚRVAL
AF BLÖÐRUM

NÝTT
KORTA
TÍMABIL



TAX
FREE

DAGAR

*Fatnaður á alla
fjölskylduna!*

Dagana 14. - 17. júní
afnemun við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra
og barnafatnað, undirföt,
sokka og sokkabuxur án
virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 17. júní.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SKOÐANAKÖNNUN Á FYLGI FORSETAFRAMBJÓÐENDA

Þóra ekki hálfdrættingur á við Ólaf

Ólafur Ragnar Grímsson hefur afar sterka stöðu fyrir forsetakosningarnar sem fram fara eftir tvær vikur. Um 58 prósent styðja Ólaf en helsti keppinautur hans, Þóra Arnórsdóttir, nýtur stuðnings um 28 prósent kjósenda. Stuðningur við aðra frambjóðendur eykst í kjölfar sjónvarpsþátta en þeir eru samanlagt með stuðning tæplega 14 prósent þjóðarinnar.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er með ríflega tvöfalt meiri stuðning til embættis forseta en sá frambjóðandi sem næst honum kemur samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var á miðviku-dags- og fimmtudagskvöld.

Alls segjast 58 prósent þeirra sem afstöðu taka til einhvers frambjóðanda í könnuninni ætla að kjósa Ólaf Ragnar þegar gengið verður til kosninga laugardaginn 30. júní. Stuðningurinn hefur aukist lítillega frá síðustu könnun, sem gerð var dagana 30. og 31. maí. Þá mældist stuðningur við Ólaf 56,4 prósent. Munurinn er þó ekki marktækur.

Stuðningur við Þóru Arnórsdóttur dalar frá síðustu könnun. Um 27,8 prósent þeirra sem afstöðu taka í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 segjast myndu kjósa Þóru verði gengið til kosninga nú. Fyrir tveimur vikum sögðust 34,1 prósent styðja Þóru. Stuðningur við hana hefur því dregist saman um 6,3 prósentustig, og er það marktæk lækkun milli kannana. Munurinn á milli Ólafs og Þóru

hefur aukist milli kannana og er nú 30,2 prósentustig. Þóra er með öðrum orðum ekki hálfdrættingur á við Ólaf Ragnar.

Frá því könnunin sem gerð var í lok maí var framkvæmd hafa farið fram kappæður og umræðuþættir á Stöð 2 og RÚV, auk þess sem frambjóðendur hafa verið áberandi í fjölmiðlum, á fundum og vinnustaðaheim-sóknum, enda kosningabaráttan í algleymingi. Þetta virðist þó ekki hafa breytt stöðunni nema óverulega.

Aðrir frambjóðendur hafa bætt við sig stuðningsmönnum á þessum tveimur vikum, þó enginn þeirra komist nærri Þóru eða Ólafi Ragnari.

Alls segjast um 8 prósent myndu kjósa Ara Trausta Guðmundsson verði gengið til kosninga nú, sem er 2,2 prósent aukning milli kannana, sem er marktækur munur.


Nú segjast um 3,6 prósent ætla að kjósa Herdís Þorgeirsdóttur, sem er aukning um 2,3 prósentustig frá síðustu könnun, þegar stuðningurinn mældist 1,3 prósent. Þetta er marktæk aukning á stuðningi við Herdís.

Um 1,8 prósent styðja Andreu J. Ólafsdóttur í könnuninni sem gerð var í vikunni, sem er tvöfalt hærra hlutfall en fyrir tveimur vikum þegar stuðningurinn mældist 0,9 prósent. Munurinn er marktækur.

Þá segist 1 prósent þeirra sem afstöðu taka ætla að kjósa Hannes Bjarnason, en 0,3 prósent studdu hann samkvæmt könnuninni sem gerð var í lok maí.

Alls taka 65,4 prósent þeirra 1.500 sem hringt var í afstöðu til einhvers frambjóðanda. Um 27,7 prósent segjast enn óákveðin, 4 prósent ætla ekki að kjósa eða ætla að skila auðu og 2,9 prósent kusu að svara ekki spurningunni. Hlutföllin eru næstum nákvæm-

Fylgi forsetaframbjóðenda



lega þau sömu og fyrir tveimur vikum og hlutfall óákveðinna ekki að minnka.

Þarf að sækja að Ólafi Ragnari

„Niðurstöður þessarar könnunar ættu að segja Þóru og hennar stuðningsfólki að hún verði að endurskoða sína kosningabaráttu,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðiprófessor við Háskóla Íslands. Hann segir stöðu Ólafs Ragnars óneitanlega afar sterka svo stuttu fyrir kosningar.

Þar sem Ólafur Ragnar mælist með hreinan meirihluta og aðeins tæplega 28 prósent eru enn óákveðin liggur beint við að Þóra

verður að ná einhverju fylgi af Ólafi til að eiga einhvern möguleika á sigri, segir Gunnar Helgi.

„Þetta eru ekki góðar fréttir fyrir Þóru, það eru ekki nema tvær vikur til kosninga og augljóst að hún þarf að vera meira afgerandi,“ segir Gunnar Helgi. „Það er ekki hægt að segja að forskot Ólafs sé óyfistiganlegt, en það þarf eitthvað mikið að gerast til að annar frambjóðandi ná honum.“

Brjann Jónsson
brjann@frettabladid.is



Aðferðafræðin


Hringt var í 2.461 mann þar til náðist í 1.500 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 13. júní og fimmtudaginn 14. júní. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Með lagskiptu úrtaki er ákveðið fyrir fram hversu margna á að ná til og miðað er við lýðfræðilega samsetningu þjóðarinnar eftir kyni, aldri og búsetu.

Spurt var: Hvern myndir þú kjósa til embættis forseta Íslands ef gengið yrði til kosninga nú? Alls tóku 65,4 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Stefnumál frambjóðendanna

Hefur þú kynnt þér stefnumál allra forsetaframbjóðendanna?



Helmingur hefur kynnt sér stefnu allra

Rétt rúmur helmingur kjósenda hefur kynnt sér stefnumál allra forsetaframbjóðendanna samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Alls segjast 51,1 prósent hafa kynnt sér stefnu allra frambjóðenda. Um 18 prósent segjast aðeins hafa kynnt sér stefnumál þess frambjóðanda sem þau hyggjast kjósa. Þá hafði tæpur þriðjungur, um 30,9 prósent, ekki kynnt sér stefnumál neins frambjóðanda.

Þau tæpu 28 prósent kjósenda sem enn hafa ekki gert upp hug sinn eru talsvert ólíklegri til að hafa kynnt sér stefnu forsetaframbjóðendanna en þeir sem taka afstöðu til ákveðins frambjóðanda. Aðeins rúmur þriðjungur þessa hóps sagðist í könnuninni hafa kynnt sér stefnu allra frambjóðendanna.

Að undanförunni hafa bæði Stöð 2 og RÚV boðið upp á sjónvarpsþætti með frambjóðendum, auk þess sem þeir hafa verið í viðtölum á útvarpsstöðvum og í blöð-

unum. Þrátt fyrir það hefur tæpur þriðjungur kjósenda ekki kynnt sér stefnumál neins frambjóðanda.

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor segir þetta ekki koma á óvart. Erfitt sé að segja til um hversu margir fylgja með sjónvarpsþáttum með rökræðum frambjóðenda eða viðtölum við hvern og einn. „Það verður bara að viðurkennast að þetta er ekki topp sjónvarpsfni,“ segir Gunnar.

Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að erfitt er fyrir frambjóðendurna að koma stefnumálum sínum á framfæri við kjósendur segir Gunnar Helgi. Kosningabaráttan fari þá að snúast meira um almennt yfirbragð frambjóðendanna en stefnumálin í smáatriðum.

Spurt var: Hefur þú kynnt þér stefnumál allra forsetaframbjóðendanna? Alls tóku 94,7 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Um 3,9 prósent sögðust óákveðin og 1,3 prósent vildu ekki svara spurningunni.

Allra síðustu sætin

Benidorm

Allra síðustu sætin 19. júní og 26. júní

7 náttu ferð – einstakt tækifæri

Frá kr. **67.400** með fullu fæði

Heimsferðir bjóða frábær tilboð í 7 náttu ferð til Benidorm þann 19. júní eða 26. júní í boði er m.a. Carlos I hótelið *** með fullu fæði og Hotel Melia **** með hálfu fæði eða með öllu inniföldu. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins á Benidorm á ótrúlegum kjörum.

Hotel Carlos I ***

Kr. 67.400 - með fullu fæði.

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi með fullu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með fullu fæði kr. 84.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.500. Sértilboð 19. júní í viku.

Hotel Melia ****

Verð frá kr. 87.900 - með fullu fæði.

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði kr. 99.900. Sértilboð 26. júní í viku.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á sílu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



www.rumfatalagerinn.is

300%



AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM

SÓFUM OG

HÆGINDASTÓLUM

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

TILBOÐIN GILDA AÐEINS TIL 18.06.12

Til sölu: HEILDVERSLUN - heimspektar hársnyrtivörur

Heildverslun með heimspektar hársnyrtivörur er til sölu. Mjög góð umboð.

Hentar vel til sameiningar við annað fyrirtæki í svipuðum geira eða sem sjálfstætt fyrirtæki fyrir fólk með þekkingu og áhuga á hársnyrtivörum.

Góður og vaxandi rekstur með mikla möguleika. Ársvelta um 60 mkr. og er vaxandi.

Áhugasamir aðilar vinsamlega hafið samband við Guðna Halldórsson (gudni@kontakt.is) eða Jens Ingólfsson (jens@kontakt.is) með tölvupósti eða í síma 414 1200.

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is

globalM&A Iceland

Handur 06/12

Málskotsrétturinn er ykkar fólksins

Ólafur Ragnar Grímsson segir forsetann gegna lykilhlutverki á örlagatímum í íslensku þjóðfélagi bæði heima og erlendis. Það hafi hann sjálfur gert með því að standa vörð um íslenska stjórnskipan og tala máli íslenskra aðila erlendis.



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti og forsetafram- bjóðandi, heim- sótti Marel á dög- unum ásamt Dorrit Moussaieff, eigin- konu sinni. Yfir-

fullt var í matsal Össurar þegar Ólafur Ragnar kynnti stefnumál sín og útskýrði sýn sína á hlutverk forsetans.

Ólafur Ragnar sagðist undan- farin ár hafa sýnt fram á að for- setaembættið gegndi lykilhlut- verki á örlagatímum. Forsetinn beri ábyrgð á því að landið verði ekki stjórnlaust og svo gæti hann beitt málskotsréttinum. „Ég þurfti í janúar 2009, þegar eldar brunnu í miðborg Reykjavíkur og hætta var á að landið yrði jafnvel stjórnlaust í nokkrar klukkustundir, að vera undir það búinn að mynda utan- þingsstjórn ef flokkunum tækist ekki að mynda minnihlutastjórn.“

Ólafur Ragnar benti einnig á að Icesave hefði verið mikilvæg áminning þess að valdið væri hjá þjóðinni. Bessastaðir væru síðasta „stoppistöðin“ sem fólk hefði til að fá málin í sínar hendur. Hann ítrek- aði þó að þessi réttur væri réttur fólksins. „Það er ekki rétt sem oft kemur fram að málskotsrétturinn sé fyrst og fremst forsetans. Mál- skotsrétturinn er ykkar. Hann er



Á FUNDI Í MAREL Forsetahjónin heilsuðu starfsmönnum með handabandi áður en Ólafur Ragnar fór upp í pontu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

staðfesting á því að æðsta vald í málefnum þessarar þjóðar er hjá fólkinu sjálfu.“

Ólafur sagði að undanfarin ár hefði forsetinn sinnt tveimur öðrum mikilvægum hlutverkum; að vera málsvari þjóðarinnar erlendis og styðja við íslenskt athafnalíf á erlendri grundu.

Ólafur viðurkenndi líka að hafa oft verið gagnrýndur fyrir þá vegferð sem hann stóð að á árunum fyrir hrun og þá sérstaklega í tengslum við bankana. Hann sagði störf sín þó hafa verið eðlileg, hann

hafi gert það sama fyrir mörg önnur fyrirtæki. „Var rangt að styðja Össur með þeim hætti sem ég hef gert í rúm tíu ár? Var rangt að rétta Magnúsi Scheving hjálparhönd þegar hann kom til mín á öðru ári minnar forsetatíðar? Var það rangt hjá Dorrit að fara í þátt Mörthu Stewart, sem sýndur er í fimmtíu löndum, og kynna íslenska mat, íslenska hönnun, íslenska ferðaþjónustu, íslenska hestinn og kenna útlendingum að borða íslenska þorskalifur? — Nei, það var ekki rangt.“ *katrin@frettabladid.is*

VISUÐU AÐ...
BÖRN EIGA RÉTT Á
VERND GEGN OFBÆLDI?



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



EKTA ÍSLENSK SKEMMTUN



FENGU VEIFUR AÐ GIÖF Hressir strákar í Mýrarhúsaskóla.

Skátahreyfingin og Eimskip: Gefa íslenskum börnum fánann

FÓLK Um 4.500 börn sem luku öðrum bekk grunnskóla nú í júní hafa fengið litlar fánaveifur að gjöf frá Skátahreyfingunni og Eimskip.

Öllum íslensku fánunum fylgdi bæklingur um fánareglur og hvernig fara skal með íslenska flaggið. Börnin geta því veif- að íslenska fánanum með sóma á þjóðhátíðardaginn 17. júní á sunnudag.

Bragi Björnsson skátahöfðingi segir framtíð lið í því að gera veg íslenska fánans sem mest- an. „Hugmyndin er sú að vekja athygli barna á fánanum og auka virðingu þeirra fyrir honum,“ segir hann. *- bph*

Uppboð í Kaupmannahöfn: Skákmunirnir enn til sölu

SKÁK Fram kom í mörgum íslenskum fjölmiðlum að skák- munir frá einvígi aldarinnar, milli Bobbys Fischer og Boris Spasskij, hefðu verið seldir á uppboði í Danmörku. Hið rétta er að hæsta tilboð í munina nam átján milljónum króna en áður höfðu þessir hlutir verið metnir á 40 milljónir.

Uppboðshaldarinn brá því á það ráð að berja hamrinum í borðið með orðunum „ekki selt“ þar sem hæsta boð var langt undir verðmati. Frá þessu greinir á vef Politiken. *- ktg*

Gleðilega hátíð



Rannsókn hrunmála hjá sérstökum saksóknara:

Farsælla að vinna vel en hratt

Sérstakur saksóknari og hans fólk hefur staðið í ströngu allt frá því embættið var stofnað fáeinum mánuðum eftir hrun.

Embættið hefur engu að síður sætt talsverðri gagnrýni, bæði fyrir að ganga hart fram í málum en einnig vegna þess að mál hafa þótt vera þar lengi í vinnslu. Þetta hefur þótt binda hendur þeirra sem til rannsókna hafa verið og koma í veg fyrir þátttöku þeirra í samfélaginu. Hins vegar hefur gagnrýnin komið frá þeim sem eru óþolinmóðir vegna þess að þeim þykir lítið ávinnast í uppgjörinu við hrunið.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir í viðtali við

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Fréttablaðið í gær að efnahagsbrotarannsóknir taki einfaldlega langan tíma og útskýrir hvers vegna. Ólafur lýsir því einnig hvernig rannsóknir hafa tafist vegna þess að margir sakborningar neiti að tjá sig við skýrslutöku eða að í ljós kemur þegar vitnisburður hefur verið borinn

saman við gögn að þeir hafi beinlínis sagt ósatt.

Að sögn Ólafs eru um 100 mál sem tengjast hruninu á mála-skrá embættis sérstaks saksóknara. Mörg mál eru nú á lokastigi rannsókna eða að nálgast það stig og stefnt er að því að allri rannsóknarvinnu embættis sérstaks saksóknara í tengslum við hrunmálin svokölluðu verði lokið fyrir árslok 2014.

Nú í vikunni voru tveir menn dæmdir til fangelsisvistar fyrir umboðssvik og var það fyrsta hrunmálið sem leitt var til lykta vegna slíkra brota. Sá dómur veitir mikilvægt fordæmi að mati Ólafs Þórs, bæði fyrir þá sem vinna við rannsókn sambærilegra mála og fyrir héraðsdómstólana sem munu dæma í þeim.

Hrunmálin verða leidd til lykta eitt af öðru fyrir dómstólum næstu misserin. Niðurstöður mála verða auðvitað mismunandi en mestu máli skiptir að til grundvallar liggi vel unnin mál.

„Það sem við þurfum síst af öllu er uppgjör við hrunið í formi sakamála sem eru illa unnin,“ sagði Ólafur í viðtalinu við blaðið í gær. Og satt er það því í illa unnum sakamálum fælist ekki mikið uppgjör.

Miklu skiptir að leiða til lykta þau sakamál sem tengjast hruninu. Það er vitanlega mikilvægt fyrir þá sem tengjast málunum beint en það er ekki síður mikilvægt fyrir almenning í landinu sem kallar eftir einhvers konar uppgjöri við hrunið.

Allra hluta vegna skiptir mestu að til vinnslu málanna sé vandað. Þegar upp er staðið hefur það miklu meira að segja en skjótt niðurstaða.

Staðan í vinnslu sakamála sem tengjast hruninu má þó líklega teljast góð miðað við það hvernig uppgjör við hrunið gengur á öðrum vígstöðvum. Pólitísku uppgjöri lauk ekki með dómi yfir Geir Hilmarí Haarde. Þar er mikið verk óunnið, innan stjórn-málaflökka og í stjórn-sýslunni. Því miður verður ekki séð að því sé unnið af sömu atorku og að vinnslu sakamála hjá sérstökum saksóknara.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Tónskáldasjóður 365

Undirritaðar umsóknir skulu berast sjóðnum á þar til gerðum eyðublöðum í þríriti ásamt fylgigögnum fyrir miðnætti hinn **1. júlí 2012** merktar

„Tónskáldasjóður 365“
Laufásvegi 40, 101 Reykjavík

Umsóknareyðublöð má fá heimasíðu STEFs.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Kosningar án málefna

Mörgum finnst málefna-baráttan í forseta-kosningunum heldur rýr í roðinu. Það leiðir af stjórnarskránni. Forsetanum eru einfaldlega ekki ætluð þau völd að kosningarnar geti snúist um málefni.

Frambjóðendur reyna hvað þeir geta að telja þjóðinni trú um að forsetinn hafi meira að segja en raunin er. Þeir ganga þó misjafnlega langt í því. Forsetinn trúir sjálfur að hann sé afar valdamikill og því ráði vera hans í embætti mestu um gæfu þjóðarinnar.

Hitt er annað að forsetinn getur án beinna valda haft áhrif, bæði



ÞORSTEINN PÁLSSON

Og vel má vera að sá kostur sé einfaldlega úr sögunni.

Frambjóðendur virðast hafa ólk sjónarmið um það hvort forsetinn eigi að reka sjálfstæða utanríkisstefnu. Hann er að sjálf-sögðu algjörlega frjáls að því. En

góð og slæm. Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir höfðu bæði bætandi áhrif á andrúmsloftið í samfélaginu. Fæst bendir til að við fáum aftur þannig þjóðhöfðingja.

Það er ríkisstjórnin á hverjum tíma sem ræður stefnu Íslands.

Þegar núverandi forseti hefur farið gegn ríkisstjórninni í erlendum fjölmiðlum hefur það ekki haft nein áhrif á ríkisstjórnir annarra landa. Þær vita að hann talar fyrir sjálfan sig en ekki Ísland þegar svo stendur á. Það hefur hins vegar haft talsverð áhrif hér heima því að margir trúa því sem forsetinn trúir sjálfur að einhverju máli skipti þegar hann talar gegn ríkisstjórn landsins í útlöndum. Hér hjálpar honum eins og sakir standa almenn andúð á ríkisstjórninni. Hún virðist ráða nokkru um afstöðu margra kjósenda.

Vald án ábyrgðar

Fjölmiðlar hafa reynt að fá forsetaframbjóðendurna til að búa til reglu um það hvenær rétt sé að beita synjunarvaldinu. Það er samkvæmisleikur. Veruleikinn er sá að forsetinn getur ekki búið til neina reglu um það efni. Þetta er hreint geðþóttavald. Úr því verður aðeins bætt með breytingu á stjórnarskránni.

Eldri fræðimenn voru á einu máli um að synjunarvaldinu fylgdi ábyrgð. Þeir töldu að forseti sem beitti því yrði að víkja stæði þjóðin með ríkisstjórninni í þjóðaratkvæðagreiðslu. Að sama skapi ætti ríkisstjórnin að öðru jöfnu að fara

frá ef þjóðin fylgdi forsetanum.

Í fyrsta skipti sem forsetinn beitti ákvæðinu gafst þáverandi ríkisstjórn upp fyrir honum og felldi lögin sjálf úr gildi. Í tíó núverandi stjórnar hefur þjóðin tvívegis farið gegn henni og staðið með forsetanum. Ríkisstjórnin taldi að það ætti ekki að hafa pólitískar afleiðingar þótt þjóðin hafnaði málstað hennar.

Ástæðan fyrir því er sú nýja túlkun forsetans að þessu valdi fylgi ekki ábyrgð. Forsetinn er vitaskuld frjálsari að því að beita ákvæðinu ef það hefur engar afleiðingar fyrir hann sjálfan. Forystumenn allra stjórnáflökka

hafa fundið út að ábyrgðarleysis-hugmynd forsetans leysir þá líka frá afleiðingum þess að tapa þjóðaratkvæði.

Í reynd er það miklu fremur upplausn þessarar ábyrgðarreglu sem valdið hefur stjórnskipulegri lausung en synjunarvaldið sjálf. Athyglisvert er að enginn frambjóðendanna hefur gefið fyrirheit um að berja í þann brest sem hlotist hefur af því að horfið var frá þeirri grundvallarhugsun að þessu valdi fylgdi ábyrgð. Að þessu leyti virðist litlu skipta hver verður kosinn. Þessi spurning veit þó að síðferðilegri undirstöðu einu beinu valdheimildar forsetans.

Koma að tómunum kofanum

Menn hafa deilt um hvort víðeigandi sé að forseti segi fyrirfram hvort hann áformar að synja lögum staðfestingar. Forsetinn hóf kosningabaráttuna með yfirlýsingu um að sjávarútvegs-frumvörpin væru vel til þess fallin að fara í þjóðaratkvæði. Ýmsum þótti það ekki góð látina.

Á hinn bóginn má halda því fram að ærlegra sé að Alþingi fái að vita um afstöðu forsetans áður en það hefur umræðu um einstök


mál. Það gæti hugsanlega leitt til meiri sátta ef meirihlutinn er ekki öruggur um að hafa stuðning þjóðarinnar. Líka er hugsanlegt að áform forseta um synjun ráðist þá fremur af álit hans sjálfs á efni laganna en mati á skoðanakönnunum.

Mótframbjóðendur forsetans hafa hneykslast á þessu og hann hefur dregið í land. Álitæfni er hvort hann hefði átt að gera það. Í allri lausunginni þarf ekki að vera verra að þetta álit liggi fyrir.

Breyti Alþingi frumvörpum getur afstaða forsetans eðlilega breyst. Annað hefði þá ekki gerst en að hann hefði haft jákvæð áhrif á lögjafarstarfið.

Þessi spurning endurspeglar hins vegar veikleika stjórnarskrárinnar. Gagnlegt hefði verið að heyra skoðun frambjóðendanna á því hvernig færa mætti stjórnarskrárákvæðin um forsetann að nýjum tíma og kröfum. En þar koma kjósendur að tómunum kofanum hjá öllum frambjóðendum.

GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ



Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á Þjóðhátíðardaginn. En fyrir okkur markar hann jafnframt sumarkomuna því þá hafa öll hótelin okkar opnað upp á gátt.

SUMARSÆLA Í 51 ÁR

Fyrsta Edduhótelíð var opnað árið 1961 og byggði á þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 12 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótélkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótél, en öll starfa þau á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótélum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótélanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

VIÐ ÓSKUM ÞÉR GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR
OG HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í SUMAR.
Starfsfólk Edduhótelanna


12 HÓTEL ALLAN HRINGINN 1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Stórutjarnir • 9 Akureyri • 10 Laugarbakki • 11 Ísafjörður • 12 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000

1877




Björn Jónsson



Úr prentvélasal




Austurstræti 8



Úr prentvélasal



Pappírslager frá þriðja áratugnum.



Setjari að störfum við vélsetningu 1920 - 1930.



Þinghóltsstræti 5



Sveinn Björnsson, fyrsti stjórnarformaður Ísafoldarprentsmiðju og síðar fyrsti forseti Íslands.



Handsetjarar að störfum 1920 - 1930.

Við höfum prentað

1877

16. júní, fyrsta eintakið af blaðinu Ísafold prentað. Björn Jónsson stofnaði Ísafoldarprentsmiðju til að prenta blaðið.

1897

Björn Jónsson pantar nýja hraðpressu frá Englandi, sem talin var mjög fullkomin á þeirra tíma mælikvarða.

1913

Ísafoldarprentsmiðja byrjar að prenta Morgunblaðið.

1919

Sveinn Björnsson varð fyrsti stjórnarformaður Ísafoldarprentsmiðju þegar henni var breytt í hlutfélag. Sveinn varð síðar fyrsti forseti Íslands.

1929

Heimskreppan skellur á og Ísafoldarprentsmiða stendur hana af sér eins og aðrar kreppur.

1939

Seinni heimsstyrjöldin stendur yfir. Ísafoldarprentsmiðja hefur byggingu húsnæðis í Þinghóltsstræti 5.

1977

Ísafoldarprentsmiðja heldur upp á 100 ára afmæli sitt. Á þessum tíma störfuðu 40 manns hjá félaginu.

2012



Þann 16. júní 1877 var prentað fyrsta eintakið af blaðinu Ísafold og markar það upphaf Ísafoldarprentsmiðju. Í dag fögnum við 135 ára afmæli og erum stolt af því að vera elsta starfandi prentsmiðja landsins og eitt elsta starfandi fyrirtæki á Íslandi. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu, er leiðandi í hagkvæmum lausnum, hefur vaxið og styrkst í kreppunni og stendur sterkari en nokkru sinni fyrr.

Gildin okkar eru: ÁREIÐANLEIKI - METNAÐUR - HAGKVÆMNI

í 135 ár



Suðurrhau 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
www.isafold.is

1994

Ísafoldarprentsmiðja flytur í Þverholt 9 og vélakostur aukinn verulega með áherslu á blaða- og tímaritaprentun. Prentsmiðja Frjálsar fjölmiðlunar, sem áður hét Hilmir, sameinast Ísafoldarprentsmiðju.

2001

Flutt í Suðurrhau 3 í Garðabæ og prentun á Fréttablaðinu hefst. Ári seinna keyptu Kristþór Gunnarsson og Kjartan Kjartansson Ísafoldarprentsmiðju og hafa rekið hana síðan.

2006

Ísafoldarprentsmiðja flytur í Suðurrhau 1 í Garðabæ. Umfangsmiklar endurbætur eru gerðar á húsnæðinu og er það í dag yfir 7.000 m².

2008

Ísafoldarprentsmiðja kaupir rekstur prentsmiðjunnar Think. Með tilkomu Think eykst vöruframboðið mikið og fór Ísafoldarprentsmiðja að bjóða stafræna prentun og mun fjölbreyttari arkaprentun.

2010

Ísafoldarprentsmiðja fær umhverfismerknið (Græna svaninn) frá Umhverfissráðuneytinu. Ísafoldarprentsmiðja verður aðili að Rammasamningi Ríkiskaupa og fær hæstu einkunn bjóðenda eða 100 stig.

2012

Samfelldur rekstur í 135 ár! Við höfum öflugan tækjakost sem uppfyllir allar kröfur um hágæða prentverk og hraða þjónustu. Dagblöð, tímarit, bækur, fjölpóstur, skrifstofupappírur, stafræn prentun, allt á einum stað. Með nýjustu tækjum og góðu starfsfólki bjóðum við hágæða prentun á metttíma.

Forsetinn og Skúli

Forsetaembættið

Finnur Torfi Stefánsson
lögfræðingur



Skúli Magnússon, dósent við Lagadeild HI, kvartar undan skrifum mínum hér í blaðið um völd forsetans og mér rennur blóðið til skyldunnar að standa betur fyrir máli mínu. Ágreiningur virðist vera milli okkar Skúla aðallega um tvennt. Í fyrsta lagi eðli starfsskyldna forseta eins og þeim er lýst í stjórnarskrá. Í öðru lagi hvað getur talist sem lögfræðilegur rökstuðningur þegar staðhæft er að forseti hafi málskotsrétt.

Um það fyrra segir Skúli, að „forseti verður ekki þvingaður til staðfestingar tillögu ráðherra“. Í þessum orðum virðist sú hugsun liggja að forseti verði ekki þvingaður með líkamlegu valdi til að sinna skyldum sínum og er það að sönnu alveg rétt. Hitt er á að líta að menn eru ekki almennt þvingaðir til að hlýða lögum með slíkum hætti heldur er vitneskja um viðurlög venjulega látin duga. Maður sem neitar að greiða skattinn sinn er ekki færður með lögregluvaldi niður á skattstofu og féð þar dregið upp úr vösum hans. Skatturinn hefur önnur úrræði sem virka mun betur.

Forsetinn er þvingaður til að gegna skyldum sínum samkvæmt stjórnarskrá, á sama hátt og almennt er, með hótunum um viðurlög. Skúli segir að gagnvart forseta sé „engum viðurlögum fyrir að fara enda er forsetinn ábyrgðarlaus“, skv. stjkskr. Hér fipast Skúli í skilgreiningunum, því að ábyrgðarleysi forseta nær aðeins til stjórnarathafna, sem eru að öllu leyti á ábyrgð og valdi ráðherra. Að öðru leyti ber hann að fullu ábyrgð á gjörðum sínum rétt eins og annað fólk. Þá er og sérstakt ákvæði í 2. mgr. 11. greinar stjkskr. þar sem því er lýst hvernig dæma má forsetann til refsingar fyrir ólöglega háttsemi. Þar er viðurlögum lýst og þar með þeirri lögbindingun sem á forseta hvílir til þess að fara eftir lögum í störfum sínum. Það er að sönnu erfiðara og viðurhlutameira að koma refsíábyrgð fram við forseta en venjulegt fólk, en heimildin er fyrir hendi.

Um síðara atriðið, málskotsrétt forsetans, leyfði ég mér að segja að talsmenn pólitíks forseta hefðu aldrei fært rök fyrir staðhæfingum sínum. Skúli hefur nú bætt úr þessu. Hann

segir skoðun sína eiga „skýra stöð í aðdraganda að setningu stjórnarskrárinnar, umræðum á Alþingi svo og skýringum við ákvæðið sjálft í greinargerð“. Í lögfræði er mikið lagt upp úr því að skoða og skilja réttarheimildir og vega og meta gildi þeirra, sem er mjög misjafnt. Æðst réttarheimilda er stjórnarskráin sjálf og verður allt annað að lúta henni. Því næst koma sett lög, dómur Hæstaréttar og má svo lengi telja. Greinargerðir með lagafrumvörpum geta talist veita skýringu á hugmyndum þess sem samdi greinargerðina og þeirra sem hann starfaði fyrir, en raunar ekkert um hugsanir þeirra sem á endanum samþykktu frumvarpið. Umræður á Alþingi festast lítt í hendi, því ekki aðeins segja menn eitt nú og annað á eftir, heldur kunna þeir einnig að greiða atkvæði þvert gegn ræðum sínum. Aðdragandi að setningu stjórnarskrár hefur, eftir því sem ég best veit, ekki talist réttarheimild hingað til. Ef átt er við fjölmiðlaumræðu hefur hún að lögum ekkert gildi. Réttarheimildir Skúla eru því heldur léttvægar og aldeilis fráleitt að þær víki til hliðar skýrum ákvæðum stjórnarskrárinnar sjálfar.

„Ef menn eru ekki sammála um hver lögin séu á að láta dómstóla skera úr. Allt annað er frumstætt.“

Þrátt fyrir skoðanaágreiningu okkar Skúla kemur mér ekki til hugar að hann láti stjórnast af „vanþekkingu eða óskammfeilni“ svo vitnað sé til orða hans sjálfs. Ég leiði ekki hugann að því af hverju Skúli lætur stjórnast. Hitt veit ég að þær hugmyndir hafa lengi verið uppi, að lögin ættu að vera þannig að leið væri til þess að bera lög frá Alþingi undir atkvæði kjósenda. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það gæti verið til bóta, þótt mér sýnist ótækt að forseti hafi slík völd. Þar eru önnur og betri úrræði tiltæk. Leiðin sem fara á í þessu máli er að breyta stjórnarskránni með löglegum hætti. Meðan lögin eru eins og þau eru ber að fara eftir þeim. Ef menn eru ekki sammála um hver lögin séu á að láta dómstóla skera úr. Allt annað er frumstætt.

Svör vegna spurninga um Fasteign (EFF)

Fjármál

Árni Sigfússon
bæjarstjóri



Guðbrandur Einarsson, fyrrverandi oddviti Samfylkingarinnar í Reykjaneshæ, lagði fram spurningar í Fréttablaðinu 14. júní sl. um þær breytingar sem verið er að gera á Eignarhaldsfélaginu Fasteign (EFF). Spurningarnar eru í 14 liðum og er mér ljúft og skylt að svara þeim. Spurningar og svör við þeim birtust áður í Víkurfréttum, og fást á vf.is, en þar sem sömu spurningarnar koma einnig fram í Fréttablaðinu, óskaði ég eftir að svörin gerðu það einnig. Ég vil að svörin séu ítarleg en slík svör taka of mikið pláss að mati Fréttablaðsins. Því eru svörin 14 lögð fram í heild sinni á Vísir.is en hér skal aðeins greint frá eftirfarandi:

Minnt er á að í lok árs 2002 samþykkti bæjarstjórn með 10 atkvæðum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar að færa fasteignir sínar að mestu í EFF. Það þýddi að Reykjaneshæ fékk greitt fyrir eignirnar, greiddi þá leigu af þeim og fékk EFF jafnframt til að byggja, eiga og reka nýjar eignir sem sveitarfélagið lét byggja. Reykjaneshæ greiðir svo leigu fyrir not af þeim. Nokkrum árum eftir að þessi ákvörðun um að ganga í EFF var samþykkt dró Samfylkingin stuðning sinn til baka en eftir stóðu að sjálfsögðu skuldbindandi samningar sveitarfélagsins til 25-30 ára.

Mikið hefur verið rætt og ritað um gildi þess að láta stærra félag byggja, eiga og reka sérhæfðar eignir og hefur sýnst sitt hverjum. Til að fá úr því skorið hvort þetta fyrirkomulag hefði reynst okkur hagstætt var árið 2010 sameiginlega samþykkt í bæjar-

stjórn af sjálfstæðismönnum, Samfylkingu og Framsóknarflokki að vinna saman að úttekt á vegum hlutlausra aðila á kostum þess og göllum að vera með eignir okkar í félaginu. Niðurstaðan liggur frammi í ítarlegri skýrslu. Hún sýndi að það hafði reynst verulega hagstætt að vera með eignir okkar í félaginu, jafnvel þrátt fyrir efnahagshrunið og hátt gengi evrunnar. Þó var sett sú spurning fram í skýrslunni hvort það yrði þannig áfram ef þróun evrunnar yrði neikvæð.

Hver var þá vandi EFF? Við efnahagshrunið hrundu bankarnir og félög þeim tengd tóku yfir eignarhluti í EFF. Þá reyndist Álfanesi, sem einum eignaraðila, um megn að standa í skil-

sumar þar sem kjörnir fulltrúar, embættismenn og fleiri mættu en þar var farið vel yfir málið. Haldnir hafa verið tveir hluthafafundir í félaginu og kynningarfundir um breytingar þar sem hér eru til umræðu. Góð mæting var á þessa fundi, og mættu fulltrúar flestra flokka Reykjaneshæjar á þessa fundi, en fulltrúi Samfylkingar var á kynningarfundum. Því hafa allar upplýsingar legið fyrir enda verið að vinna að málinu í þágu hluthafa og leigutaka félagsins. Ljóst er að markmið náðust og í raun var niðurstaðan mun hagfelldari en upphafleg markmið gerðu ráð fyrir.

Ljóst er að ytri aðstæður hafa verið óhagfelldar í rekstri nán-

„En þessi erfiða og breytta staða varð til þess að við, forsvarsmenn sveitarfélaganna í EFF, óskuðum eftir endurskoðun samninga okkar allra við EFF og bankana.“

um. Háskólinn í Reykjavík, sem stærsti eignaraðilinn, gat heldur ekki staðið í skilum, en Íslandsbanki tók að sér að halda utan um lán að baki HR eignum, svo ekki kom til að EFF lenti í greiðslubroti vegna vanefna HR. Þótt Álfanes stæði ekki í skilum var EFF samt mögulegt að standa í skilum. En þessi erfiða og breytta staða varð til þess að við, forsvarsmenn sveitarfélaganna í EFF, óskuðum eftir endurskoðun samninga okkar allra við EFF og bankana. Á það var fallist og hefur sú vinna nú staðið yfir vel á annað ár og er að ljúka með hagstæðum samningum okkar sveitarfélaganna við EFF og lána- stofnanir.

Mál þetta hefur verið vel kynnt. M.a. var kynningarfundur haldinn í Reykjaneshæ síðasta

ast allra félaga, og það er ljóst að flest fasteignafélög eru nú í eigu kröfuhafa þeirra. Því má það teljast mikill áfangi að ná að endurskipuleggja rekstur félagsins í samvinnu við kröfuhafa á þann hátt sem nú liggur fyrir. Miðað við niðurstöðuna þá er ekki verið að auka á skuldir sveitarfélagsins, heldur þvert á móti verið að lækka þær. Einnig er verið að lækka greiðslur til framtíðar. Kjör eru hagstæð miðað við þau kjör sem sambærilegir aðilar hafa samið um að undanförunu. Stjórn félagsins hefur því sýnt mikla ábyrgð í því að leiða málið til lykta með þessum hætti, enda lá fyrir að vegna þeirra breytinga sem orðið hafa þá hefði niðurstaðan getað orðið mun verri.

Sjá ítarleg svör við spurningum á vísir.is.

Forsetinn og „stefnan“

Forsetaembættið

Porsteinn Vilhjálmsson
fv. prófessor og
ritstjóri Vísindavefsins



Getur forseti Íslands haft „stefnu“ í utanríkismálum? Stefnu sem gæti staðið undir nafni og komið fram í verki? Svar mitt er nei. Það getur hann ekki frekar en stýrimaður á skipi getur haft „stefnu“ ef skipstjóri er á skipinu og því er stjórnað með eðlilegum og hefðbundnum hætti. Bæði forseti og stýrimaður geta hins vegar haft skoðun á málum, átt frumkvæði og sett fram hugmyndir, og sannarlega getur verið æskilegt að þeir geri það. Þegar hugmyndir þeirra hljóta hljómgrunn og verða jafnvel hluti af ríkjandi stefnu er þeim auðvitað frjálst að gleðjast en ekki endilega að eigna sér stefnuna eða framkvæmd hennar.

Ýmsar ástæður liggja til þess að forseti Íslands getur ekki haft sjálfstæða stefnu í utanríkismálum. Þyngst á metunum er það að utanríkismál þjóðarinnar eru á valdsviði og verksviði ríkisstjórnar á hverjum tíma og þannig vilja flestir væntanlega hafa það þegar til lengdar lætur, hvað sem líður væringum stundarinnar. Stjórnmalaflokkarnir hafa skráða og yfirlýsta stefnu í utanríkismálum og við höfum hana meðal annars í huga þegar við setjum krossinn

í þingkosningum. Þannig hefur ríkisstjórn umboð kjósenda til að fara með utanríkismál, en forseti hefur ekki slíkt umboð.

Auk þess hefur ríkisstjórnin á sínum vegum starfskrafta og aðstöðu til að framfylgja mótþæmi stefnu í utanríkismálum. Það er mikilvæg forsenda því að sannkölluð „stefna“ er ekki bara orð á blaði heldur þarf líka að fylgja þeim vilji og geta til að framfylgja stefnunni. Forseti Íslands hefur ekki aðstöðu til þess og getur því ekki sjálfur framfylgt í okkar nafni hugsan-

ekki skapi.

Núverandi forseti Íslands hefur lýst áhuga á því að hafa sjálfstæða stefnu í utanríkismálum. Meðal annars hefur hann allt aðrar hugmyndir um samskipti og vináttu Íslands við önnur ríki en áður hafa tíðkast. Áhugi hans á viðskiptum við Kína og Rússland hefur þannig vakið sérstaka athygli en þar virðist sem hann vilji róa í allt aðra átt en þorri landsmanna sem hefur skömm á mannréttindabrotum stjórnvalda í þessum löndum.

„Forseti sem vill með þessum hætti geta sagt að hann hafi sjálfstæða stefnu mun fyrir eða síðar reka sig á að það sem hann sóttist eftir verður að engu í meðförunum, svipað og þegar mýsnar tvær fengu köttinn til að skipta ostinum fyrir sig.“

legri stefnu sem hann kann að telja sig hafa.

Allir vita hvernig fer fyrir báti með tveimur ræðurum þar sem annar rær áfram en hinn afturábak; báturinn hefur þá enga stefnu og fer jafnvel villur vegna. Eins mundi fara fyrir skipi ef skipstjóri og stýrimaður væru á öndverðum meidi um stefnu skipsins og réðu jafnmiklu. Skipið hefði enga stefnu, hegðun þess yrði til athlægis og eins gott að veðurguðir skipti

Forseti sem vill með þessum hætti geta sagt að hann hafi sjálfstæða stefnu mun fyrir eða síðar reka sig á að það sem hann sóttist eftir verður að engu í meðförunum, svipað og þegar mýsnar tvær fengu köttinn til að skipta ostinum fyrir sig. – Forsetinn, ríkisstjórnin og þjóðin sitja þá að lokum uppi með enga stefnu. Ef Ísland á sér óvildarmann mun sá þúki fitna drjúgum á fjósbitanum af þessu brótti öllu.

Upplýsingafundur 19. júní

Breyting á ávöxtunarleið

Almenni lífeyrissjóðurinn efnir til fundar fyrir sjóðfélaga um ávöxtun séreignarsparnaðar.

- Hvernig eiga sjóðfélagar að ávaxta inneign sína og iðgjöld?
- Hvaða ávöxtunarleiðir eru í boði? Hver hefur ávöxtunin verið?

Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 19. júní kl. 12.00 á skrifstofu sjóðsins í Borgartúni 25.

Vinsamlega skráið þátttöku á www.almenni.is.

KOMDU
OG SKOÐAÐU
NÝJUSTU
FERÐATÆKIN

GLÆSILEGT
ÚRVAL!

HYMER

ADRIA

ALINER

Camp-let

FERÐASUMARIÐ BYRJAR Í ELLINGSEN

Ferðatækin frá Ellingsen eru þaulreynd við íslenskar aðstæður og ánægðir viðskiptavinir okkar eru til vitnis um ágæti þeirra. Ferðalög sumarsins hefjast í Ellingsen.



HYMER NOVA 540 HJÓLHÝSI

VERÐ **5.490.000** KR.

Hjá okkur er mikið úrval af útilegubúnaði, borðum, stólum og fleira.



HYMER



SOMERSET EVOLUTION E2 FELLHÝSI

VERÐ **3.490.000** KR.



ADRIA ASTELLA 563 PT

VERÐ **4.790.000** KR.



ADRIA



CAMP-LET CLASSIC TJALDVAGN

VERÐ **1.490.000** KR.

Camp-let



ALINER EXPEDITION A-HÝSI

VERÐ **3.490.000** KR.

ALINER

ÖLL A-HÝSIN ERU
GALVANÍSERUÐ!



Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Brautryðjendur í tölvuleikjagerð

Milljónum tölvuleikjaunnenda um allan heim verður á næstu mánuðum gefinn kostur á að hala niður glænýjum tölvuleik CCP að nafni DUST 514. Leikurinn er að mörgu leyti einstakur en hann er beintengdur EVE-online tölvuleiknum sem CCP hefur haldið úti síðastliðin níu ár. **Magnús Þorlákur Lúðvíksson** ræddi við **Hilmar Veigar Pétursson**, framkvæmdastjóra CCP, um nýja leikinn og áskoranirnar fram undan.

Spennandi tímar eru fram undan hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP sem mun síðar á þessu ári gefa út leikinn DUST 514, annan fullgerðan tölvuleik fyrirtækisins. Síðustu níu ár hefur CCP haldið úti netleiknum EVE Online sem hefur vaxið ár frá ári frá útgáfu og urðu áskrifendur að leiknum á miðlurum CCP í London og Sjanghæ nýverið 400 þúsund í fyrsta skipti. Fréttablaðið ræddi við Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóra CCP, um útgáfu nýja leiksins og framtíð fyrirtækisins.

Nýr leikur, sá annar sem fyrirtækið gefur út, DUST 514 kemur út síðar á þessu ári. Segja má að leikurinn sé að mörgu leyti einstakur og því óvissa um viðtökurnar við honum. Hvernig leggst þetta allt saman í ykkur?

„Þetta er auðvitað mjög spennandi allt saman og það er einmitt rétt að leikurinn er að mörgu leyti einstakur. Við höfum því reynt eftir fremsta megni að kynna leikinn mjög vel og fá við honum viðbrögð fyrir útgáfu. Við kynntum því leikinn núna í byrjun júní á E3-leikjasýningunni í Bandaríkjunum sem er sú stærsta í okkar geira og svo kynntum við hann fyrir EVE-spilurum á aðdáendahátíð leiksins í Reykjavík í mars. Þar að auki höfum við haft leikinn í prufuspilun í hálf tveim ári á Playstation-netinu. Þau viðbrögð sem við höfum fengið við prufuspiluninni og okkar kynningum hafa síðan í raun verið alveg ótrúlega góð og erum við himinlifandi yfir viðtökunum. Núna í lok júní verður útgáfan sem við vorum með á E3 gefin út til prufuspilara og verður sá hópur stækkaður mjög á sama tíma. Og það verður vitaskuld gríðarlega spennandi að sjá hvort viðbrögð þessa hóps verði ekki jafn jákvæð og önnur viðbrögð sem við höfum fengið á þá útgáfu.“

CCP er bara þannig fyrirtæki að við munum láta þennan leik virka.

CCP er bara þannig fyrirtæki að við munum láta þennan leik virka.

CCP hefur unnið að gerð DUST 514 í fjögur ár og kostað miklu til. Hvað leggur fyrirtækið mikið undir vegna hans?

„Við kannski horfum ekki svo á að við séum að leggja fjármuni undir og svo komi í ljós hvort við unnum eða ekki. Ef við skoðum til dæmis EVE þá tók tíma fyrir hann að ná markaðshylli og voru upphaflegar viðtökur ekki eins góðar og við höfðum gert okkur vonir um. Á móti hefur hann hins vegar vaxið miklu meira en okkur villtustu draumar sögðu til um. Við bjuggumst í mesta lagi við 150 þúsund spilurum sem myndi byrja að fækka eftir þrjú ár en nú eru um

400 þúsund manns að spila leikinn sem er enn að vaxa eftir nú á. Að því sögðu höfum við vissulega talsverðar væntingar til Dust en ef upphaflegu viðtökurnar verða ekki eins og við áttum von á, þá munum við einfaldlega halda áfram að þróa leikinn, finna hvað er að og laga það, rétt eins og við gerðum með EVE. CCP er bara þannig fyrirtæki að við munum láta þennan leik virka.“

Ævintýrið um EVE rétt að byrja

Flaggskip CCP síðustu níu ár hefur verið EVE Online. Ólíkt flestum öðrum tölvuleikjum er sífellt verið að endurnýja og bæta við leikinn sem er fyrir vikið enn að vaxa. Ný uppfærsla var gefin út í maí og þá mun leikurinn vafalítið njóta tengingarinnar við DUST 514. Hve lengi áfram getur EVE vaxið, er leikurinn einfaldlega mjólkurkúr fyrir fyrirtækið sem er komin til að vera?

„Í fyrst lagi myndi ég aldrei kalla EVE mjólkurkú. Við hugsum ekki um leikinn þannig. Hvað

varðar það að leikurinn sé kominn til að vera, þá er EVE svolítið eins og Facebook og spurningin er því kannski: er Facebook komið til að vera? Okkur finnst ólíklegt að fólk muni einfaldlega afvina alla vini sína og hætta að nota Facebook. Galdurinn við EVE er að fólk spilar hann út af hinu fólkinu sem er í leiknum og því fleiri sem spila hann, því skemmtilegra er að vera með. Þannig að jafnvel þótt sumum spilurum í EVE finnst leikurinn ekki lengur eins skemmtilegur og í upphafi þá finnst þeim samt áfram

skemmtilegt að taka þátt í þessum heimi með vinum sínum. Sökum þessa er leikurinn orðinn miklu skemmtilegri núna þegar 400 þúsund manns eru að spila en þegar aðeins 50 þúsund voru að því. Fyrir marga er þetta líkara því að hitta vinina eitt kvöld í viku til að spila bridds eða póker saman. Þannig að við bindum vonir við að ævintýrið um EVE-heiminn sé rétt að byrja.“

Síðasta sumar vakti nokkra athygli þegar hópur áskrifenda að leiknum hætti að spila í mótmælaskyni við ákveðnar hugmyndir fyrirtækisins. Seinna baðst fyrirtækið afsökunar á málinu og áskrifendur fóru fljótlega að fjölga aftur. Er enn einhver óánægja meðal spilara EVE eða er þetta mál gleymt og grafið?

„Þetta mál snerist eiginlega um það að við gáfum út nýja útgáfu af leiknum sem var einfaldlega ekki nægilega góð og spilarar höfðu búist við meiru af okkur. Við brugðumst þá einfaldlega við með því að gera breytingar



HILMAR VEIGAR PÉTURSSON Hilmar Veigar er menntaður tölvunarfræðingur sem hefur starfað fyrir CCP frá árinu 2000 og þar af sem framkvæmdastjóri frá árinu 2004.

og bæta okkur og þegar fólk sá það unnum við aftur traust spilaranna. Eins og þú segir skrifaði ég bréf til fylgismanna EVE og við sýndum svo í kjölfarið í verki að við meintum það sem við höfðum sagt. Þetta mál sýnir að spilarar EVE vænta mjög mikils af okkur og í hvert skipti sem við stöndum ekki undir þeim væntingum láta þeir í sér heyra. Ef ég hef einhver ráð til allra annarra sem eru að reka hagkerfi þá er það að hlusta á fólk í hagkerfinu, viska fjöldans er mikil.“

CCP mun á næstunni taka allt að 2,5 milljarða króna skuldbréflán til fimm ára. Þá munu kaupendur hafa valrétt um að breyta láninu í hlutafé og þannig verður íslenskum fjárfestum gefinn kostur á að eignast hluti í fyrirtækinu. Af hverju gefur fyrirtækið út þetta skuldbréf?

„Við erum búin að vera að þróa Dust í fjögur ár og nú er komið að því að setja hann á markað. Þá er mjög gott að geta fylgt honum úr hlöð af styrk og með öflugri markaðssetningu, öflugum vélbúnaði og svo framvegis. Við

höfum fjármagnað þróun Dust að mestu með fjárflæði frá EVE og höfum sterka lausafjárstöðu en þessir fjármunir munu gera okkur kleift að standa að útgáfu leiksins af meiri krafti en ella.“

Fjárhagsstaðan mjög traust

Í haust greip CCP til hagræðingaraðgerða í rekstri sínum og var meðal annars fimmtungi starfsfólks sagt upp. CCP hefur síðustu misseri verið að þróa tvo nýja tölvuleiki sem mikið er lagt í. Hefur fyrirtækið verið að spenna bogann of hátt og hvernig er fjárhagsstaða þess?

„Ástæðan fyrir því að uppfærslan á EVE síðasta sumar stóð ekki undir væntingum var kannski sú að fyrirtækið hafði vaxið mjög hratt en geta okkar til að framleiða góða hluti fyrir okkar viðskiptavinum hafði ekki haldið í við þann vöxt. Við vorum að gera marga hluti á sama tíma og þurftum að grípa til aðgerða. Við hægðum á þróun þriðja leiksins okkar, World of Darkness, og þar sem útgáfa Dust var á næsta leiti vildum við skerpa á áherslunni á þá útgáfu

ásamt því að halda hinum hefðbundnu hliðum af EVE á góðu róli. Við gripum því til þessara hagræðingaraðgerða, endurskipulögðum framleiðsluferli og skerptum á okkar áherslum. Þessar aðgerðir hafa svo skilað okkur í sterkari stöðu til að koma Dust á markað. Ég ætla ekki að draga úr því að þetta var erfitt en við þurftum að gera þetta. Hvað varðar fjárhagsstöðu fyrirtækisins er hún mjög traust, hvort sem litið er til framlegðar eða lausafjárstöðu.“

Hver er staðan á þriðja tölvuleiknum sem CCP hefur unnið að; World of Darkness?

„Vinna við hann stendur enn yfir af nokkrum krafti í Atlantía Bandaríkjunum. Það eru ekki eins margir að vinna að honum og þegar mest var en það eru samt sem áður um sjötíu manns sem eru nokkuð gott. Hvað varðar útgáfutíma gefum við ekkert út um það.“

Gangi allt upp hjá fyrirtækinu á næstunni verður það innan fárra ára með þrjú leiki í rekstri í stað eins nú. Hver er framtíðarsýn fyrirtækisins til lengri tíma en það? Fleiri leikir, fleiri nýjungar?

„Næsta skrefið á eftir útgáfu og eftirfylgni við Dust er að gefa út World of Darkness. Ég get líka greint frá því að við ætlum að gefa EVE aftur út á Kínmarkaði á þessu ári í samstarfi við mjög öflugan kínverskan samstarfsaðila. Við gáfum EVE upphaflega út í Kína árið 2006 en þurftum að loka leiknum nú í janúar til að færa hann til öflugri samstarfsaðila. Þá erum við að líta til tækifæra í tengslum við farsíma og spjaldtölvur. Við viljum að spilarar geti tengst EVE og Dust í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur og fleiri slík tæki og gert hina og þessa hluti í leikjunum. Síðan höfum við hug á að skrá fyrirtækið á alþjóðlegan hlutabréfamarkað á næstu árum. Þannig að það er nóg fram undan og þar að auki gnótt af öðrum hugmyndum um framtíðina sem of snemmt er að tala um.“

DUST 514 AÐ MÖRGU LEYTI EINSTAKUR TÖLVULEIKUR

DUST 514 er svokallaður fjölspilunar-skotleikur sem er spilaður á Playstation 3 leikjatólvum frá Sony. Í leiknum berjast spilarar um landsvæði, auðlindir og áhrif og nota til þess herkænsku og áræðni. Leikurinn gerist á plánetum í sama sýndarheimi og EVE-online og er beintengdur honum þó EVE sé leikinn á PC-tölvum. Dust verður fánlegur án endurgjalds í gegnum netið og verður sá fyrsti sinnar tegundar til að styðjast við viðskiptalíkan sem hefur verið kallað „Free to play“. Leikurinn sjálfur er þá fánlegur án greiðslu en tekna er aflað með sölu á varningi og ýmsum viðbótum.

Spilarar í EVE munu, þegar fram líða stundir, gera samninga við spilara í Dust um að berjast fyrir sig um ákveðin landsvæði á plánetum í EVE-heiminum. Takist þeim að sigra hóp annarra spilara eignast EVE-leikmaðurinn viðkomandi plánetu og Dust-leikmennirnir fá ýmislegt fyrir sinn snúð. Þannig geta spilarar annars leiksins haft áhrif á framvindu mála í báðum leikjunum. Aldrei áður hafa tveir ólíkir tölvu-



leikir verið tengdir með þessum hætti og hefur því mikið umtal skapast um leikinn víða um heim.

Hilmar Veigar segir að EVE sé þekktur fyrir að vera flókinn tölvuleikur sem höfði til margra en þó ekki allra. Þannig viti CCP til þess að mjög margir áhugamenn um tölvuleiki hrifist af EVE-heiminum en finnst leikurinn EVE Online ekki leikur í þeim stíl sem þeir eru að leita eftir. Með tilkomu DUST 514 verður þessu fólki hins vegar gefið tækifæri til þess að taka þátt í og kynna EVE-heiminum á mun aðgengilegri hátt, með því að spila skotleik á Playstation tölvunni sinni.

CCP hefur undanfarið kynnt Dust af krafti, meðal annars á E3-leikjaraðstefnunni sem er sú stærsta í þessum geira. Er óhætt að segja að leikurinn hafi vakið mikla lukku á ráðstefnunni og var hann meðal annars valinn einn af bestu leikjum ráðstefnunnar af leikjavefsíðunni þekktu IGN. Þá valdi PlayStation Official Magazine leikinn einn af tíu efnilegustu og gróðavænlegustu leikjum ráðstefnunnar.

SUMARLEIKUR ATLANTSOLÍU

NOTAÐU ATLANTSOLÍULYKILINN
OG ÞÚ GETUR FENGIÐ ÁFYLLINGUNA

ÓKEYPIS.

ÞAD ER NÚ ALDEILIS EKKI BRÁÐÓNÝTT
Á HVERJUM DEGI TIL 6. ÁGÚST Í SUMAR FÆR
EINN DÆLULYKILSHAFI ÁFYLLINGUNA ENDURGREIDDA.

LENGI LIFI
SAMKEPPNI



SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsólía var stofnuð til að veita stóru olíufélögnum samkeppni.
Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið
keppinautunum við efnið síðan.

Atlantsólía | Lönsbraut 2 | 220 Hafnarfjörður | Sími 591-3100

Dælulýkill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



Goðsögnin lifir

Chevrolet Malibu er

„Með Malibu höfum við hannað farartæki sem stendur fyrir kjarnanum í bandarískri akstursupplifun: Rúmgóðan bíl, sem einkennist af kraftalegum línunum og skartar lúxusinnréttingu í hæsta gæðaflokki.“

Ed Welburn,
aðstoðarforstjóri alþjóðlegrar hönnunar hjá Chevrolet



Einstök akstursupplifun

Chevrolet Malibu hefur verið aðlagður fyrir akstur í Evrópu og er nú loksins kominn aftur á markað með hæstu einkunn í evrópskum öryggisprófunum í farteskinu. Í Malibu stendur þér til boða lúxusgæði, ríkulegur staðalbúnaður og einstök þægindi á afar hagstæðu verði.



Chevrolet Malibu LTZ 2,4 bensín, leður, sóllúga - fullbúinn | Verð: 5.290 þús.



CHEVROLET

kominn aftur

Frumsýning
í dag frá
kl. 12-16



Komdu í dag og skoðaðu nýjasta meðlim Chevrolet fjölskyldunnar



SPARK



VOLT



CRUZE



ORLANDO



CAPTIVA



AVEO

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna • Tangarhöfða 8 • 590 2000
Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330

Bílaríki • Glerárgötu 36
Akureyri • 461 3636

Nánari upplýsingar á
www.benni.is





GNÆFIR YFIR BÆNUM Kirkjufell er af mörgum talið fallegasta fjall landsins. Það gnæfir einsamt yfir Grundarfirði, 463 metra hátt og tignarlegt. Fjallið er ágætlega kleift góðu göngufólki en það er bratt og dæmi eru um að fjallagarpar hafi hrapað þar til bana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



KOMIÐ TIL HAFNAR Báturinn Brimsvala sigldi inn í höfnina á Arnarstapa með afla dagsins.




DRYMBUR Brimsorfið grjótið í fjörunni í Keflavík við Hellissand á vestanverðu Snæfellsnesi er friðað.



RÍSA ÚR JÖRÐU Lóndrangar sunnan jökulsins eru leifar gígfullingar með blöndu af gjalli og blágrýtisgöngum. Þeir rísa við hraunbrúnina og þá má sjá úr töluverðri fjarlægð.

Landið upp á sitt besta

Snæfellsnes er fallett og skartar náttúruperlum hvarvetna. *Stefán Karlsson* ljósmyndari fór um nesið og upplifði ævintýrlega náttúru Íslands.



SNÆFELLSJÖKULL Jökullinn ber við himin hvar sem maður er vestast á Nesinu. Miðþúfa er á vetrum hulin snjó en ísinn bráðnar af klettunum á sumrin.



Das Auto.



ŠKODA



Audi



HEKLA á leið um landið

HEKLA er á leið um landið og verður með bílasýningar dagana **18. til 24. júní** nk. Þar getur þú kynnt þér hið fjölbreytta úrval bifreiða sem HEKLA hefur í boði. Má þar nefna, meðal annars, Volkswagen Tiguan jeplinginn, Skoda Octavia sem var mest seldi bíll landsins á síðasta ári og nýjan Mitsubishi Pajero sem fæst nú á hagstæðu verði. Einnig verða á staðnum fjölmargar aðrar tegundir sem þér býðst að reynsluaka.



Mánudagur 18. júní:

Patreksfjörður	frá kl. 12-13	Bílaverkstæðið Stormur
Tálknafjörður	frá kl. 13.30-14	N1
Bíldudalur	frá kl. 14.30-15.30	Vegamót
Þingeyri	frá kl. 17-18	N1
Flateyri	frá kl. 18.30-19.30	N1

Þriðjudagur 19. júní:

Bolungarvík	frá kl. 10-11	Olís
Ísafjörður	frá kl. 11.30-13.30	Hekla söluumboð Ísafirði
Hólmavík	frá kl. 16-17	N1

Miðvikudagur 20. júní:

Hvammstangi	frá kl. 10-10.30	Við Kaupfélagið
Blönduós	frá kl. 12-12.30	N1
Skagaströnd	frá kl. 13.30-14	Olís
Sauðárkrókur	frá kl. 15-17	N1
Hofsós	frá kl. 17.30-18	Við Kaupfélagið
Siglufjörður	frá kl. 19-20	Torgið

Fimmtudagur 21. júní:

Ólafsfjörður	frá kl. 10-11	Olís
Dalvík	frá kl. 11.30-12.30	N1
Húsavík	frá kl. 15-16.30	N1
Kópasker	frá kl. 18-18.30	N1
Raufarhöfn	frá kl. 19.30-20	N1

Föstudagur 22. júní:

Þórshöfn	frá kl. 10-11	N1
Vopnafjörður	frá kl. 12-13	Kaupún
Egilsstaðir	frá kl. 16-17.30	N1
Seyðisfjörður	frá kl. 18.30-19.30	Við Herðubreið

Laugardagur 23. júní:

Neskaupstaður	frá kl. 10-11.30	Olís
Eskifjörður	frá kl. 12.30-13.30	Samkaup
Reyðarfjörður	frá kl. 14-15	Olís
Fáskrúðsfjörður	frá kl. 15.30-16	Kaffi Sumarlína
Stöðvarfjörður	frá kl. 16.30-17	Salthússmarkaðurinn
Breiðdalsvík	frá kl. 17.30-18.30	Hótel Bláfell

Sunnudagur 24. júní:

Djúpivogur	frá kl. 10-10.30	Samkaupsplan
Höfn í Hornafirði	frá kl. 12-13	Olís
Kirkjubæjarklaustur	frá kl. 16-16.30	Hjá Skaftárskála
Vík	frá kl. 17.30-18	Hjá Víkurskála
Hvolsvöllur	frá kl. 18.30-19.30	Hlíðarendi
Hella	frá kl. 20-20.30	Olís

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Tónlistin til að trimma við

Misjafnt er hvað fær fólk til að hreyfa á sér skankana á hlaupum. Sumir þurfa rapp eða hipphopp á meðan ekkert nema þungarokk dugir fyrir aðra. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* fékk nokkra forfallna hlaupagikki til að deila sínum **uppáhaldshlaupalögum**.

Takturinn skiptur mestu máli



„Mér finnst erfitt að velja þar sem ég er með svo mörg lög á hlaupalistanum. Annars hlusta ég mjög oft á hljóðbækur þegar ég er að hlaupa. Stundum nær maður að gleyma sér í því. Stundum hlusta ég ekki á neitt, sérstaklega ef ég er að hlaupa með öðrum. Þegar ég hlusta á lög set ég yfirleitt á „shuffle“ og skipti í næsta lag ef ég er ekki í stuði fyrir það sem kemur upp. Ég á mörg góð lög til að hlaupa við. Þau þurfa ekki endilega að vera alveg brjálæðislega hress en það er mikilvægt að það sé taktur sem maður fílar ef maður er á annað borð að hlusta á tónlist á hlaupum.“

Vera Sölvadóttir kvikmyndagerðarmaður

6 „Fer oft helvíti djúpt í 80's músíkina sem endar oft en ekki í hommalegum lagalistum, sem hlýtur nú að vera í lagi í niðþröngum hlaupabuxum.“

7 „Gott rokk gerir gæfumun á malbikinu.“

8 „Það er enginn alvöru sprettur tekinn nema með smá jungle – eða það sem krakkarnir kalla í dag drum & bass. Þetta lag fer alltaf á þegar á þarf að halda. Gott með svitanum.“



9 „Þegar í harðbakkann slær, og liðið er á hlaupið, er algerlega nauðsynlegt að stíga engin feilsþor í lagavalinu. Þetta gengur alltaf upp og kemur manni yfir alla þröskulda sem mæta manni.“

10 „Vinkona mín Kylie ýtir mér síðasta spölinn. Þetta er lag sem ég hef haldið við í nokkur ár, leifar af „fara í gymmið“ lagalistanum - löðrandi teknó-útgáfa að hætti Fischerspooner.“

Hleypur við dansvæna sálartónlist



„Lögin sem ég hlusta á þegar ég er að hlaupa eiga það sameiginlegt að vera dansvæn og soul-inspireruð. Þetta eru nánast sömu lögin og mig langar að dilla mér við á dansgólfinu – sem sagt kveikja í mér þörfina að hreyfa mig. Ég skipti nánast aldrei út lögum heldur bæti bara við listann með nýjum lögum, sum hver ný af nálinni en önnur þeim mun eldri. Tónlistin er bara ómissandi þáttur af hlaupinu. Án hennar kæmi ég mér ekki af stað.“

Karitas Kjartansdóttir, ráðstefnustjóri í Hörpu

16 „Það er stórhættulegt að hlusta á svona innblásið hetjurokk þegar maður er að hlaupa. Maður fer strax í svona „já, ég get þetta!“-filing og fer að hlaupa mun hraðar en maður ræður við.“

17 „Það er eitthvað við dramatískt rennslið á þessari stórkostlegu plötu sem fer vel með langhlaupi.“

18 „Nýja Sigur Rósar platan styður vel við mann og gefur manni kraft. Hrein fegurð gerir það venjulega.“

19 „Ég var að hlaupa á Vestfjörðum í ótrúlegri náttúru með þessa plötu í gangi. Áhrifin voru mögnuð.“

20 „Þegar ég var að hlaupa Mývatnsmarabonið, og orðinn nokkuð vondafur, brast á með þessu guðdómlega lagi. Á þeirri stundu vissi ég að þetta myndi blessast.“



30 LÖG TIL AÐ HLAUÐA VIÐ

1. Lykke Li **I Follow Rivers**
2. Grace Jones **Williams' Blood (Aeroplane remix)**
3. Apparat **Arcadia**
4. Memory Tapes **Wait in the Dark**
5. RJD2 **Ghostwriter**

6. Hercules & Love Affair **You Belong**

7. Sudden Weather Change **The Whaler**

8. The Streets **Has it Come to This (High Contrast)**

9. Sebastian Tellier **Kilometer (Aeroplane Italo 84 remix)**

10. Kylie Minogue **Come into My World (Fischerspooner remix)**

11. Boney M **Sunny**

12. Billy Paul **Your song**

13. MJB **Da MVP Mary J. Blige**

14. Angie Stone **Wish I didn't miss you**

15. Aaliyah **Back and forth (LP-version)**

16. U2 **New Years Day**

17. Sólstafrir **Svartir sandar (öll platan)**

18. Sigur Rós **Varúð**

19. Van Morrison **Hvað sem er af Irish Heartbeat sem hann gerði með Chieftains**

20. Talk Talk **The Rainbow**

21. Tupac Shakur **Changes**

22. Rihanna ft. Eminem **I love the way you lie**

23. NWA **Straight outta Compton**

24. Ludacris **Get back**

25. Loreen **Euphoria**

26. Retro Stefson **Qween**

27. Sykur **Curling**

28. Lykke Li **I follow Rivers (The Magician remix)**

29. Jay Z & Kanye West feat. Frank Ocean **No Church in the Wild**

30. Mínus **Long Face**

1 „Þetta lag er svo „catchy“ að ég fæ það á heilann lengi á eftir. Það er svo góður taktur í því, síðan koma pásur í lagið og maður getur ekki beðið eftir að það byrji aftur. Það er ávísun á gott lag.“

2 „Þetta er gott remix á annars flottu lagi. Grace er svo töff að það þarf ekki að segja meira.“

3 „Lagið fær mann til að dreyma. Það er gott að hlusta á það við sjónin, í víðáttu eða bara inn í sólina.“

4 „Þetta er bara stuð.“

5 „Þetta er svo hrikalega svalt og takturinn er spes.“



Lykillinn að baki fleiri kílómetrum



„Ég eyði ómældum tíma í að raða inn á spila-stokkinn rétta stöffinu, enda löngu búin að læra að það er lykillinn að því að ná fleiri kílómetrum og betri tíma. Held mig oft við gamla félag á borð við New Order, The Smiths, Depeche Mode, Queens of the Stone Age og Daft Punk – saman við nýtt indí, teknó og drum & bass. Reiði mig á hlaðvörp frá Breakbeat.is, Hospital, Data Transmission og fleirum. Ef maður fer í rólegra skokk dugur líka oft að hlaða niður heimildarþáttum frá BBC World og RÚV. Eigin lagalisti slær samt öllu við.“

Eldar Ástþórsson, verkefnisstjóri markaðsdeildar CCP

11 „Þetta lag kemur mér ávallt í gott skap og er frábært til að hefja hlaup á.“

12 „Ég hef vissa tengingu við þetta lag. Say no more...“

13 „Ég hætti klárlega ekki að hlaupa þegar þetta lag er í gangi.“

14 „Útrás og nauðsynlegt að syngja með.“

15 „Það er gott að enda á þessu.“



Hlustar á heilar plötur á hlaupum



„Venjulega hlusta ég á heilar plötur, ég er víst af þeirri kynslóð að hugsa enn í plötum, mögulega þeirri síðustu. Og þá er það bara hvað sem er, ekkert bundið í stemmingu. Frá svartþungarokki yfir í sveim, plastpoppi yfir í listarokk. Stundum set ég á „stokkun“ og það var það sem ég gerði í síðasta hlaupi, Mývatnsmaraboninu. Það skilaði sér í 80 lögum, sem má sjá á arnareggert.is.“

Arnar Eggert Thoroddsen tónlistarblaðamaður

Verður að hlusta á rapp eða hipphopp



„Ég skil ekki fólk sem hleypur án tónlistar. Ef ipodinn verður batterílaus í miðju hlaupi hætti ég frekar að hlaupa en að hlusta á andardráttinn minn. Ég verð að hlusta á rapp eða hipphopp. Það má líka finna nokkur popp/mb lög á ipodinum mínum. Það undarlega við hipphoppið er að flest lögin fjalla um ofbeldi, kvenfyrirlitningu, vopn og jafnvel krakk og samræmist á engan hátt lífsskoðunum mínum né lífnaðarhætti. Ætli það sé ekki takturinn sem skiptir mig máli, textinn er aukaatriði. Takturinn veitir mér kraft þegar ég er alveg að gefast upp og þeytir mér áfram, kílómetra eftir kílómetra.“

Hanna Eiríksdóttir, verkefnastýra UN Women



26 „Botnlaus birta & sólskin í þessu frábæra syngja-með-lagi sem er gott á þungum hlaupaköflum.“

27 „Uppáhaldslagið í dag með uppáhaldshljóm-sveitinni. Sykur er eðal-útaðhlaupa-playlista-band.“

28 „Hérna keyrum við upp tempóið og allir syngja með Svíanum!“

29 „Sá þessa snillinga á tónleikum í London um daginn. Einfaldlega eitrusvalt lag.“

30 „Lokalag playlista þegar ég keppti. Líkaminn veit bara að nú þarf að drepa sig á síðustu metrunum. Ég skil ekki enn þá af hverju Mínus varð ekki heimsfræg með þetta lag!“

21 „Ég hef aldrei verið aðdáandi Tupacs en eftir margar tilraunir hef ég komist að því að þetta er besta hlaupalagið. Þetta er lagið sem ómar í eyrunum þegar hringurinn er kláraður, sigurlagið.“

22 „Ég trúir því ekki að ég sé að opinbera að þetta sé gott hlaupalag. Það er eitthvað við melódíuna og gítardramatíkuna. Þegar Eminem byrjar – þá er ég fokin af stað.“

23 „Þetta er svo fáránlega gott lag.“

24 „Nú hlær fólk örugglega að mér, en ég hressist ávallt þegar þetta lag byrjar, sérstaklega þegar ég er alveg að bugast.“

25 „Nýjasta lagið á hlaupalistanum. Þarf ég að segja eitthvað meir?“



Útihlaup, tónlist og endorfín fullkomin blanda



„Ég vel mér up-tempo-playlista sem rífur mig áfram, oftast ný eða nýleg lög sem halda mér gangandi þessa 10 til 12 kílómetra sem ég hleyp reglulega. Ég skipti reglulega um lög og uppfæri lagalista minn mjög oft – þá hjálpar að eiga að góða drengi á öldum ljósvakans sem senda mér þetta helsta. Þegar ég keppti þá tímastilli ég listann þannig að síðustu kílómetrana detti inn hárrétt lög til að hjálpa mér að klára hlaupið af afli. Ég hleyp alltaf með tónlistina í botni enda fullkomin blanda; útihlaup, góð tónlist og endorfín.“

Jón Gunnar Geirdal markaðssérfræðingur

17. JÚNÍ

ÍKÓPAVOGI

Dagskrá

10.00-12.00 PALLBÍLAR FRÁ KÓPAVOGSBÆ AKA UM MEÐ BRASSBAND SKÓLAHLJÓMSVEITAR KÓPAVOGS OG VEKJA ÍBÚA BÆJARINS Á ÞESSUM HÁTÍÐARDEGI **10.00-11.00** 17. JÚNÍ HLAUP FYRIR BÖRN Í 1.-6. BEKK Á KÓPAVOGSVELLI. ALLIR FÁ VERÐLAUNAPENING **11.00-17.00** SÝNINGIN SUMARIÐ '74 Í GERÐARSAFNI + GÓÐAR VEITINGAR Í KAFFISÖLU **13.30** SKRÚÐGANGA FRÁ MENNTASKÓLANUM Í KÓPAVOGI AÐ RÚTSTÚNI. SKÁTAFÉLAGIÐ KÓPAR OG SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS. NÝSTÚDENT OG FJALLKONA LEIÐA GÖNGUNA **14.00-18.00** HÁTÍÐAR- OG SKEMMTIDAGSKRÁ Á RÚTSTÚNI. KYNNIR: SÓLMUNDUR HÓLM **15.00-18.00** HÁTÍÐARKAFFI Í FÉLAGSMIÐSTÖÐINNI GJÁBAKKA + TÓNLISTARHÓPAR FRÁ SKAPANDI SUMARSTÖRFUM + DAVÍÐ OG STEFÁN TAKA LAGIÐ **20.00** ÚTITÓNLEIKAR Á RÚTSTÚNI

HÁTÍÐARDAGSKRÁ Á RÚTSTÚNI SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓPAVOGS SPILAR UNDIR STJÓRN ÖSSURAR GEIRSSONAR + BÆJARSTJÓRI KÓPAVOGS ÁRMANN KR. ÓLAFSSON BÝÐUR GESTI VELKOMNA + FJALLKONAN FLYTUR LJÓÐ OG NÝSTÚDENT FLYTUR RÆÐU

SKEMMTIDAGSKRÁ Á SVIÐINU SÖNGVABORG + LILLI KLIFURMÚS OG MIKKI REFUR + SIGURVEGARI SÖNGKEPPNI FÉLAGSMIÐSTÖÐVANNA + BLÁR ÓPAL + JÓNSI OG GRETA + BLÚSBANDIÐ HANS BJÖGGA + BEST OF QUEEN MEÐ MATTA MATT OG MAGNA + ELVAR OG SARA, SIGURVEGARAR HÆFILEIKAKEPPNI ÍSLANDS

SKEMMTIDAGSKRÁ Á TÚNINU OG VÍÐAR GÖTULEIKHÚS KÓPAVOGS FLYTUR LEIKPÁTT FYRIR BÖRNIN + SKAPANDI SUMARHÓPAR ÚR MOLANUM STANDA FYRIR FJÖLBREYTTUM UPPÁKOMUM + LEIKTÆKI, HOPPUKASTALAR, VELITBÍLL, KRÍTARKASSAR, ANDLITSMÁLUN OG FLEIRA + ÍPRÓTTAFÉLÖGIN VERÐA MEÐ SÖLUSKÁLA Á RÚTSTÚNI OG VÖFFLUSÖLU Í SUNDLAUG KÓPAVOGS + GLÆSILEGUR HANDVERKSMARKAÐUR + HJÁLPARSVEIT SKÁTA Í KÓPAVOGI SÝNIR TÆKI OG BÚNAÐ SVEITARINNAR AUK ÞESS AÐ BJÓÐA UPP Á KLIFURVEGG OG MARGT FLEIRA

Flukkan 20.00

STÓRTÓNLEIKAR Á RÚTSTÚNI

Fram koma

THE LOVELY LION

RETROBOT

GABRIEL OG OPEE

DJAMMBANDIÐ SAMBANDIÐ

BEST OF QUEEN

GO OUT

BYKO
100% BETUR, 50% GAGDU MINNA

**HVANNDALS-
BRÆÐUR RÍFA
UPP FJÖRÐ Á
AKUREYRI**

**JÓNSI SKEMMTIR
Í BREIDD**

**MIKKI REFUR OG
LILLI KLIFURMÚS
GLEDJA Í BREIDD**

**BLÁR ÓPAL
KEYRIR UPP
STUÐIÐ Á
SELFOSI**

**EINAR MIKAEL
TÖFRAMAÐUR
GALDRAR Í
BREIDD OG Á
GRANDA**

AFMÆLIS

FAGNAÐU 50 ÁRUNUM MEÐ OKKUR

www.expo.is

**Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR.**

**Brún fura, alheflað
og gagnvarin.**

AFMÆLISVERÐ 135 kr./lm.
Vnr. 0058224 22x95 mm **169 kr./lm.**

AFMÆLISVERÐ 169 kr./lm.
Vnr. 0059254 22x95 mm **251 kr./lm.**

AFMÆLISVERÐ 175 kr./lm.
Vnr. 0058274 27x95 mm **199 kr./lm.**

AFMÆLISVERÐ 219 kr./lm.
Vnr. 0059324 27x95 mm **281 kr./lm.**

AFMÆLISVERÐ 1.990 kr.

Vnr.0291471 Blómakassi, 22 mm, 40x40 cm. **2.690 kr.**

AFMÆLISVERÐ 49.990 kr.

Vnr. 55099123 Gróðurhús, 6x4 ft, 184x122x215 cm. **69.990 kr.**

AFMÆLISVERÐ 39.900 kr.

Vnr. 41616016 Garðsett úr acacia harðviði, borð 160x90 cm, tveir bekkir 135x32 cm, ásamt svörtum sessum. **49.900 kr.**

AFMÆLISVERÐ 39.900 kr.

STERLING 6

Vnr. 50657143 STERLING GASGRILL 1714, 2 brennarar, niðurfellanleg hliðarborð, hitamælir, þrýstijafnari og álhjálmur. 11,72kW. **54.900 kr.**

AFMÆLISVERÐ 12.990 kr.

Vnr. 50698063 RACER barnabílstóll fyrir 9-36 kg börn. **16.990 kr.**

AFMÆLISVERÐ 19.990 kr.

Vnr. 87977170 Rafmagnskælibox með hjólum, 12v, 40 l. **27.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndabrengi.

Í 50 ÁR HEFUR BYKO BYGGT MEÐ ÍSLENDINGUM

Í tilefni afmælisins sláum við upp veislu í verslunum okkar kl. 12-15 í dag með veitingum, skemmtiatriðum og sumargjöfum fyrir smáfólkið. Sjá nánar á www.byko.is.

Að sjálfsgöðu er þér boðið.

Afmælistilboðin eru svo auðvitað enn í gangi og í dag er síðasti séns að nýta sér þau.



SVEISLA

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012



8.990 kr.
AFMÆLISVERÐ



BOSCH
Vnr. 74860500
BOSCH 500-RE borvél,
500 W, 13 mm sjálf-
herðandi patróna, stíglaus
hraðabreyting, ljós í hand-
fangi. Taska fylgir.

~~10.995~~ kr.

8.990 kr.
AFMÆLISVERÐ



BOSCH
Vnr. 74862660
BOSCH stingsög,
500W. SDS kerfi.

~~12.995~~ kr.

10.990 kr.
AFMÆLISVERÐ



BOSCH
Vnr. 74867055
BOSCH málingarsprauta PFS 55,
280W, hægt að mála allt að 5 m² á
12 mín. Málingartankur er 0,6 l.

~~14.995~~ kr.

19.900 kr.
AFMÆLISVERÐ



BOSCH
Vnr. 74864114
BOSCH PSR 14,4 V raf-
hlöðuborvél, 2 lithium raf-
hlöður fylgja með, 1,5 Ah.

~~24.590~~ kr.

19.990 kr.
AFMÆLISVERÐ



BOSCH
Vnr. 74891130
BOSCH ROTAK 320, rafmagns-
sláttuvél, 1000W, sláttubreidd 32 cm,
stíllanleg sláttuhæð 2-6 cm.

~~25.990~~ kr.

36.900 kr.
AFMÆLISVERÐ



BOSCH
Vnr. 53323158
WARRIOR bensín sláttuvél,
4 HP, með safnkassa.

~~45.900~~ kr.

4.990 kr.
AFMÆLISVERÐ



Vnr. 10707000/2
Sturtuhús, brass,
20 cm með silíkonstútum.

~~7.990~~ kr.

21.990 kr.
AFMÆLISVERÐ



Vnr. 10708000
Vegghengt salerni, 52x36 cm,
með hæglokandi setu.

~~29.990~~ kr.

Meistari melódíunnar sjötugur

„Sæti Bítillinn“ og einn áhrifamesti tónlistarmaður sögunnar, **Paul McCartney**, fagnar sjötugsafmæli sínu á mánudag. Af því til efni tók *Kjartan Guðmundsson* saman sjötíu atriði sem þú vissir eða vissir ekki um kappann, eitt fyrir hvert æviár hans.

- 1.** Paul fæddist á Walton-spítalanum í Liverpool 18. júní 1942.
- 2.** Hann var skírður James Paul McCartney.
- 3.** Paul á yngri bróður sem breytti nafni sínu í Mike McGear á fullorðinsárum.
- 4.** Mike McGear var í hljómsveitinni The Scaffold sem átti meðal annars vinsælasta lag Bretlands jólnin 1968, Lily the Pink, og fleiri smelli.
- 5.** Paul var ágætis námsmaður, ekkert meira en það, en stóð sig einna best í latínu.
- 6.** Hann féll tvisvar sinnum á inntökuprófi í drengjakór.
- 7.** Blár er upphaldsliturinn hans Pauls.
- 8.** Paul er örvhentur rétt eins og Ringo Starr, hinn gáskafulli trommari Bítillanna. Hinir tveir, John og George, voru réttthentir eins og gefur að skilja.
- 9.** Á unglingsárum hélt Paul mest upp á Elvis Presley, Little Richard og Buddy Holly.
- 10.** Paul er ákafur hljóðfærassafnari. Á meðal hljóðfæra í eigu hans eru mellotronið sem upphafsstefið í Strawberry Fields Forever var spilað á og kontrabassinn sem Bill Black spilaði á með Elvis Presley.
- 11.** Mary, móðir Pauls, lést úr krabbameini þegar Paul var fjórtán ára.
- 12.** James, faðir hans, var líka tónlistarmaður og lék á píanó og trompet.
- 13.** Fyrsta hljóðfærið sem Paul eignaðist var trompet, en síðar fékk hann gítar.
- 14.** Bítillarnir hljóðrituðu fyrstu plötuna sína, Please Please Me, á einungis tíu klukkutímum.
- 15.** Í nóvember 1969 prýddu Paul og fjölskylda hans forsíðu LIFE-tímaritsins til að kveða niður sögusagnir um að hann væri látinn.
- 16.** Orðrómurinn um að Paul hefði látist árið 1966 og eftirherma komið í hans stað er lífseigur. Árið 2010 kom til dæmis út á DVD heimildarmynd sem heitir „Paul McCartney Really Is Dead“.
- 17.** Bítillagið Yesterday eftir Paul er mest hljóðritaða lag allra tíma, en yfir 2.200 listamenn hafa sungið það á plötu.
- 18.** Yesterday hét upphaflega „Scrambled eggs“.
- 19.** Hey Jude hét upphaflega „Hey Jules“. Paul samdi lagið til að hugga Julian, son Johnns Lennon, þegar foreldrar hans skildu.
- 20.** McCartney hreifst mjög af Jimi Hendrix þegar gítarleikarinn heimsótti England árið 1966 og greiddi götu Hendrix í hvívetna.
- 21.** Fyrsta sólóverkefni McCartney var tónlistin við kvikmyndina The Family Way í janúar 1967.
- 22.** Bassaleikarinn Paul ber ábyrgð á gítarsólóinu í Taxman, upphafslagi Bítlaplötunnar Revolver.

- 23.** Paul lék á gítar í fleiri Bítlalgögum á borð við Ticket to Ride, Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band og Good Morning Good Morning.
- 24.** Hann lék á trommur í Bítlalagi The Ballad of John and Yoko.
- 25.** McCartney lék á öll hljóðfærin á tveimur sólóskífum sínum, McCartney frá 1970 og McCartney II frá 1980.
- 26.** Lög af fyrrnefndu „McCartney“-plötunni voru áberandi í kvikmynd Cameron's Crowe, Jerry Maguire, með Íslandsvininum Tom Cruise í aðalhlutverki, frá 1996.
- 27.** Árið 1975 keypti Paul réttinn að öllu lagasafni hetjunnar sinnar Buddy Holly.
- 28.** Athygli vakti þegar Paul viðurkendi í sjónvarpsviðtali að hafa tekið inn LSD sumarið 1967.
- 29.** Paul hefur nokkrum sinnum komist í kast við lögin vegna áhuga síns á kannabis. Fyrsta skiptið var árið 1972, í Gautaborg af öllum stöðum.
- 30.** Árið 1972 fann lögregluþjónn kannabisplöntur á bóndabæ Pauls í Skotlandi. Fyrir dómi hélt Paul því fram að aðandi hefði sent sér ómerkt fræ í pósti og hann sáð þeim af forvitni án þess að vita hvers eðlis þau væru í raun og veru.
- 31.** Hann var síðan handtekinn í Japan árið 1980 fyrir að reyna að taka með sér marjúána inn í landið.
- 32.** Árið 1979 fékk Paul viðurkenningu heimsmetabókar Guinness fyrir að vera söluhæsti lagahöfundur allra tíma.
- 33.** Wings-lagið Mull of Kintyre frá 1977 er söluhæsta smáskífa allra tíma í Bretlandi sem ekki tengist góðgerðarmálum.
- 34.** Wings-platan Band on the Run frá árinu 1973 var tekin upp í Laos í Nígeríu og Venus and Mars frá 1975 var tekin upp í New Orleans. Platan London Town frá árinu 1978 var hins vegar ekki tekin upp í London, eins og mætti ef til vill ætla, heldur var megnið af henni tekið upp á snekkju við Jómfrúaeýjar.
- 35.** Síðasta ljósmyndin sem til er af Paul og John saman var tekin í Los Angeles árið 1974. Með þeim á myndinni er trommarinn gáskafulli, Keith Moon úr The Who.
- 36.** Nóttina áður en Keith Moon lést árið 1978 hafði hann verið í veislu hjá McCartney-hjónunum.
- 37.** Smástirni sem fannst árið 1983 var sjö árum síðar nefnt í höfuðið á Paul. Það kallast 4148 McCartney.
- 38.** Paul skrifaði handritið að kvikmyndinni Give My Regards to Broad Street, sem fékk óblíðar viðtökur þegar hún var frumsýnd 1984. Paul lék aðalhlutverkið, forríka poppstjórnu. Ringo Starr kom líka fram í myndinni. Hann lék trommara.
- 39.** Árið 1984 tók hann þátt í að koma sínum gömlu hetjum í Everly Brothers aftur á kortið þegar hann samdi fyrir bræðurna lagið Wings of a Nightingale.

- 40.** Þegar McCartney söng Let It Be á Live Aid-tónleikunum í London sumarið 1985 bilaði hljóðneminn svo ekkert heyrðist í Bítlinum fyrstu mínútu lagsins.
- 41.** Í mars 1997 var Paul aðlaður af Elísabetu Englandsdrottningu.
- 42.** Paul er margt til lista lagt. Hann hefur til dæmis sent frá sér bæði ljóðabók og málverkabók.
- 43.** Þá gaf Paul út barnabókina High in the Clouds árið 2005 og hlaut hún hreint ágætis viðtökur.
- 44.** Paul lék á bassa á sólóplötu Fran Healy, söngvara hljómsveitarinnar Travis, sem kom út árið 2010.
- 45.** Paul hefur oft notað dulnefni í gegnum tíðina, til dæmis Paul Ramone og Billy Martin.
- 46.** Paul hefur stundað myndlist samhliða tónlistinni og haldið sýningar, meðal annars í Walker-galleríinu í fæðingargönginni Liverpool.
- 47.** Paul var í flugvél yfir New York og sá út um gluggann þegar árásirnar á tvíburaturnana voru gerðar 11. september 2001.
- 48.** Hann hélt góðgerðartónleika fyrir fjölskyldur fórnarlamba árásanna og var í kjölfarið gerður að heiðursmeðlimi lögregluembættisins í Stóra eplinu.
- 49.** Á YouTube má finna myndskaið þar sem McCartney býr til dýrindis kartöflumús og gantast um leið.
- 50.** Hann hefur verið grænmetisæta frá því í upphafi áttunda áratugarins.
- 51.** Paul er eini Bítillinn sem hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna.
- 52.** Árið 1996 stofnaði McCartney listaskólann Liverpool Institute for Performing Arts í gamla skólahúsinu sínu nærri miðborg Bítlaborgarinnar.
- 53.** Þegar Paul heimsótti Ísland árið 2000 lagði hann leið sína í heilsuvörverslunina Yggdrasil, sem þá var til húsa á horni Frakka- og Kára-stígs í Þingholtunum.
- 54.** Í þessari sömu Íslandsferð var ekki nóg með að Paul hitti Jón Ólafsson píanóleikara, heldur var hann líka svo heppinn að rekast á Gísla Martein Baldursson.
- 55.** Hljómar, hinir íslensku Bítlar, héldu lokatónleika sína í Cavern-klúbbnum í Liverpool sumarið 2008. Þar var staddur fríður flokkur Íslendinga sem daginn eftir sá tónleika með McCartney á Anfield, heimavelli Liverpool.
- 56.** Á tónleikunum á Anfield, sem haldnir voru í tilefni þess að Liverpool var menningarborg Evrópu 2008, var Dave Grohl, fyrrum trommari Nirvana og höfuðpaur Foo Fighters, sérstakur gestur.
- 57.** Paul hefur sungið með mörgum, meðal annarra Michael Jackson, Stevie Wonder og Róberti bangsa.



ÖTRÚLEGUR FERILL Paul McCartney hefur mörg af ástsælastu lögum tónlistarsögunnar á ferilskránni. Hann verður sjötugur á mánudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

- 58.** 14. desember 1999 sneri Paul aftur á svið Cavern-klúbbsins í Liverpool og hélt þar tónleika sem voru síðar gefnir út á myndbandi.
- 59.** Teiknimyndið Paul kom fram ásamt eiginkonunni Lindu í þætti af Simpsons-fjölskyldunni árið 1995.
- 60.** Þegar Paul og Linda samþykktu að koma fram í Simpsons-þættinum, þar sem Lisa gerist grænmetisæta, settu þau það skilyrði að hún félli ekki aftur í kjótát, enda hefur hún haldið sig við grænfeðrið æ síðan.
- 61.** Paul McCartney kemur víða við. Hann birtist til að mynda óvænt í þætti af gamanþáttunum vinsælu, 30 Rock, í apríl síðastliðnum.
- 62.** Paul samdi nokkur lög um John Lennon, þar á meðal lögin Dear Boy, Too Many People, Dear Friend og Here Today.
- 63.** Hljómsveitin Marillion tók Bítlalagið Blackbird, lag McCartney, á tónleika-plötu sinni frá 1998.
- 64.** Stella McCartney, dóttir Pauls og Lindu, er vinsæll fatahönnuður.
- 65.** Paul batt enda á ára-langar getgátur og vangaveltur árið 2008 þegar hann sagðist styðja bæði liðin í Bítlaborginni, Liverpool og Everton.
- 66.** Þegar George Harrison lést árið 2002 sagði McCartney að hann myndi „alltaf elska litla bróður sinn“.
- 67.** Breski leikarinn Gary Bakewell lék Paul McCartney í kvikmyndinni Backbeat frá árinu 1994, sem fjallaði um Hamborgarar Bítlanna. Bakewell lék Bítillinn aftur í sjónvarpsmynd um Lindu McCartney árið 2000. McCartney þótti sér ekki gerð góð skil í Backbeat.
- 68.** McCartney hefur komið með einum eða öðrum hætti að 24 lögum sem hafa náð toppsæti breska vinsældalistans, fleiri en nokkur annar.
- 69.** Paul kvæntist þriðju eiginkonu sinni, bandarísku kaupsýslukonunni Nancy Shevell, á síðasta ári.
- 70.** Í byrjun þessa mánaðar kom Paul fram á stórtónleikum sem haldnir voru í tilefni sextíu ára krýningarafmælis Elísabetar II Englandsdrottningar. Hann lauk tónleikunum á Bítlalagi Ob-La-Di Ob-La-Da.

Alltaf lágt verð



JOTUN

3L DRYGOLIN OLÍUMÁLNING

Mjög veðurþolin olíumálning á tréverk utandyra. Inniheldur sveppaeyðandi efni. Auðvelt að bera á og gefur fallega áferð. Má nota sem yfirborðslag á stál og aðra málma.

6.995.- !



JOTUN

3 L TREBITT VIÐARVÖRN

Gefur snyrtilegt útlit sem helst vel. Hindrar gránun. Inniheldur kröftug sveppa- og þörungaeýðandi efni. Auðvelt í notkun og gædd þeim eiginleikum að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár.

6.995.- !



málning
-það segir sig sjálf-

4 L KJÖRVARI 13

Eðalolía er þunnfljótandi viðalolía gerð úr sérvöldum hráefnum. Smýgur vel inn í viðinn og veitir honum góða vatnsvörn.

7.495.- !



málning
-það segir sig sjálf-

4 L STEINVARI 2000

Terpentinuþynnt akrýlmálning, sem hefur þá einstöku eiginleika að vera þétt gegn vatni í fljótandi ástandi, en hleypa raka í loftkenndu ástandi vel í gegnum sig, eða um tvöfalt betur en hefðbundin plasmálning. Polir að málað sé við lágt hitastig.

10.995.- !



Lífgaðu upp á pallinn og húsið með málningu og viðarvörn frá **BAUHAUS** Laugardaginn 16. júní verðum við með sérstaka kynning á málningu. Starfsfólk okkar kynnið úrvalið sem við bjóðum og ýmsa notkunarmöguleika. Njóttu þess að koma til okkar í **BAUHAUS** og leyfðu okkur að koma þér á óvart með spennandi vörum og ótrúlegu úrvali.

Krakkar,
Komið og hittið
Krakkaklúbbs-
maurinn milli
kl. 12 og 17
á laugardaginn.

Kids club



Verðin gilda frá fimmtudeginum 14. júní til og með laugardagsins 16. júní 2012. Gildir á meðan birgðir endast.



BAUHAUS®

GÆÐI

ÞJÓNUSTA

GJAFVERÐ

VÖRUÚRVAL

VIÐBRÖGÐ SPEKÚLANTA

Fyrsti nýi Dallas-þátturinn var sýndur í Bandaríkjunum á miðvikudaginn, fékk mikið áhorf og ekki stóð á viðbrögðunum. Yfirlit yfir fjölmiðlatengdar netsíður leiðir í ljós að flest virðast þau á jákvæðu nótunum, þótt einhverjir telji að betur hefði verið heima setið en af stað farið:

New York Daily News:

„Larry Hagman er alveg jafn mikið illmenni og fyrr ... Enginn býst við því að Dallas nái til jafn margra nú og þátturinn gerði fyrir þremur áratugum en TNT veðjar á réttan hest.“

TV Guide:

„Því miður fölna ungu persónurnar í samanburði við átrúnaðargoðin sem gátu þær af sér.“

STL Today:

„Ungt leikaraliðið, sérstaklega karlmenningirnir í aðalhlutverkunum, er aðlaðandi, þátturinn lítur vel út og græðir á því að tókustaðirnir séu í sjálfri Dallas ... Söguþráðurinn er sannfærandi.“

NÁÐUM EKKI Í SUE ELLEN



„Ég sit límdur við skjáinn næstu vikurnar, rétt eins og ég geri ráð fyrir að helm-ingur þjóðarinnar geri,“ segir Guðmundur R. Gíslason, söngvari hljómsveitarinnar Súellen frá Neskaupstað. Stofnendur sveitarinnar voru kornungir, þrettán og fjórtán ára, þegar þeir fengu nafn hinnar vansælu eiginkonu JR lánað, en það hefur staðist tímans tönn og er enn við lýði.

„Við horfðum auðvitað á Dallas eins og allir aðrir Íslendingar, hvort sem þeir viðurkenna það í dag eða ekki,“ segir Guðmundur. „Við höfðum verið að velta fyrir okkur nafni á hljómsveitina og íhuguðum nöfn á nokkrum öðrum persónum í Dallas. Trommuleikarinn þáverandi stakk þá upp á Súellen, sem okkur þótti afleit hugmynd í fyrstu, en í raun var hugmyndin svo hræðileg að hún var frábær. Eini misskilningurinn sem nafnið hefur valdið er sá að margir halda enn að við séum kvennahljómsveit. Sumir rugla okkur saman við Dúkkulísurnar, enda er það skiljanlegt þar sem þær komu líka að austan og sungu lagið Pamela í Dallas. En þessi ruglingur hefur ekki komið að sök að ráði,“ bætir hann við og segir Sue Ellen eðlilega hafa verið eftirlætis karakter hljómsveitarmedlíma.

Árið 2004 héldu meðlimir Súellen í pílgrímsferð vestur um haf og heimsóttu fyrirheitna landið, sjálfa Dallas-borg í Texas. „Við urðum að láta verða af þessu. Við komumst meðal annars að því að búgarðurinn þar sem þættirnir voru teknir upp var orðinn að Dallas-safni, sem við kíktum auðvitað á. Svo tókum við líka upp tvö lög í þessari skemmtilegu ferð. Verst var að við náðum ekki sambandi við Lindu Gray, leikkonuna sem leikur Sue Ellen, en við spjölluðum við umboðsmann hennar sem sagði okkur að hún væri því miður of upptekin til að hitta okkur. Mig minnr að hún hafi verið að leika á Broadway á þessum tíma, svo við eigum það eftir. Hún veit þó af tilvist hljómsveitarinnar Súellen á Íslandi og það er huggun í því,“ segir Guðmundur.



GAMLIR KUNNINGJAR Larry Hagman, Linda Gray og Patrick Duffy, eða JR, Sue Ellen og Bobby eins og þau eru betur þekkt, verða á skjánum á Stöð 2 á sunnudagskvöldum næstu vikurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Hver ræður ríkjum á Southfork?

Stöð 2 heimsfrumsýndi í gær, utan Bandaríkjanna, nýja þáttaröð af **Dallas**. Ljóst er að margir biðu spenntir enda þættirnir vinsælu ljóslifandi í hugum fjölda fólks. *Kjartan Guðmundsson* kynnti sér þættina og viðbrögðin ytra.

Núndi áratugurinn bauð þorra þjóðarinnar upp á eins konar þjóðhátíðardag einu sinni í viku, þegar ástir og ævintýri Ewing-fjölskyldunnar í borginni Dallas í Texas-ríki blöstu við á skjánum. Það hefði því farið vel á því að Stöð 2 hefði hafið sýningar á nýrri Dallas-þáttaröð þann 17. júní eins og til stóð, en ákveðið var að flýta frumsýningu fram til gærkvöldsins. Margir biða spenntir, en hvort nýir fylgismenn bættist í hópinn kemur væntanlega fljótlega í ljós. Alls lét fjölmiðlafyrirtækið TNT framleiða tíu þætti og veltur á viðtökunum hvort fleiri fylgi í kjölfarið.

Ekki er um endurgerð á hinni

ástsælu framhaldsþáttaröð að ræða heldur framhald sem gerist í nútímanum, nokkurs konar „öppdeitaða“ útgáfu af sápu-öperunni. Umfjöllunarefnið er þó kunnuglegt, eins og við mátti búast. Allir þrjú enn yfirráðin á Southfork-búgarðinum og svífast einn til þess að ná þeim, þótt sumir beiti til þess ruddalegri aðferðum en aðrir eins og gengur. John Ross (Josh Henderson), sonur JR Ewing og Sue Ellen, er holdgervingur pabba síns. Ófyrirleitinn kaupskýslumaður sem dreymir um að verða þvottekta oliubarón. Frændi hans Christopher (Jesse Metcalfe), ættleiddur sonur Bobby Ewing og Pamelu, er andstæðan og trúir bláeygt á vistvænni orkugjafa. Jordana Brewster (Elena Ramos) er dóttir kokksins á Southfork, fyrrum unnusta Christophers sú sem John Ross hefur haft augastað á

stóran hluta ævinnar. Rebecca Sutter Ewing (Julie Gonzalo), eiginkona Christophers, hefur verið munaðarlaus frá tólf ára aldri og þriðja eiginkona Bobbys, Ann Ryland Ewing (Brenda Strong) er gömul vinkona Sue Ellen.

Gömlu andlitin eru líka nokkur. Hinn aldni Larry Hagman snýr aftur sem JR Ewing, hjartaknúsarinn Patrick Duffy sem Bobby Ewing og Linda Gray sem Sue Ellen. Einnig reka inn nefið Ray Krebbs (Steve Kanaly), Cliff Barnes (Ken Kercheval) og Lucy Ewing Cooper (Charlene Hilton) svo þekktustu nöfnin séu nefnd.

„Nýju þættirnir eru alveg eins og þeir gömlu, fyrir utan það að nú er árið 2012,“ sagði Patrick Duffy í viðtali fyrir skemmstu. „Við lítum svo á að þetta sé fjórtánda þáttaröðin. Það er eins og áhorfendur hafi bara gleymt á hvaða stöð við erum.“

DALLAS-SÉRFRÆÐINGURINN

Blendnar tilfinningar til nýju þáttanna

Halldór Gylfason, leikari



Auðvitað verð ég, sem Dallas-sérfræðingur, að horfa á þessa nýju þætti. En ég hef mjög blendnar tilfinningar til þessa framtaks. Helst myndi ég vilja hafa þættina áfram eins og þeir eru í minningunni. Hvernig myndi íslenskufraeðingum líta á ef gert yrði framhald af Njálu eða Egils sögu í nútímanum? Eða hvernig myndi kvikmyndaáhugafólki líta á ef gerð yrði mynd um Þór og Danna í Nýju lífi í dag? Það er verið að taka risastór-an séns með þessum þáttum. Þetta er tvíeggjað sverð,“ segir leikarinn Halldór Gylfason sem telst með réttu sérfræðingur í málefnum Ewing-fjölskyldunnar enda fylgdist hann grannt með upprunalegu þáttunum frá upphafi til enda og hafði á þeim miklar skoðanir.

Halldór gengur svo langt að halda því fram að ekkert sjónvarpsefni, hvorki fyrr né síðar, komist með tærnar þar sem Dallas hefur hælana. „Ég hef að minnsta kosti ekki séð neitt sem trompar Dallas. Maður sem ég þekki var í bölvuðum vandræðum um daginn, það voru veikindi í fjölskyldunni hans og allt í volli, og hann sagði við mig að lífið væri ekki eins og sjónvarpsþáttur. Ég svaraði því að það væri kannski rétt, en lífið væri samt dálítið eins og Dallas því þar gerast svona hlutir, mjög óvæntir og dramatískir hlutir. Desperate Housewives og allir þessir

dramaþættir eru bara stælingar á Dallas, bara vel gerðar eftirlíkingar og karakterarnir eiga sér stóð í gömlu Dallas-þáttunum.“

Spurður um eftirlætis persónu í Dallas segir Halldór nánast ómögulegt að halda öðru fram en að JR Ewing hafi borið höfuð og herðar yfir aðra karaktera. „Það má líkja þessu við það að maður sé spurður hver hafi verið bestur í landsliði Argentínu sem varð heimsmeistari 1986. Ef maður vill líta út eins og Hjörvar Hafliðason og þykjast hafa voðalega mikið vit á hlutunum segir maður kannski Mario Gonzales eða eitthvað svoleiðis, en auðvitað var Maradona langbestur og það vita allir, eins og allir vita að JR var bestur í þessu prógrammi. En stundum segi ég að uppáhalds Dallas-karakterinn minn sé Harry McSween, háttsetti lögregluforinginn í Dallas sem JR hafði í vasanum. McSween var eiginlega mesti óþokki þáttanna. Þegar JR þurfti að koma sök á einhverja gæja sem voru að sofa

hjá Sue Ellen eða eitthvað slíkt, til dæmis að láta koma fyrir eiturfjóm í hanska-hólfum, gekk Harry McSween í málið og fleiri skítverk. Hann er væntanlega ekki með í nýju þáttunum.“

Aðspurður segist Halldór fyrst í stað hafa hatað JR Ewing. „Hann var svo rosalega vondur. En einhvern veginn æxlaðist það þannig að það var alltaf JR sem stóð uppi sem sigurvegari og glotti í lok þáttanna. Eftir því sem leið á þættina fór ég bara að dást að honum. Þetta er svipað og með þýska landsliðið í fótbolta. Þegar ég var yngri þoldi ég ekki hvað Þjóðverjarnir voru góðir og unnu alltaf. Ég elskaði að hata þá en núna er ég farinn að elska þá. Og Sjálfstæðisflokkurinn. Maður verður bara að lifa með þessu helvíti því þeir vinna alltaf á endanum. Þótt þeir séu ógeðslegir og ófyrirleitnir glæpamenn þá standa þeir alltaf uppi sem glottandi sigurvegarar. Manni verður bara að þykja vænt um þá,“ segir Halldór.

Á unglingsárum var áhugi leikarans á Dallas svo brennandi að hann samdi lag um þættina sem hann flutti víða á mannámótum og gerir raunar enn þann dag í dag. Fyrstu erindi textans hljóða svo:

Dallas fer að byrja tilveran ei lengur er myrk. Ég Dallas-stefið kyrja Það veitir mér andlegan styrk.

JR á skjáinn ég á ekki lengur neitt hobbí. Ég hræðist ei manninn með ljáinn og hugur minn beinist að Bobby.

Cliff er dálíðið skrytinn Samt er hann meinleysigrey. Kannski vill hann verða töffari eins og Ray.

Í gær var ber að ofan kom hún þá til hans hún Jenna og lagðist í hlöðukofann og byrjaði sig að glenna.



Hlutfjárútboð í fasteignafélaginu Reginn hf.

18. og 19. júní 2012

Hlutfjárútboð í Reginn hf. fer fram dagana 18. og 19. júní 2012. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. mun bjóða til sölu 975.000.000 áður útgefna hluti í Reginn, sem samsvarar 75% af heildarhlutafé í Reginn. Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama verði sem liggja mun á verðbilinu 8,1-11,9 kr. á hvern hlut í Reginn. Söluandvirði útboðsins getur numið á bilinu 7,9-11,6 ma.kr. Markaðsvirði alls hlutfjár í Reginn miðað við fyrrgreint verðbil er á bilinu 10,5-15,5 ma.kr.

Útboðið er markaðssett á Íslandi. Skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu eru að þátttakendur hafi íslenska kennitölu og séu fjárráða. Útboðið er tvískipt og skiptist í tilboðsbók og áskriftarhluta. Meginmarkmið seljanda með útboðinu er að Reginn uppfylli skráningarskilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar um dreifingu hlutfjár.

Ráðgjafar Landsbankans veita upplýsingar um áskriftarhluta útboðsins í síma 410 4040, fjarmalaradgjof@landsbankinn.is, kl. 9-20 meðan á útboðinu stendur.

Sótt hefur verið um töku allra hlutabréfa í Reginn til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin). Seljandi mun falla frá útboðinu ef eftirspurn verður ekki nægjanleg til þess að Reginn uppfylli skráningarskilyrði Aðalmarkaðar Kauphallarinnar um dreifingu hlutfjár eða ef ekki næst að selja yfir 50% af heildarhlutafé í Reginn í útboðinu. Seljandi hefur ákveðið að halda eftir 25% eignarhlut í Reginn eftir útboðið og hefur skuldbundið sig til þess að selja þann eignarhlut ekki í 10 mánuði eftir töku hlutabréfa í Reginn til viðskipta í Kauphöllinni.

Reginn hefur birt lýsingu sem dagsett er 11. júní 2012. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér allar upplýsingar í lýsingunni áður en þeir taka ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í Reginn. Lýsinguna má nálgast á vefsíðu Regins, www.reginn.is.

Útgefandi

Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, www.reginn.is.

Hlutafé útgefanda

Heildarfjöldi útgefna hluta í Reginn er 1.300.000.000 hlutir. Þeir eru allir í einum flokki.

Seljandi

Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Áskriftartímabil

Útboðið hefst kl. 10:00 þann 18. júní og lýkur kl. 16:00 þann 19. júní.

Verðbil og útboðsgengi

Að áskriftartímabilinu loknu mun seljandi ákveða útboðsgengi sem verður það sama til allra sem taka þátt í útboðinu. Útboðsgengið verður á verðbilinu 8,1-11,9 kr. á hvern hlut í Reginn. Seljandi mun byggja ákvörðun sína um útboðsgengi á þeim tilboðum sem berast í útboðinu að teknu tilliti til markmiða sinna með útboðinu.

Fyrirkomulag útboðs

Útboðið er tvískipt. Í tilboðsbók eru til sölu 633.750.000 hlutir eða sem nemur 48,75% af heildarhlutafé í Reginn. Í áskriftarhluta eru til sölu 341.250.000 hlutir eða sem nemur 26,25% af heildarhlutafé í Reginn. Ein áskrift er heimil fyrir hverja kennitölu í útboðinu. Þátttaka í útboðinu er skuldbindandi fyrir fjárfesta.

1. Tilboðsbók – áskriftir að lágmarki 50 m.kr. að kaupverði

Í tilboðsbók skila fjárfestar áskrift sinni til umsjónar- og/eða söluaðila á sölutímabilinu á sérstöku áskriftareyðublaði sem nálgast má hjá Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskiptum Landsbankans.

2. Áskriftahluti – áskriftir á bilinu 100.000-49.999.999 kr. að kaupverði

Fjárfestar skrá áskriftir sínar á áskriftarvef Landsbankans, sem opinn verður á áskriftartímabilinu: www.landsbankinn.is/reginnutbod. Til að skrá áskriftir sínar verða fjárfestar að hafa aðgang að netbanka, sem getur verið hvaða íslenski viðskiptabanki sem er.

Fjárfestar skrá kennitölu sína og panta lykilorð á áskriftarvefnum sem þeir fá sent sem rafrænt skjal í netbanka sinn. Fjárfestar geta skilyrt áskrift sína við það að endanlegt útboðsgengi fari ekki umfram ákveðið hámarksverð á hlut. Ef fjárfestir tilgreinir ekkert hámarksverð í áskrift sinni skoðast áskriftin sem gerð á útboðsgengi.

Úthlutun og skerðing áskrifta

Áskriftir undir útboðsgengi verða ekki samþykktar og aðilar sem bjóða verð undir útboðsgengi eða tilgreina hámarksverð sem er undir útboðsgengi fá ekki úthlutað hlutum í útboðinu.

Áskriftir í tilboðsbók sem eru á og yfir útboðsgengi verða samþykktar. Ef umframefirspurn verður í þessum hluta útboðsins verða áskriftir í tilboðsbók skertar hlutfallslega, með tilliti til heildartilboðsfjárhæðar tilboðsgjafa sem buðu á og yfir útboðsgengi að teknu tilliti til tilboðsgengis þeirra.

Áskriftir í áskriftarhluta sem eru á útboðsgengi og hámarksgengi yfir útboðsgengi verða samþykktar. Verði umframáskrift í þessum hluta útboðsins verða áskriftir ekki skertar niður fyrir 100.000 kr. að kaupverði. Leitast verður við að skerða ekki áskriftir sem eru allt að 2 m.kr. að kaupverði. Að öðru leyti verður skerðing hlutfallsleg.

Seljandi áskilur sér rétt til þess að breyta þeim fjölda hluta sem eru boðnir til sölu í hvorum hluta útboðsins fyrir sig og til þess að hafna áskriftum að heild eða í hluta án frekari rökstuðnings.

Gjaldlagi og afhending

Greiðsluseðlar verða sendir í netbanka áskrifenda. Gjaldlagi og eindagi greiðsluseðla er 27. júní 2012. Afhending hluta fer eingöngu fram gegn greiðslu áskriftarloforða og fer fram 29. júní 2012.

Fyrsti dagur viðskipta í Kauphöll

Kauphöllin mun tilkynna um fyrsta viðskiptadag með hluti í Reginn með eins viðskiptadags fyrirvara. Fyrsti dagur viðskipta getur í fyrsta lagi orðið 2. júlí 2012.

Umsjónar- og söluaðili útboðs

og töku hlutabréfanna til viðskipta
Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, sími 410 7340, fyrirtaekjaradgjof@landsbankinn.is.

Söluaðili útboðs í tilboðsbók

Markaðsviðskipti Landsbankans, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, sími 410 7330, reginnutbod@landsbankinn.is.



300 NÝJAR BÆKUR


ÞAÐ SEM AF ER ÁRI HÖFUM VIÐ TEKIÐ Á MÓTI YFIR ÞRJÚ HUNDRUÐ NÝJUM ÍSLENSKUM TITLUM
EÐA AÐ MEÐALTALI TVEIMUR TITLUM Á DAG



Verð kr. 7.999 stk.
TILBOÐ kr. 6.999 stk.



Verð kr. 3.999
TILBOÐ kr. 3.499



Verð kr. 5.999
TILBOÐ kr. 4.999



Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299



Verð kr. 2.999
TILBOÐ kr. 2.499



Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299




Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299



Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299



Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299



Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299



Verð kr. 2.699
TILBOÐ kr. 2.299



Verð kr. 2.699
TILBOÐ 2.299

Tilboð gilda til og með 21.06.12



5% aukafsláttur ofan á öll tilboð.
Skráðu þig í Vildarklúbbinn í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bókaali frá 1872

Komnir í gegnum skaflinn

Eftir 50 ár á byggingavörumarkaðinum stendur BYKO sterkum fótum þrátt fyrir efnahagshrun og aukna samkeppni. **Jón Helgi Guðmundsson** er staðinn upp úr forstjórastólnum en segir *Brjáni Jónassyni* að sér þyki erfitt að sleppa hendinni af fjölskyldufyrirtækinu.

Miklar breytingar hafa orðið á lífi Jóns Helga Guðmundssonar frá því faðir hans stofnaði ásamt mági sínum Byggingavöruslun Kópavogs, BYKO, fyrir 50 árum. Þá var Jón Helgi 15 ára og rakkaði timbri í nýju versluninni, sem alla tíð síðan hefur verið rekin sem fjölskyldufyrirtæki. Nú 50 árum seinna er hann hættur að rakka timbrinu en segist enn búa að þeirri reynslu að vinna með timbur alla daga.

„Við höfum fylgt íslenskri byggingarsögu í 50 ár og verið virkir í því sem hér er búið að gerast allan þann tíma,“ segir Jón Helgi. „Ég var í timbrinu, rakkaði timbri, afgreiddi og gerði annað sem til féll. Ég kynntist spýttunni ungun og á margar góðar minningar úr timbrinu. Það hefur breyst mikið hvernig timbur er flutt til landsins. Þetta var talsvert mikil vinna fyrir okkur strákana og allt unnið í höndunum. Það var hver spýta handfjötluð.“

Hann hefur komið sér þægilega fyrir á skrifstofu forstjóra BYKO, sem þar til fyrir ári var hans skrifstofa. Nú hefur Guðmundur sonur hans tekið við forstjórastólnum, en það var ekki auðvelt að sleppa taunum.

„BYKO er grunnurinn að þessu öllu hjá okkur. Ég er búinn að vera í þessu meira og minna í 50 ár. Ég er ekki alveg búinn að sleppa hendinni af BYKO, ég fæ að vera með og get gefið góð ráð af og til. Það hefur ekki verið auðvelt, og var eiginlega ekki hægt eftir þær hamfarir sem urðu hér að skilja einhverja aðra eftir í súpunni. Ég þurfti að vera virkur í því að koma fyrirtækinu í gegnum þann skaf. Nú sér þokkalega til lands með reksturinn, svo kannski fer maður að spila meira golf og lækka forgjöfina.“

Frá því dýrnar á fyrstu BYKO-versluninni við Kársnesbraut í Kópavogi opnuðust fyrir hálfri öld hafa fleiri fyrirtæki bæst í hópinn. Norvík, móðurfélag BYKO, er með starfsemi í sex löndum og á og rekur stórar verslanakeðjur á borð við Krónuna, Nóatún, og Intersport.

Byggingavöruslunin á Íslandi hafa farið í gegnum mögur ár frá því bankarnir hrundu haustið 2008, en Jón Helgi segir fjárhagslega

stöðu BYKO sterka þrátt fyrir erfiðleika í rekstri.

„Við höfum auðvitað þurft að takast á við okkar umhverfi á síðustu árum. Við þurftum að loka 12 þúsund fermetra verslun BYKO í Kaupþúni í Garðabænum í fyrrahaust. Það reyndist vera svo miðað við efnahagsástandið að þessum tólf þúsund fermetrum virðist hafa verið ofaukið. Síðar hafa reyndar komið yfir tuttugu þúsund fermetrar inn í staðinn hjá öðrum byggingavöruslunum, hvernig sem þeim kann að reiða af.“

BYKO hefur þurft að laga sig að breyttu umhverfi eins og önnur fyrirtæki, hagræða í rekstri og segja upp starfsfólki. Breytingarnar eru þó ekki allar tengdar hruninu, því samkeppnin á byggingavörumarkaðinum hefur aukist til muna. Fjárhagslegri endurskipulagningu Húsasmíðjunnar er lokið og keðjan komin í hendur nýrra eigenda. Þá hefur Bauhaus opnað verslun sína, eftir að hafa beðið með tómt húsnaði frá því í hruninu.

„Við höfum alla tíð búið við samkeppni. Þegar ég byrjaði í þessum bransa voru fleiri um hituna en eru í dag, þó þetta hafi kannski þjappast meira saman í gegnum árin,“ segir Jón Helgi.

Hann viðurkennir þó að nýir aðilar á markaði hljóti að taka ákveðna markaðshlutdeild, en segir vonandi betri tíð fram undan á byggingavörumarkaði, sem komi öllum verslunum til góða.

Jón Helgi segir að fátt hafi komið á óvart þegar Bauhaus opnaði verslun sína, enda hafi þeir fylgst vel með þróuninni á byggingavörumarkaðinum erlendis síðustu áratugi. „Fyrirtækin okkar erlendis eru að selja timbur og byggingavörur inn í keðjurnar erlendis svo við þekkjum það mjög vel, höfum fylgst með útsöluverði og öðru. Enda hefur það komið í ljós að það er engin sérstök breyting á verði hér á markaðinum með nýjum aðilum. Vöruúrvalið er sambærilegt, fyrir utan kannski garðvörurnar og gróðurinn, sem við höfum ekki farið út í hjá BYKO. Við erum þá sterkari á öðrum sviðum á mót. Að okkar mati kom ekkert nýtt inn á markaðinn með þessari auknu samkeppni. Svo á eftir að koma í ljós hvernig þetta mun þróast.“



VAKTASKIPTI Í TIMBRINU Jón Helgi Guðmundsson á erfitt með að sleppa hendinni af timbursölu og annarri starfsemi BYKO, en Guðmundur sonur hans vermir nú forstjórastólinn í þessu hálfra aldar gamla fjölskyldufyrirtæki sem var upphafið að viðskiptaveldi Jóns Helga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

■ RÆÐIR UM KAUPPING OG FJÁRFESTINGARNAR

Jón Helgi Guðmundsson hefur verið áberandi í íslensku viðskiptalífi á undanföllum árum og átti meðal annars stóran hlut í Kaupþingi þegar bankinn fór í þrot.

Fjárfestingafélag hans er skuldum vafið og hefur gert kyrrstöðusamning við lánardrottna sem rennur út í janúar á næsta ári. Um þetta og fleiri málefni, sem tengjast öðrum félögum Jóns Helga en BYKO, verður fjallað í ítarlegu viðtali við Jón Helga í Fréttablaðinu um næstu helgi.

Jónsmessuganga á Botnssúlur

Föstudaginn 22. júní

Ferðafélag Íslands fagnar sumarslóttum og Jónsmessu með göngu á Botnssúlur, **föstudaginn 22. júní**. Stefnt er að því að standa á tind Vestursúlu (1086 m) um miðnætti. Í kjölfarið býðst harðsnúnustu þátttakendum að halda áfram í spennandi hringgöngu um Botnssúlurnar og enda á Syðstusúlu.

Fararstjórar: Páll Guðmundsson, Páll Ásgeir Ásgeirsson, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Sigríður Lóa Jónsdóttir og Ævar Aðalsteinsson.

Brottför frá Mörkinni 6 kl. 18:00.



Skráning á skrifstofu FÍ í síma 5682533.

Sjá nánar á heimasíðu FÍ, www.fi.is

Skráðu þig inn – drífuðu þig út


Í lykilstöðu við uppbyggingu í Kópavogi og Fossvogshverfinu

Stofnendur BYKO, þá Guðmund H. Jónsson og Hjalta Bjarnason, hefur varla rennt í grun hvílikt viðskiptaveldi ætti eftir að byggjast upp á grunni byggingavöruslunarinnar sem þeir opnuðu 14. júní 1962 við Kársnesbraut í Kópavogi. Á þeim tíma var Kópavogurinn og Fossvogshverfið í Reykjavík að byggjast upp og mikil eftirspurn eftir byggingarefni. Verslunin sá einnig kaupfélögum úti á landi fyrir efni og hafði því aðkomu að nýbyggingum víða um land.



Við bjóðum vaxtagreiðslupak yfir höfuðið

Vaxtabreytingar geta valdið sveiflum í greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána. Vaxtagreiðslupak Íslandsbanka veitir skjól ef vextir hækka. Þá jafnast greiðslubyrðin en það sem fer upp fyrir þakið bætist við höfuðstól og dreifist á lánstímann.



Íslandsbanki hvetur alla til að kynna sér nánar skilmála vaxtagreiðslupaksins og þær tegundir lána sem í boði eru og taka ákvörðun að vandlega athuguðu máli.

Kostir vaxtagreiðslupaks

- Léttir greiðslubyrði ef vextir hækka
- Dregur úr óvissu og veitir öryggi
- Lánstími lengist ekki
- Óverðtryggð lán geta hraðað eignamyndun

Ókostir vaxtagreiðslupaks

- Hluta vaxtagreiðslunnar er frestað
- Höfuðstóll hækkar ef vextir lánsins eru umfram vaxtagreiðslupakið
- Hærri höfuðstóll hækkar heildarvaxtakostnað lánsins

Allar upplýsingar er að finna á www.islandsbanki.is

Við bjóðum
góða þjónustu



Bullandi hverir og blómabreiður

Hveragerði er næstur áfangastaða á för Fréttablaðsins um landið. Það er margt að sjá og gera í bænum og í næsta nágrenni hans.

1. Reykjadalur

Reykjadalur er ofan Hveragerðis. Gönguferð í hann er á flestra færi og hún er afar skemmtileg og fjölbreytt, ekki síst er gaman að baða sig í heitum lækjum á leiðinni.

2. Laugaskarð

Sundlaugin í Laugaskarði var lengi vel sú stærsta á landinu og þar æfði landsliðið í sundi þar til Laugardalslaug var vígð. Hún er ein sú fallegasta á landinu, teiknuð af Gísla Halldórssyni og byggð árið 1938.

3. Skrúðgarðurinn

Þó löng hefð sé fyrir garðyrkju í Hveragerði var það ekki fyrr en

árið 1986 sem skrúðgarður var þar settur á laggirnar. Nú er þar fallegur gróður með leiksvæði, bekkjum og borðum sem ferðamenn geta nýtt sér til útivistar. Skrúðgarðurinn markast af Breiðumörk, Skólamörk og Varmá. Mælt er með gönguferð í gil Varmár en þar eru hinar fegurstu litasamsetningar og hveralandslag.

4. Hamarinn

Fjöl margar lengri og skemmri gönguleiðir eru í Hveragerði. Nokkrar þeirra liggja upp á Hamarinn svonefnda sem skiptir bæjarlandinu í tvo hluta. Sunnan hans er byggðin, en að norðan er Ölfusdalur, óbyggður að mestu. Útsýni er gott af Hamrinum, þaðan sést yfir Hveragerði, Suðurlandsundirlendið og Ölfusdalinn í norðri. Vel má merkja jökulrákir frá síðasta jökulskeiði í Hamrinum.

ur, óbyggður að mestu. Útsýni er gott af Hamrinum, þaðan sést yfir Hveragerði, Suðurlandsundirlendið og Ölfusdalinn í norðri. Vel má merkja jökulrákir frá síðasta jökulskeiði í Hamrinum.

5. Hverasvæði

Hveragerði tilheyrir háhitasvæðinu í Hengli sem er ævagamalt og er Hveragerði í eldri hluta þess. Þar var hverasvæðið löngum farartálmí og til lítilla nota þótt alltaf þætti ferðamönnum það forvitnilegt. Móttaka er fyrir ferðamenn í skála við Hveramörk, austast á hverasvæðinu. Þar er hægt að afla sér margvíslegra upplýsinga um

tilvist jarðhitans, tengsl við örverufræði, jarðfræði, sprungur og eldvirkni.

6. Heilsustofnun NLFÍ

Landsmenn eiga líkast til flestir ættingja eða vini sem dvalist hafa á Heilsuhælinu í Hveragerði eins og það hét um langt skeið. Heilsustofnun NLFÍ eins og hún heitir í dag er í eigu Náttúrulækningafélags Íslands. Hún byggir á hugmyndafræði náttúrulækningastefunnar sem leggur áherslu á heilðrænar lækningar. Hægt er að dvelja þar í lengri eða skemmri tíma og svo er veitingastaðurinn opinn gestum og gangandi.

7. Hveragerðiskirkja

Hveragerðiskirkja stendur á Sandhóli og gnæfir tignarleg yfir bæinn. Jörundur Pálsson arkitekt við embætti Húsameistara ríkisins teiknaði kirkjuna.

8. Ölfusið

Nágrannasveitarfélag Hveragerðis, Ölfusið, leynir á sér en þar má þó fara í indælis bíltúr sem tilvalið er að enda í Þorlákshöfn. Þar var lengi vel ein mikilvægasta höfnin á Suðurlandi og á litlu svæði sunnan við elsta hluta bæjarins sér enn í gamlar tóftir verbúða og annars sem tengist verstöðinni.

Heimild: www.hveragerdi.is

Ástand landsins moldrok eða grænar hlíðar?

Málþing mánudaginn 18. júní, kl. 14 - 16 í sal Þjóðminjasafns Íslands. Málþingið fer fram á ensku, er öllum opið og aðgangur er ókeypis.



Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins kynna málþing um mat á ástandi úthaga og leiðir til að nýta þekkingu til að stuðla að sjálfbærri landnýtingu.

Dagskrá

- ✓ Setning málþings
- Hafdís Hanna Ægisdóttir forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.*
- ✓ Rangeland health condition in Iceland
- Jóhann Þórsson sérfræðingur, Landgræðslu ríkisins og Ólafur Arnalds prófessor, Landbúnaðarháskóla Íslands*
- ✓ Global Sustainable Land Management: Opportunities to Integrate Local and Scientific Knowledge Based on an Understanding of Land Potential
- Jeffrey Herrick, jarðvegsfræðingur við rannsóknastöð bandaríska landbúnaðar-ráðuneytisins (USDA-ARS) í Jornada, Nýju Mexíkó*
- ✓ Umræður



UNITED NATIONS
UNIVERSITY

UNU-LRT

Land Restoration Training Programme



MENNING AF MARGVÍSLEGUM TOGA

„Blóm í bæ“ í blómabæ

Löng hefð er fyrir mikilli blómaræktun í garðyrkjubænum Hveragerði. Því skal engan undra að þar skuli efnt til garðyrkju- og blómasýningar eins og gert verður í bænum um næstu helgi. Á föstudag hefst sýningin „Blóm í bæ“ sem nú verður haldin í fjórða sinn en sýningin stendur fram á sunnudag. Fjöldi viðburða verður á sýningunni en meðal þess sem er á dagskrá eru sýningar á plöntum. Þá verður efnt til samkeppni á meðal íbúa um bestu garðskreytingarnar, bestu blómakökuna og ýmislegt fleira. Þema sýningarinnar í ár verður „Sirkus“ og munu blómaskreytar töfra fram skreytingar innblásnar af sirkus. Hægt verður að gera góð kaup á mörkuðum sýningarinnar sem er fjölskyldumiðuð að því er fram kemur á heimasíðu hátíðarinnar. Þar er einnig greint frá því að tjaldsvæði Hveragerðinga verði opið alla hátíðisdagana. Nánari upplýsingar www.blomibae.is.



List og skjálfti

HORIZONIC

Í Listasafni Árneseinga í Hveragerði sendur nú yfir sýningin HORIZONIC. Á henni eru kynntir hljóðlistamenn frá útjaðri Norðurlandanna, Lapplandi, Færeyjum, Íslandi og Grænlandi. Sýningarstjórar eru listfræðingarnir Ásdís Ólafsdóttir og Emeline Eudes. Sýningin er skipulögð af ARTnord tímaritinu sem er helgað norrænni og eystrasaltneski list og er gefið út í París. Safnið er opið alla daga yfir sumarið.

Skjálftinn 2008

Orsök og afleiðingar jarðskjálftans í maí 2008 í Hveragerði er efniviður sýningarinnar Skjálftinn 2008 sem sjá má í Verslunarmiðstöðinni. Reynslusögur íbúa, upplýsingar um áhrif skjálftans á hús, nánasta umhverfi og innbú bæjarbúa er meðal þess sem er að finna á sýningunni. Á sjónvarps-skjám má sjá upptökur úr eftirlitsmyndavélum, ljósmyndir frá bæjarbúum og upplýsingar frá Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands. Hægt er að upplifa jarðskjálfta í jarðskjálftaherminum sem er yfir 6 á Richter.

BYLGJULESTIN Í HVERAGERÐI

Bylgjulestin verður á ferðinni í sumar eins og undanfarin sumar. Næsti áfangastaður er Hveragerði þar sem fylgst verður með sýningunni Blóm í bæ. Hemmi Gunn er lestarstjóri Bylgjulestarinnar og honum við hlið er hin fjöruga Svansí. Þau stýra þættinum Ævintýraeyjunni á Bylgjunni á laugardögum milli kl. 13 og 16. Í Bylgjulestinni er hljóðnemum beint að fólkinu sem býr í bæjunum, fólkinu sem er að ferðast um landið og kikir í heimsókn og reynt að koma stemningunni til allra hinna sem eiga ekki heimangengt.

FJÁRMÁL HEIMILANNA

LAUGARDAGUR 16. JÚNÍ 2012

Kynningarblað Sparnaðarráð, fjármálalæsi, húsnæðislán og óvæntar breytingar



Ýmsar leiðir eru til staðar ef einstaklingar og fjölskyldur vilja spara. Góð kvöldstund yfir heimilisbókhaldinu getur gefið ýmsar hugmyndir að sparnaði sem auðvelt er að framkvæma.

MYND/GETTY

Sparnaðarráð fyrir heimilið

Útgjöld heimilisins eru af margvíslegum toga. Einstaklingar og fjölskyldur ættu að setjast niður reglulega og fara yfir bókhaldið. Ef vel er rýnt í heimilisbókhaldið má yfirleitt finna leiðir til að spara og jafnvel taka út einstaka kostnaðarliði.

Matur

Stór hluti ráðstöfunartekna hvers heimilis fer yfirleitt í matvöru. Matur er vissulega nauðsynlegur en það er vel hægt að spara háar fjárhæðir á ári með skynsamlegri innkaupum. Lágvöruverslanir bjóða að öllu jöfnu upp á ódýrari matvöru og flestar matvöruverslanir eru með ýmis tilboð oft í mánuði. Skynsamlegt er að gera matseðil fyrir vikuna og kaupa sem mest inn í einni ferð. Ef rýnt er í matarvenjur heimilisins sést að þar finnast oft „óparfa“

vörur sem auðveldlega er hægt að sleppa eða kaupa minna af. Síðan er gaman að spreyta sig á því að finna uppskriftir af ódýrum og hollum mat.

Bíllinn og bensínið

Afborganir af bílalánunum og rekstrararkostnaður bílsins vega þungt í útgjöldum margra heimila mánaðarlega. Auðvitað væri frábært ef allir gætu gengið eða nýtt almenningsgöngur og raunveruleikinn er þó annar fyrir marga einstaklinga og fjölskyldur. Séu tveir

eða fleiri bílar á heimili er hægt að spara háar fjárhæðir árlega með því að leggja öðrum bílunum. Fyrir suma er raunhæfur kostur að hjóla eða taka strætó nokkra daga í viku til vinnu. Varast ber stuttar ferðir á bílunum, til dæmis út í næstu búð og reyna frekar að safna nokkrum erindum saman í eina ferð.

Afþreying getur verið dýr

Alls konar afþreying er í boði fyrir fjölskyldumeðlimi og kostar mismikið. Það er auðvelt að skera niður kostnað við afþreyingu með því að sleppa henni en líka má finna ókeypis eða mjög ódýra afþreyingu. Hvernig væri að skipta út bíóferðum og vídeóleigunni með tilheyrandi sælgætis kaupum fyrir til dæmis hjólreiðatúr eða sundlaugarferð? Heimsókn á næsta útivistarsvæði er líka góð afþreying, sérstaklega ef nesti, bolti og leiktæki eru með í för.

Þar má meðal annars nefna tryggingar heimilisins, bankaviðskipti, húsgögn og símaviðskipti. Ef fjárfest er í dýrum hlutum, til dæmis húsgögnum og innréttingum, á hiklaust að óska eftir tilboðum. Fjarskiptafyrirtækin bjóða upp á margvíslega þjónustu og flest heimili kaupa netaðgang, heimasíma og áskriftarþjónustu fyrir nokkra GSM-síma. Þetta eru háar fjárhæðir árlega og því ekkert sjálfsagðara en að óska eftir tilboðum í ýmsa þjónustu og vörur.

Tilboð óskast

Hægt er að spara háar fjárhæðir árlega með því að óska eftir tilboðum í ýmsa þjónustu og vörur.

Þar má meðal annars nefna tryggingar heimilisins, bankaviðskipti, húsgögn og símaviðskipti. Ef fjárfest er í dýrum hlutum, til dæmis húsgögnum og innréttingum, á hiklaust að óska eftir tilboðum. Fjarskiptafyrirtækin bjóða upp á margvíslega þjónustu og flest heimili kaupa netaðgang, heimasíma og áskriftarþjónustu fyrir nokkra GSM-síma. Þetta eru háar fjárhæðir árlega og því ekkert sjálfsagðara en að óska eftir tilboðum í ýmsa þjónustu og vörur.



Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðarkaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérparfa
- Ráðgjöf og úrræði í greiðsluvanda

Valkostur sem takmarkar óvissu í greiðslubyrði óverðtryggðra lána

Íslandsbanki býður upp á nýja þjónustu fyrir viðskiptavinum sína. Vaxtabak veitir þeim sem hafa óverðtryggð lán skjól fyrir toppum í greiðslubyrði við hækkun vaxta. Með Vaxtabakinu hafa viðskiptavinir nú raunverulegt val milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána.

Markmið og tilgangur Vaxtagreiðslupaksins er að létta greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána í óhagstæðara vaxtaumhverfi, að auðvelda viðskiptavinum að vera á óverðtryggðum lánaskilmálum þrátt fyrir hærra vaxtastig og að lokum að minnka óvissu viðskiptavina um greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána,“ segir Jón Finnbogason, aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabanka-sviðs Íslandsbanka.

„Grunnvirkni Vaxtagreiðslupaksins er þríþætt. Í fyrsta lagi, ef vextir lánsins hækka umfram skilgreint vaxtagreiðslupak tekur vaxtagreiðslan mið af því þaki en sú upphæð sem er umfram leggst við höfuðstól lánsins. Í öðru lagi að vextir sem leggjast við höfuðstól koma til greiðslu á þeim gjalddögum sem eftir eru af láninu. Í þriðja lagi að lántakandi velur vaxtagreiðslupakið sjálfur sem þó verður að vera yfir 7,5% ársvöxtum. Þannig getur viðskiptavinurinn stillt vaxtagreiðslupakið af miðað við greiðslugetu sína.

Þjónustan er valkvæð hvort heldur sem er fyrir þá sem eru nú þegar með óverðtryggð húsnæðislán eða nýja lántakendur.“



Jón segir það skyldu bankans að bjóða upp á mismunandi leiðir til fjármögnunar. Það sé ólíkt milli einstaklinga hvers konar lán henti hverju sinni. MYND/ERNIR

Ólíkir kostir og gallar verðtryggðra og óverðtryggðra lána

Bæði verðtryggð og óverðtryggð lán hafa kosti og galla sem þarf að veita og meta eftir því hvert markmiðið er

hverju sinni. „Verðtryggð húsnæðislán eru með léttari greiðslubyrði í upphafi lánstímans en þyngjast eftir því sem höfuðstóll hækkar vegna verðbóta. Þau hafa stöðuga


greiðslubyrði af því að raunvextir eru greiddir jafnóðum en verðbætur leggjast við höfuðstól og dreifast á lánstímann. Eignamyndun er hægari hjá þeim sem hafa verð-

tryggð lán, hluti fjármagnskostnaðar bætist við höfuðstól lánsins í hvert skipti sem hann fellur til, það er að segja verðbæturnar. Hjá lántaka verðtryggðs láns er mikilvægt að kaupmáttur hans og raunverð íbúðarhúsnæðis haldi. Óverðtryggðu húsnæðislánin hafa þyngri greiðslubyrði í upphafi lánstímans en þau verðtryggðu og sveiflurnar í greiðslubyrðinni eru meiri. Þar eru nafnvextir greiddir jafnóðum, vaxtabreytingar hafa því strax áhrif á greiðslur lántakandans. Hins vegar er eignamyndun hraðari hjá þeim sem hafa þessi lán. Fjármagnskostnaður er greiddur að fullu í hvert skipti sem hann fellur til og því engu bætt við höfuðstól.“

Íslandsbanki býður viðskiptavinum upp á að velja hvernig samsetningu af óverðtryggðum og verðtryggðum lánnum viðkomandi tekur. „Með Vaxtabakinu hafa viðskiptavinir nú raunverulegt val milli verðtryggðra og óverðtryggðra húsnæðislána þar sem óvissa um framtíðar greiðslubyrði hefur verið takmörkuð. Það er skylda okkar að bjóða upp á mismunandi leiðir til fjármögnunar. Það sem er best fyrir einn er ekki endilega best fyrir einhvern annan,“ segir Jón.

Við bjóðum vaxtagreiðslupak yfir höfuðið

Vaxtabreytingar geta valdið sveiflum í greiðslubyrði óverðtryggðra húsnæðislána. Vaxtagreiðslupak Íslandsbanka veitir skjól ef vextir hækka. Þá jafnast greiðslubyrðin en það sem fer upp fyrir þakið bætist við höfuðstól og dreifist á lánstímann.



Ný þjónusta

Nánari upplýsingar veitir Svan G. Guðlaugsson sölufulltrúi í sími 697 9300 svan@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugsson sölufulltrúi sími: 697 9300 svan@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar - með þér alla leið -

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS vísir FÉLAG FASTEIGNASALA Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

OKKAR MARKMIÐ ER AÐ HJÁLPA ÞÉR OG ÞÍNUM AÐ ÖÐLAST FJÁRHAGSLEGT SJÁLFSTÆÐI!



Í TILFNI ÞESS AÐ NÝ HEIMASÍÐA SPARNADAR ER KOMIN Í LOFTIÐ BÝÐST FYRSTU 100 EINSTAKLINGUM SEM PANTA RÁÐGJÖF Á SPARNADUR.IS

- UPPGREIÐSLUÞJÓNUSTU LÁNA AÐ KOSTNAÐARLAUSU Í 3 MÁNUÐI
- AÐGANG AÐ FJÁRHAGSKERFI HEIMILINNA AÐ KOSTNAÐARLAUSU Í 3 MÁNUÐI
- EINN TÍMA HJÁ RÁÐGJAFANA SPARNADAR TIL AÐ REIKNNA UPP ÖLL LÁNIN OG META HVAÐA SKULDBINDING SÉ BEST AÐ GREIÐA UPP FYRST OG Í HVAÐA RÖÐ
- EINN FRÍAN TÍMA Í FJÁRHAGSRÁÐGJÖF. (ÞETTA ER NÝ ÞJÓNUSTA HJÁ SPARNADI)

Kynntu þér nánar nýja heimasíðu Sparnaðar - sparnadur.is

Draumur um heimabíó horfinn

Kormákur Andri Þórsson, nemandi í 9. bekk í Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ, sigraði í Raunveruleiknum í ár. Raunveruleikinn hannaði Ómar Örn Magnússon og snýst hann um að grunnskólanemar kynnist fjármálum og hvernig ákvarðanir varðandi menntun og atvinnu hafa áhrif á líf þeirra.

Í Raunveruleiknum kynnst nemandur 9. og 10. bekkjar í grunnskólum ákvörðunum sem venjulegt fólk stendur frammi fyrir í lífinu. Þeir búa til persónu sem er á leið út í lífið eftir framhaldsskóla og gefa henni nafn. Í upphafi hefur persónan úr ákveðinni upphæð að spila og verður nemandinn að ákveða í hvað hún eyðir peningunum, hvernig lífsstíl hún velur, hvort hún fer í háskólanám eða sækir um vinnu. Þeir þurfa að fylgjast með fréttum og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á afkomu og afdrif persónunnar, láta enda ná saman og komast til met-

„Ég lærði til dæmis hvernig vextir virka og að eyða ekki í eitthvert bull

orða í hörðum heimi. Kormákur Andri Þórsson, sem sigraði í einstaklingskeppninni í ár, segist hafa lært mikið.

„Já, ég lærði til dæmis hvernig vextir virka og að eyða ekki í eitthvert bull. Draumurinn um heimabíó er alveg horfinn núna,“ segir hann og hlær. „Það má leyfa sér eitthvað en ekki allt,“ bætir hann við en þakkar skynsamlegum ákvörðunum gott gengi í leiknum.

„Við byrjuðum á að velja okkur menntun og út frá henni gátum við svo fengið vinnu. Ég valdi sjávarútvegsmenntun og varð skipstjóri. Ég var því á góðum launum,“ segir hann spökur. „Leikurinn virkaði þannig

að við skráðum okkur inn á hverjum degi og svöruðum spurningum. Svo fengum við úthlutað „örögum“ í lok dags, rauðum eða grænum. Eftir fyrsta daginn fékk maður þau örög að flytja að heiman, því fylgdi kostnaður. Eftir að hafa flutt að heiman fór maður í sambúð og eftir nokkra daga eignaðist maður barn. Öllu fylgdi kostnaður sem maður þurfti að reikna út, til dæmis hvað kostaði að kaupa barnavagn,“ útskýrir Kormákur.

„Einn dagur í leiknum var einn mánuður í raunveruleikanum og við spiluðum í fjórar vikur. Það var fín tími, ég hefði ekki nennt þessu mikið lengur,“ segir hann og hlær.

En þurfti hann að taka erfiðar ákvarðanir? „Nei, í rauninni ekki, ég komst í svo góða vinnu strax og var aldrei í fjárhagsvandræðum. Svo bættust laun „kærustunnar“ við svo ég var einhverjar milljónir í plús allan tímann,“ segir hann hlæjandi.

Í sumar er Kormákur Andri á fullu að æfa fótbolta með Keflavík og stefnir á Fjölbrotaskóla Suðurnesja eftir 10. bekkinn. Hann er ekki viss um að enda sem skipstjóri í framtíðinni þó starfið hafi gefist honum vel í Raunveruleiknum. „Mig og vin minn langar að komast á fótboltastyrk í útlöndum og atvinnumennska í fótbolta væri draumurinn.“

Í öðru sæti í keppni einstaklinga var Magdalena Ósk í Hjallaskóla og Eyrún Brynja í Grunnskóla Fjallabyggðar í þriðja sæti. Sigurvegarar í keppni bekkja í Raunveruleiknum var 9HG í Laugagerðisskóla, þau Guðný Margrét Siguroddsdóttir, Ragnar Jónasson og Ársæll Dofri Andrésson.



Kormákur Andri Þórsson, nemandi í Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ, veðjaði á skipstjórastarfið í Raunveruleiknum og sigraði einstaklingskeppnina í ár. Hann segir leikinn hafa kennt sér að ekki sé hægt að leyfa sér allt í peningamálum.

MYND/ANTON

FJÖLSKYLDUR MEÐ EINAR TEKJUR

Erfiðar aðstæður

Á einum degi getur fjölskylda sem reitt hefur sig á tvennar tekjur misst aðra fyrirvinnuna og þurft að lifa af einum launum. Þegar slíkt gerist er mikilvægt að vera með skipulag um hvernig haga skuli breyttum aðstæðum. Til að byrja með þarf að skoða fjármálasögu fjölskyldunnar, skoða mistök og sjá hvað hefði mátt hugsa betur. Passa þarf upp á litlu hlutina sem safnast upp, eins og kaffibolla á kaffihúsum, ef farið er oft út að borða og ýmsilegt fleira sem er fljótt að safnast upp. Gott er að skammta sér peninga áður en keypt er í matinn eða farið að kaupa nauðsynjavörur.

Þótt fjölskyldan þurfi að spara þá er engin ástæða til þess að sleppa allri skemmtun. Hægt er að fara ódýrt út að borða og fara í bíó á þriðjudögum þegar það er þriðjudagstilboð, setjast niður á Klambatúni og borða nesti og margt fleira. Til þess að eignast aukapening er hægt að setja upp bás í Kolaportinu eða selja hluti sem eru ekki í notkun á bland.is.

SPARNAÐARRÁÐ FYRIR BÍLEIGENDUR

Ef rétt er farið að má lækka bensínútgjöld án þess að leggja bílnum. Hér eru nokkrar ábendingar sem gætu fækkað ferðum á bensínstöðina.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að athuga loftþrýstinginn í dekkjunum. Ef hann er ekki í hámarki er gott að pumpa í dekkinn. Þetta er lítið mál að gera á næstu bensínstöð, það auðveldar aksturinn og sparar bensín.

Takið draslið úr bílnum. Hvert kíló skiptir máli. Því þyngri sem bíllinn er þeim mun meira bensín þarf hann.

Skiptið um loftsiú. Gamlar og skítugar síur hindra loftstreymi til vélarinnar og bensíneyðsla eykst. Næst þegar þarf að setja olíu á bíllinn er upplagt að láta skipta um síu í leiðinni.

Haldið jöfnum hraða. Þetta er einfaldasta leiðin til að spara bensín því sífelldar hraðabreytingar eyða eldsneytinu hratt. Þeim sem þykir erfitt að halda sig við efnið er bent á að stórir flutningabílar aka oftast á jöfnum hraða og því er hægt að fylgja þeim. Passið bara upp á bilið á milli bílanna.

Verið viss um að velja rétta leið. Stysta leiðin er oftast besti valkosturinn en athugið að betra er að keyra eftir götum sem krefjast ekki mikilla hraðabreytinga. Þess vegna eru stórar umferðargötur stundum betri en krókaleiðir í gegnum íbúðarhverfi, jafnvel þótt það sé lengri leið.



Alíslensk garðyrkjubók

Önnur prentun komin út stærri og endurbætt útgáfa

„Árstíðirnar í garðinum“ er fimmta bókin í bókaflokknum *Við ræktum*, sem Sumarhúsið og garðurinn gefur út. Höfundur er Vilmundur Kip Hansen garðyrkju- og þjóðfræðingur, einn þekktasti penni í garðyrkju á Íslandi. Ljósmyndir Páls Jökuls Péturssonar úr íslenskum gördum prýða bókina.

Í bókinni er fjallað um garðverkin og fjölda plantna, hvort sem um er að ræða sumarblóm, haustlauka, grænmeti, laukjurtir, fjölda kryddtegunda, sígræn og lauffellandi tré og runna, úrval ávaxtatrjáa og berjarunna.

VIÐ RÆKTUM

Bókaklúbburinn *Við ræktum* var settur á laggirnar vorið 2005 þegar fyrsta bókin kom út. Garðurinn allt árið. Árstíðirnar í garðinum er fimmta bókin í flokknum, en einnig hafa komið út bækurnar *Lauftré á Íslandi*, *Barrtré á Íslandi* og *Matjurtir*.

• Félagar í bókaklúbbnum fá bækurnar á betra verði.

Skráning í bókaklúbbinn er í síma 578 4800 eða á www.rit.is

SUMARHÚSIÐ
& GARÐURINN
20 ÁRA
1992-2012

www.rit.is

FERSKLEIKI OG HOLLUSTA Í HVERJUM BITA

OPIÐ 17. JÚNÍ

Í ÖLLUM VERSLUNUM NEMA
KRINGLUNNI

Ný uppskera



Aspas **1.598** kr/kg.



Ferskur maís **199** kr/stk.

FERSKARA
VERÐUR ÞAÐ
EKKI!



200g/pk

Íslensk jarðarber **598** kr/pk.

HOLLT SNAKK
TLBÚIÐ Í PÖKKUM



Skornir ávextir **398** kr/pk.



Ferskjur **598** kr/kg.



290g/pk

Bláber **598** kr/pk.



250g/pk

Kirsuber **598** kr/pk.

LÍFRÆNT OG HOLLT Í HAGKAUP! KÍKTU Á ÚRVALIÐ

EPLI
PERUR
KIWI
HVÍTLAUKUR
APPELSÍNUR
SÆTAR
KARTÖFLUR
AVOCADÓ
ENGIFER
AGÚRKUR
LAUKUR
TÓMATAR
RAUDRÓFUR



frábært úrval af eplum! - epli eru ekki bara epli!



Græn epli



Konfekt epli



Rauð epli



Gul epli



Jonagold



Royal gala



Fuji

SÚRT ←

→ SÆTT



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

NÝTT
KORTATÍMABIL

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


Krossgáta

Lárétt

- Líkamlegir forfeður gefa vaxtarlag (8)
- Grjótgras, hamrakál eða bjargblöð? (11)
- Stoppa og fanga hrædd sem forðast deilur (10)
- Skoðanaskap um yfirnáttúru (9)
- Sköp skapa möguleika á mökum (11)
- Kraftspírur eru lengri í annan endann (8)
- Skeyti ringluðu rosa ati við Waldorf-hótel (7)
- Leita einhverrar sem fæti var brugðið fyrir linnulaust (10)
- Án dyra er fólk úti á þekju (9)
- Finn eiginn skika utan hins opinbera (10)
- Hélt hryssa í hrossahópi? (8)
- Mannlaus bygging, manneskja, svona gaur á engan garð (12)
- Rugl um auð ungu, þvinguðu þrælanna (7)
- Hlunnindi unnu músíktílaunir 2002 (10)
- Hellingsræður um umfang og fjölda (9)
- Veislusukk eða öfugt, það kemur út á eitt (11)
- Sultarsnepillinn milli vita karls (9)
- 100% bræður og systur (10)
- Gegna gæja sem vottar vígslu (10)

Lóðrétt

- Styður strjálbýlið með greiðagengjunum (16)
- Sverta vinnustofurnar (16)
- Ef ókát eignaðist móðurlíf, yrði hún þjöttuð? (10)
- Gang flytur, enda á fótum (8)
- Ket er talan, afruglað er það kryddkaka (10)
- Stríðni hafði mætur á áreitinu (10)
- Hollar hernaði fyrir sinni sannfæringu (12)
- Fótafúin hefur alið af sér mein (7)
- Herði við sem ber ekki alltaf sitt barr (8)
- Hörkutól boða frestun ferðar (8)
- Fé og bursti? Nei, forarhyggur (9)
- Ringluð synda í faðm afskræmds (9)
- Sjálfsköpuð örlög ramma (5)
- Kasta blóði útlensku (11)
- Leita vaska, þvæ hönd (9)
- Pestarflog reynist tímabundin skapvonska (8)
- Trúfrelsi er óháefa, villimennska, spilling? (8)
- Manndráp klóraði kappsöm (7)
- Grænmeti kúgar fjölmíðla í fréttanaud (5)
- Gorta af fjölda fata sem þau torga (5)
- Dó döpur (4)
- Fram og aftur er klukkan þrjú (3)



Lausnarorð síðustu viku var
VEFJARHÖTTUR



FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak bókinni Lærlingurinn frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Jón Guðmundsson, Reykjavík** og getur hann vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.



Lausnarorð

Ef bókstofunum í skygðu reitunum er raðað rétt saman birtist fatnaður sem fæstir hefðu trúað að kæmist aftur í tísku. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 20. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „16. júní“.



Það styttest í ævintýrið!

Landsmót hestamanna Reykjavíkur 2012

25.06 – 01.07

Ógleymanleg skemmtun. Bestu gæðingar landsins etja kappi og helstu kynbótastjórnur landsins koma fram. Troðfull dagskrá með landsþekktum skemmtikröftum, kvöldvökum og fjölskyldustemningu. Á keppnissvæðinu er glæsilegur barnagarður.

Miðasala á www.landsmot.is

Styrktaraðilar:



Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1965

Dylan brýtur enn eitt blaðið

Bob Dylan tók upp lagið Like a Rolling Stone árið 1965. Það hefur verið valið besta rokklag sögunnar og gerbreytti rokk sögunni.

Á þessum degi fyrir áréttum 47 árum tók Bob Dylan upp lagið Like a Rolling Stone. Dylan var á þessum tíma að enduruppgötva sig sem tónlistarmann og var búinn að setja í samband og taka rafmagnnið í þjónustu sína. Það vakti misgóð viðbrögð og heitustu aðdáendum hans þótti hann hafa svikið hreintrúarstefnu þjóðlagatónlistarinnar.

Levon Helms, trommari the Band, lék undir með Dylan á tónleikaferð árið 1965. Hann lýsir því í ævisögu sinni hvernig tónleikagestir þúðu á Dylan og létu óánægju sína í ljós. Helms gafst upp á látunum og hætti í miðri tónleikaferð, en hann segir Dylan hafa verið staðfastan í að uppgötva nýja tónlistarstefnu og íðulega beðið hljómsveitina um að spila hærra.

Like a Rolling Stone var tekið upp á þessum degi fyrir 47 árum. Alls fóru ellefu tukur í lagið, en það var fjórða takan sem gefin var út. Lagið var 6 mínútur og 34 sekúndur að lengd, um það bil helmingi lengra en smáskífulög höfðu verið fram að því. Útgefandi Dylans, Columbia Records, tregðaðist því við að gefa það út á smáskífu. Það var upphaflega klippt í tvennt og sett á tvær hliðar, en að lokum gefið út í einu lagi og lagið Gates of Eden á hinni hliðinni. Lagið fór hæst í annað sæti bandaríska smáskífulistans, en tókst ekki að velta Help Bítlanna af stalli.

Tímaritið The Rolling Stone valdi lagið besta rokklag allra tíma, í könnun árið 2010. Ótal tónlistarmenn hafa lýst því hvernig það breytti hugmyndum þeirra um tónlist. Bruce Springsteen, heyrði það fyrst fimmtán ára gamall: „Það hljómaði eins og einhver hefði sparkað upp dyrum í huga þínum.“

Frank Zappa var ekkert að skafa utan af því heldur: „Þegar ég heyrði Like a Rolling Stone vildi ég hætta í tónlistarbransanum því ég hugsaði „Ef þetta sigir og gerir það sem það ætti að gera þarf ég ekki að bæta neinu við.“

Paul McCartney lýsti því þegar þeir Lennon hlustuðu í fyrsta skipti á lagið: „Það virtist engan enda ætla að taka. Það var svo falllegt... Hann sýndi okkur öllum að það var hægt að fara aðeins lengra.“




UPPTÖKUR Bob Dylan við upptökur á plötunni Highway 61 Revisited. Like a Rolling Stone er fyrsta lagið á þeirri plötu.

HITTUMST Í KVENNAHLAUPINU Í DAG, 16. JÚNÍ



HREYFING TIL FYRIRMYNDAR



Gamlir brjóstahaldarar lifa áfram!

Gríptu gömlu brjóstahaldarana og önnur undirföt sem þú getur séð af með þér í Kvennahlaupið. Rauði krossinn sér síðan um að koma þeim til kvenna úti í heimi sem þurfa á þeim að halda. Söfnunargámar verða á öllum stærri hlaupastöðum.

Sjóvá kvennahlaup ÍSÍ er kjörið tækifæri fyrir allar konur til að taka þátt í hollri hreyfingu og samveru.

Stærstu hlaupastaðirnir eru:

- Garðabær – Garðatorg kl. 14
- Mosfellsbær – Varmárvöllur kl. 11
- Reykjanesbær – Húsið okkar kl. 11
- Ísafjörður – Íþróttahúsið Torfnesi kl. 11
- Akureyri – Ráðhústorgið kl. 11
- Egilsstaðir – Tjarnargarðurinn kl. 11
- Selfoss – Byko í Langholti kl. 13
- Vestmannaeyjar – Íþróttamiðstöðin kl. 12

Upplýsingar um alla hlaupastaði og tíma-setningar eru á sjova.is.





42 BANDARÍSKI GOLFARINN PHIL MICKELSON á afmæli í dag. „Tilgangurinn með golfi er ekki eingöngu að sigra. Hann er að spila eins og heiðursmaður og vinna.“

+

Áskær eiginmaður minn og bróðir,
ÖRN EDVALDSSON
lést þriðjudaginn 12. júní á sjúkrahúsi í Svíþjóð.



Lena Andersson
Sigrún Guðnadóttir
Sesselja Inga Guðnadóttir
Sigurður Guðnason
Sverrir Guðnason

+

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
JÓNINU SIGURBORGAR JÓNASDÓTTUR
Dalbraut 16, Reykjavík.



Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns og Hjúkrunarþjónustunnar Karitas fyrir frábæra umönnun.

Sigurbjörg Björnsdóttir
Guðmundur Björnsson
Björg Björnsdóttir
Sigrún Þóra Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Páll R. Pálsson
Guðrún W. Jensdóttir
Sveinn B. Hreinsson
Kristinn Halldórsson

+

Útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,
TORFA JÓNSSONAR
fyrirverandi lögregluþjóns,
fer fram frá Neskirku mánudaginn 18. júní kl. 13.



Hilda Torfadóttir
Hlín Torfadóttir
Gerður Torfadóttir
Magnús Ingvar Torfason
barnabörn og barnabarnabörn.

Haukur Ágústsson
Sigrún Sigurðardóttir

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
DÓRA KETILSDÓTTIR
frá Ísafirði,
lést á Hjúkrunarheimilinu Holtsbúð að Vífilsstöðum föstudaginn 8. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum starfsfólki Holtsbúðar einstaka alúð og hlýhug.



Þórir Lárusson
Birna Lárusdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Magnea Ragnarsdóttir
Hallgrímur Kjartansson

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,
GUNNLAUGS GUNNARSSONAR
Æsufelli 4, Reykjavík.



Þorbjörg Einarisdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
HARALDUR SIGURDSSON
rafmagnsverkfræðingur,
Miðvangi 159, Hafnarfirði,
andaðist á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 14. júní.



Alexía Margrét Gísladóttir
Haukur Þór Haraldsson
Katrín Haraldsdóttir
Bjarki Þór Hauksson
Birgir Hauksson
Haraldur Orri Hauksson
Alexía Margrét Jakobsdóttir
Finnbogi Jakobsson

Bylgja Birgisdóttir



OPNAR GLUGGA AÐ LEYNDARDÓMUM LAXINS Valgarður við handgerðan fisk eftir Ingjaldr Káráson. Sá er með innyflum og öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

LAXASETUR ÍSLANDS: OPNAÐ Á BLÖNDUÓSI Í DAG

Hér er lifandi sýning laxfiska

Laxableikur veggur vekur athygli þegar stigið er inn í Laxasetur Íslands sem verður opnað í dag á Blönduósi og þegar gengið er úr afgreiðslunni inn í aðalsýningarsalinn er það eins og að berast með straumi blátærrar ár. „Hér er lifandi sýning laxfiska,“ segir Valgarður Hilmarsson framkvæmdastjóri setursins sem hefur laðað að hönnuðina Helgu Jónasdóttur og Kristínu Arnþórsdóttur og þúsundþjalasmiðinn Ingjaldr Káráson til að sjá um uppsetningu sýningarinnar.

Hugmyndina segir Valgarður þó hafa komið frá konu að nafni Alva Kristínardóttir sem hafi byrjað undirbúning árið 2008. „Í febrúar fyrir rúmu ári fórum við Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson að velta fyrir okkur hvort hægt væri að hrinda þessu í framkvæmd og fengum leyfi hjá Ölvu til að taka við verkefninu og það varð niðurstaðan. Við leituðum samstarfs við veiðifélögin hér í Húnavatnssýslu og leigutaka ána og fengum hönnuðina í lið með okkur.“

Einn vegginn í sýningarsalnum þrýðir risamynd af Norðurá í Borgarfirði og stórt fiskabúr á stöllum, eins og laxastigi, er í miðjum salnum. Sögulegar upplýsingar eru á spjöldum úr plexíglerti því raki verður í salnum. Þar er sagt frá þróun laxveiða á Íslandi því lengi vel veiddu menn sér til matar en nú hefur laxveiðin breyst í lúxussport þar sem fiskunum er sleppt í stórum stíl. Fræðast má um næringargildi laxfiska, þróun í matreiðslu, líffræði laxins og lífsferil.

Í litlum hliðarsal rúllar falleg sex mínútna kvikmynd af háttum laxins í sínum heimkynnum og á sjónvarpsskjá verða stuttar veiðisögur. Með skjávarpa



Í BARNAHORNINU Ingjaldr Káráson hagleiksmaður leikur sér við veiðar í barnahorninu sem hann bjó til.

og snertiskjá er Íslandskortinu varpað á vegg, þar er hægt að velja landshluta og ár og fá upplýsingar um lengd árinnar, meðalveiðitölur, veiðifélög og fleira þess háttar. Þá má nefna sýningu á veiðarfærum og búnaði veiðimanna, bæði þeim sem nú tíðkast og þeim sem tilheyrja fyrri tíma og voru í eigu Rafns Hafnfjörð, Sigurðar K. Jónssonar og Matthíasar Einarssonar læknis. Ekki má heldur gleyma að geta barnahornsins sem Ingjaldr hefur gert, þar sem krakkar geta dundað sér við veiðiskap.

Húsnæði Laxaseturs Íslands var upphaflega byggt sem bifvélaverkstæði en

þjónaði um tíma sem rækjuverksmiðja, að sögn Valgarðs sem er með háleitar framtíðarhugmyndir. Við erum með rannsóknarsetur í huga í samstarfi við Háskólann á Hólum, Veiðimálastofnun og Landsamband veiðifélaga. Það er verið að stofna nýtt þekkingarsetur hér á Blönduósi í samstarfi við þessa aðila. Eins dettur okkur í hug að taka við af la af veiðimönnum, vinna hann, reykja, grafa og fleira slíkt. En það er ekki komið af stað. Þó ætluðum við að vera með smá smakk af slíku og líka vöfllur í fiskaformi.“

gun@frettabladid.is

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
ÖNNU FRÍÐRÍKSÓTTUR (DÚDDU).
Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarhlíðar, Dvalarheimilinu Hlíð, fyrir einstaka umönnun og hlýju.



Anna Lilja Sigurðardóttir
Inga Hrönn Sigurðardóttir
barnabörn og langömmubörn.

Þórir Sigurðsson
Eiríkur Óskarsson

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
ÁSTA VILHJÁLMSDÓTTIR
lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 13. júní. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 22. júní kl. 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Hrafnistu í Reykjavík.



Erna Hallgrímsdóttir
Helga Hallgrímsdóttir
Herdís Hallgrímsdóttir
Pétur V. Hallgrímsson
ömmu og langömmubörn.

Finnbogi Böðvarsson
Konráð Beck
Sigurður Ólafsson
Hafdis Ragnarsdóttir

KÆRU ÍSLENDINGAR



Vildi frelsi...
... ekki helsti!
— Alþakka öll blóm í dag

17. júní 2012



Einstök, persónuleg listaverkabók, Sigurpór Jakobsson myndverk (art works) 2005–2012, er komin út.

Íslenskur og enskur texti. Sýning og kynning 16. og 17. júní kl. 10–16 í **nonpareille GALLERY**, Skólavörðustíg 1a.

Bókin er til sölu í dag 16. júní hjá **Kaffifélaginu**, Skólavörðustíg 10 (Sérstakt kynningarverð þessa tvo daga).

Þessi birting er kostuð af **SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS**



Innilegustu þakkir færur við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengaföður og afa,

GÍSLA GEIRS HAFLIÐASONAR



Ólöf Jónsdóttir
Ingibjörg Yr Gísladóttir
Jón Niels Gíslason
Vilborg Kr. Gísladóttir

Guðmundur Magnússon
Erla Aradóttir
Sigurður Friðriksson
og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR (GÓGÓ)
Svöluási 1a, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum að morgni 11. júní. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 19. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á velunnara Krabbameinsfélagsins í síma 540 1922.



Díana Margrét Hrafnadóttir
Harpa Lind Hrafnadóttir
Ari Hrafn Steinarsson
Ketil Orr Ketilsson

Steinar Hólmsteinnsson
Ketil Arn Ketilsson
Sindri Örn Steinarsson
Guðrún Embla Ketilsdóttir



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinsemd vegna andláts okkar ástkæru

FREYJU JÓHANNSDÓTTUR
Urðarbakka 6,

sem lést 17. maí síðastliðinn. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Heimahlynningar Landspítalans og líknardeildar, fyrir yndislega aðhlyningu og ómetanlegan stuðning í veikindum hennar. Megi blessun fylgja ykkar göfuga starfi.



Bragi Agnarsson
Leifur Agnarsson
Laufey Björg Agnaradóttir
Pór Agnarsson
Vigdís Björk Agnaradóttir
Finnbogi Jóhann Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Bjarney Runólfsdóttir
Ásdís Þóra Davidsen
Bettina Wunsch



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN INGIBJÖRG
SIGURÐARDÓTTIR
frá Fáskrúðsfirði,
Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudag 13. júní. Jarðsett verður frá Digraneskirkju föstudaginn 22. júní kl. 13.00.



Eggert Oddur Össuraron
Sigurður Þórir Eggertsson
Valdimar Eggertsson
Guðbjörg Eggertsdóttir
Ásdís Eggertsdóttir
Gunnar Jóhannsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ingileif Kristinsdóttir
Ásta Sigurjónsdóttir
Ásmundur Karl Ólafsson



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

BJARGAR HÁKONÍU
HJARTARDÓTTIR


Þórarinn Ingi Jónsson
Smári Þórarinnsson
Rósa Þórarinsdóttir
Björk Þórarinsdóttir
Órvar, Nói, Vala, Ívar, Alexander, Sindri, Próstur og Adda
og langömmustelpurnar Alda, Gabriela Sif og Þórey

Magnús Andrésón
Kristinn Pétursson



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið tímatot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



ÍSLAND ALLAN HRINGINN Myndinni var varpað á tening úr sýningartjöldum.

KVIKMYND VAKTI ATHYGLI Í FRANKFURT OG Í SJANGHÆ: SÝND Í HÖRPU Í SUMAR ÖÐRUVÍSI ÍSLANDSMYND LOKS SÝND Á ÍSLANDI

Íslandskvikmynd sem tekin var með nýrri tækni og sýnd í íslenska sýningar-skálanum í tengslum við heimssýninguna í Sjanghæ árið 2010 og bóka-messuna í Frankfurt í fyrra verður sýnd í Silfurbergi í Hörpu í sumar. Íslendingum gefst þannig tækifæri til þess að sjá verk sem vakti mikla athygli á báðum sýningum; 360 gráðu kvikmynd.

„Þetta er frábærlega skemmtilegt mál,“ segir Halldór Guðmundsson sem nýverið tók við stjórnartaumum í Hörpu. „Ég kom ekki sjálfur til Sjanghæ en sá verkið auðvitað í Frankfurt og myndinni verður ekki lýst öðruvísi en sem stórkostlegri upplifun. Hún er sýnd inni í hálfgerðum teningi sem búinn er til úr sýningartjöldum. Áhorfendur ganga inn í tjaldið og fylgjast með myndinni allt um kring og fyrir ofan sig líka. Reynslan er sú að flestir horfa oft á verkið til þess að ná öllu því sem fram fer,“ segir Halldór og bætir við að nýjasta tækni hafi verið notuð við tökurnar á myndinni sem er unnin af Saga-film.

„Markmið myndarinnar, sem er um 15 mínútur að lengd, er að sýna Ísland í sínum fjölbreytileika, náttúru og borg. Þarna gefur að líta þekkt



LÖGÐUST Í GÓLFÍÐ Þýskir áhorfendur njóta myndarinnar í Frankfurt.

og óþekkt staði á Íslandi í frábærum náttúrumyndum sem teknar voru að miklu leyti úr þyrlum og flugvéllum. Það var notast við margar myndavél- ar en þær voru allar samtengdar sem skilar eftirminnilegri kvikmyndaupplifun. Tónlistin við kvikmyndina er eftir Hilmar Örn og hún er órjúfanlegur þáttur verksins.“

Halldór fylgdist með viðbrögðum áhorfenda í Frankfurt þar sem hann

var framkvæmdastjóri Sögueyjunnar Íslands. „Aðsóknin í íslenska skálann sló öll met þar og þessi mynd var auðvitað hluti af aðráttaraflinu. Þjóðverjarnir lögðust í gólfíð til að ná öllu sem fram fór. Og nú geta Íslendingar fengið að sjá landið sitt með þessum nýstárlega hætti.“

Sýningar í Hörpu hefjast 29. júní og standa í fimm vikur hið minnsta.

sigrídur@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 16. JÚNÍ 1963

Fyrsta konan út í geiminn

Á þessum degi árið 1963 var hin sovéska Valentina Tereshkova send fyrst kvenna út í geiminn um borð í geimfarinu Vostok 6.

Valentina var í 71 klukkustund á sporbaugi um jörðu og fór á þeim tíma 48 sinnum í kringum jörðina áður en hún lenti Vostok 6 af öruggi á jörðinni aftur. Flugdi gerði Valentínu að þjóðhetju í Sovétríkjunum og var hún sæmd Lenínórðunni skömmu síðar fyrir afrek sitt. Áður höfðu Sovétmenn sent fyrsta manninn, Júrí Gagarín, og fyrsta hundinn, Laika, út í geiminn. Valentina, sem var áður áhuga-fallhlífarsökkvari, var valin úr hópi yfir 400 umsækjenda til að fara út í geiminn en reynsla af fallhlífarsökkvi var einmitt eitt af skilyrðunum fyrir inntöku. Önnur skilyrði voru meðal annars að vera undir þrítugu, undir 170 sentimetrar á hæð og undir 70 kíló að þyngd. Síðar þetta sama ár giftist Valentina öðrum geimfara, Andrian Nikolajev. Þau eignuðust árið 1964 saman dótturina Elenú Adrianovna og var hún fyrsta barnið í sögunni sem átti foreldra sem báðir voru geimfarar. Geimfarahjónin skildu árið 1982.



TÓNLEIKAR Hallfríður Ólafsdóttir kemur fram í Þingvallakirkju.

Hallfríður á Þingvöllum

Aðrir tónleikar í tónleikaröðinni Þriðjudagskvöld í Þingvallakirkju verða haldnir 19. júní klukkan 20. Þá mun Hallfríður Ólafsdóttir, sólóflautuleikari Sinfóníunnar og höfundur Maximúsar Músíkúsar sjá um fimmtíu mínútna einleiksdagskrá.

Hallfríður leikur tónlist sem öll tengist sumrinu og náttúrunni á einn eða annan hátt. Aðgangur er ókeypis.



Sjáðu nýja gerð af Explorer í sumarbirtunni
Frumskýnum sumarsólinna með nýjum Ford Explorer
Ný tækni. Nýtt útlit. Ný viðmið. Nýtt og betra verð. Sjáðu sumarsólinna úr nýjasta Ford Explorer jeppanum.



Lífið er sumar og sól

Sumarsólin er komin

Nætturnar eru bjartar. Himinninn er blár og á hugann leita ferðalög og ævintýrabrá. Lífið er reyndar ævintýri líka. Njóttu ævintýrisins á nýjum bíl. Finndu sumargleðina á ný.

Notaða Ford vantar á söluskrá
Settu eldri Ford uppí nýjan

Ford Explorer Limited

3,5 lítra V6 TIVCT bensín 290 hö.
5 dyra 7 manna sjálfskiptur AWD
Eldsneytisnotkun 10,3 l / 100 km

Verð frá 9.980.000 kr.**

* í langkeyrslu

Kauptu sumarjeppann í Brimborg

Aktu á nýjum Ford Explorer út í sumarið. Stýrðu lýsingunni í bílnum og hafðu hana eins og þér finnst hún fallegust. Prófaðu fjarstartið. Hlustaðu á frábært hljóðkerfi bílsins. 11 hátalarar og bassabox að auki og allt frá Sony. Mátadu þig við 20" álfelgurarnar. Tylltu þér í mjúk leðursætin. Uppgötvaðu þægindi lykjalauss aðgengis. Sjáðu hvað bakkmyndavélin gerir fyrir þig.

Fáðu upplýsingar um verksmiðjuábyrgð sem hentar þínum aðstæðum.

Komdu í kaffi og kleinur
Komdu á frumsýningu í Brimborg í dag

Opið í dag 12-16

Spryðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár

Opið í dag

Opið í dag 12 - 16.
Komdu og skoðaðu Ford Bíldshöfða 6.

Settu gamla bílinn uppí nýjan

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja

Komdu í Brimborg og láttu kaupadstoðarmenn hjálpa þér að kynna Ford Explorer. Farðu í ferðalögin í sumar á jeppa lífsins. Vertu í hópi þeirra bestu.
Veldu Ford.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

nettó

Kræsingar & kostakjör



LAMBALÆRI
SNEITT - FROSID

1.392

ÁÐUR 1.698 KR/KG



GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐARHELGI

BRATWURST PYLSUR
330 G

28% AFSLÁTTUR

395

ÁÐUR 549 KR/PK



OSTA-
GRILLPYLSUR
300 G

29% AFSLÁTTUR

390

ÁÐUR 549 KR/PK



KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS

40% AFSLÁTTUR

299

ÁÐUR 498 KR/KG



NAUTAKÓTELETTUR
PEPPERSTYLE

Kjötbankinn

1.998

ÁÐUR 2.498 KR/KG



KARTÖFLUR
BBQ - 600 G

599

ÁÐUR 689 KR/PK



Kjötbankinn

ÍTALSKT LAMBALÆRI
ÚRB.

31% AFSLÁTTUR

1.998

ÁÐUR 2.895 KR/KG



SALTKRINGLUR
BAKAÐ Á STAÐNUM

95

ÁÐUR 189 KR/STK

50% AFSLÁTTUR



BERLÍNARBOLLUR
BAKAÐ Á STAÐNUM

50% AFSLÁTTUR

99

ÁÐUR 198 KR/STK



KLETTASALAT
BLANDAÐ
200 G

249

ÁÐUR 498 KR/PK

50% AFSLÁTTUR



NÝBAKAD
TILBOÐ

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

KJÚKLINGA-
LEGGIR
BBQ

40% AFSLÁTTUR

599

ÁÐUR 998 KR/KG



HÆ HÓ JIBBÍ JEY OG JIBBÍ JEY!

NETTÓ
KAFFI
400 G



489

ÁÐUR 549 KR/PK

EMERGE
ORKUDRYKKUR
2 TEG. 250 ML



89

ÁÐUR 119 KR/STK

HJÓNABANDSSÆLA
KRISTJÁNS BAKARÍ



699

ÁÐUR 998 KR/STK

30% AFSLÁTTUR

PEPSI / PEPSI MAX
33 CL



75

ÁÐUR 99 KR/STK

SPRITE
6 X 330 ML



FANTA ORANGE
6 X 330 ML



COCA-COLA
6 X 330 ML



398

ÁÐUR 498 KR/PK

SNÚÐAR
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ 500 G
KANIL/SULTU/SÚKKULAÐI



498

ÁÐUR 579 KR/PK

SPELTBRAUÐ
MYLLAN



349

KR/2 PK

2 FYRIR 1

COOP
SALTSTANGIR
250 G



119

ÁÐUR 189 KR/PK

Tilboðin gilda 14. - 17. JÚNÍ

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Í TILEFNI AF hundrað ára afmæli skátastarfs á Íslandi hafa skátar tekið höndum saman við Landsvirkjun um uppsetningu á sýningunni Undraland – Minningar frá Úlfjótstvatni, sem tileinkuð er starfsemi skáta á Úlfjótstvatni síðustu sjö áratugina. Á sýningunni gefst gestum kostur á að skyggjast inn í ævintýraheim skáta við Úlfjótstvatn og þess fjölbreytta starfs sem þar fer fram. Sýningin verður opnuð í Ljósafossstöð klukkan 14 í dag. Í kjölfar opunarinnar verður boðsgestum boðið í skátakakó í Gilwell-skálanum klukkan 15.30.


Lísaloppa og Kata í ratleik

20

Bragi Halldórsson

„Hér eru fjórar tegundir fugla sem allar eru með sérhæfðan gogg til að borða mismunandi fæðu“ las Lísaloppa. „Getur þú parað saman hvern fugl og þá fæðu sem hann er sérhæfður í að borða.“ Kata rýndi í myndina smá stund og sagði svo. „Þetta væri kanski auðveldara ef þetta væru íslenskir fuglar.“ „En við þurfum bara að horfa á gogginn á þeim og þá eigum við að geta séð hvaða goggur er bestur til að borða mismunandi mat,“ sagði Lísaloppa. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „Ég þekki svo sem ekkert íslenska fugla betur en erlenda.“

Getur þú hjálpað þeim að para saman fuglsgoggana og viðeigandi fæðu?



SVAR: A 06 3, B 06 4, D 06 1, E 06 2.



BRANDARAKISTAN

Hafið þið heyrt um maraþonhlauparann sem hljóp í spik?

Eða hafið þið heyrt um bakarann sem bakaði bara vandræði?

Þið hljótið að hafa heyrt um trommarann sem sló í gegn?

Og rafvirkjann sem var í stuði?

Svo ég tali nú ekki um rakarana tvo sem fóru í hár saman?

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

www.ms.is



Fáðu þér góða mjólkurskvettu!



SKEMMTILEGAST AÐ HEIMSÆKJA KRAKKA

Stígvélaði kötturinn gæti lifað á rjómblandi, besti vinur hans heitir Ari og hann heldur með Hollandi á Evrópumóti karla í fótbolta.

- Þú ert alltaf kallaður Stígvélaði kötturinn, en hvað heitir þú fullu nafni?** Ég var nefndur Don Depill Simba við fæðingu en það vita það mjög fáir.
- Hvað ertu gamall?** Þetta finnst mér óviðeigandi spurning. Ég get þó sagt að ég hef slitið kettlingaskónum en hef þó ekki enn þurft að fara inn á Kattholt.
- Hvar fæddist þú?** Sú dýrdarstund átti sér stað milli fullra hveitipoka, undir ofninum í mylluhúsi nokkru í Ævintýraskóginum.
- Hvort gengurðu í gúmmíeða leðurstígvélum?** Leður! Að sjálfsgöðu.
- Harðfisk eða rjóma?** Ég gæti lifað á rjómblandi.
- Hvað finnst þér best að borða?** Sardínur með þeyttum rjóma, mjá, ég fæ vatn í munninn.
- Hver er besti vinur þinn?** Ari, engin spurning.
- Hvert er uppáhaldsævintýrið þitt fyrir utan Stígvélaða köttinn?** Ætli ég verði ekki að segja Mjallhvít og dvergarnir sjö, Hans klaufi, Rauðhetta og Galdrakarlinn í Oz.
- Ertu á Facebook?** Já! Ásamt hinum vinum mínum í Leikhópnum Lottu.
- Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Ferðast um landið og heimsækja skemmtilega krakka.
- Kanntu góðan brandara?** Marga! Hér kemur einn frábær. Einu sinni voru tveir kettir á leiðinni í teygjustökk, þá sagði annar „mjá“ og hinn svaraði „akkúrat það sem ég ætlaði að segja“. Hahahahaha!
- Verður þú aldrei bílveikur á ferðalagi með Leikhópnum Lottu?** Nei, það hef ég aldrei orðið. Hins vegar verða Hans hátign og Fríða prinsessa oft veik enda ekki von því að ferðast með almúganum.
- Með hvaða íþróttaliði heldurðu?** Breiðabliki. Þó Fylkir sé með flottustu búngingana.
- Með hverjum heldurðu á EM?** Hollandi. Þeir bera af í appelsínugula litnum. Appelsínugulur er sko uppáhaldsliturinn minn!

Landnámshæna leikur kúnstir

- Landnámshænan Auður, sem á heima á sveitabæ á Suðurlandi, er enginn venjulegur fugl. Hún er reyndar hálfgerður furðufugl. Þegar eigandi hennar setur korn eða annað góðgæti fyrir framan hana hoppar hún og fær gott í gogginn að launum. Hún hoppar að vísu ekki hátt, ekki nema um millimetra frá jörðinni, en það þykir einstaklega fyndið og forvitnilegt á að horfa.
- Þar með eru brögð hinnar skynsömu Auðar ekki upptalin. Þegar hún er úti í garði og finnur til svengdar goggar hún í eldhúsgluggann, þangað til einhver kemur út og gefur henni að borða. Hún kann sér

staklega vel að meta Rice Crispies.

Landnámshænur er nafn yfir þá tegund sem hefur verið á Íslandi lengst allra hænsna. Þær eru minni en margar aðrar hænur í útlöndum, en harðgerar og duglegar. Þær voru á tímabili í útrýmingarhættu, en eru það ekki lengur, þökk sé aðdáendum hænunnar víða um land.

Það er ekki víst að allar landnámshænur geti leikið listir eins og Auður, en þær eru þó þekktar fyrir að hægt er að kenna þeim ýmislegt. Þær hænast líka margar hverjar að mannfólki og þykja mjög skemmtilegir fuglar.





ERU ALLIR TILBÚNIR Í MIKKA MARAFON 17. JÚNÍ?


Mikka marafon er skemmtilegt hlaup fyrir alla fjölskylduna. Það verður í Laugardalnum í Reykjavík á þjóðhátíðardaginn **17. júní**. Upphitun hefst kl. 10.30 og hlaupið byrjar kl. 11.00.

Skráðu þig og fjölskylduna á mikkimus.is eða þegar þið mætið í hlaupið. Skráningargjald er 500 kr. og ágóðinn rennur til sjóðsins **Blind börn á Íslandi**.

Góða skemmtun og gleðilegan þjóðhátíðardag!



krossgáta



LÁRÉTT

2. bak, 6. 950, 8. slegið gras, 9. fugl, 11. frú, 12. hopp, 14. húrra, 16. dreifa, 17. fjór, 18. traust, 20. hljóta, 21. maður.

LÖÐRÉTT

1. samtals, 3. skammstöfun, 4. nefrennsli, 5. inngangur, 7. andmæli, 10. netja, 13. kóf, 15. rænuleysi, 16. stykki, 19. klukka.

LAUSN

Óráð: 16. 'stík, 19. úr.
 LÖÐRÉTT: 1. alls, 3. eh, 4. nefkvef, 5. fef, 18. trú, 20. fá, 21. karl.
 LÁRÉTT: 2. lend, 6. lm, 8. hey, 9. lóm, 11. fr, 12. stökk, 14. bravó, 16. sá, 17. fer, 18. trú, 20. fá, 21. karl.

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM

Sundföt

frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa

Sundbolir



Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð: frá 4.990 kr.

Allt að 60%

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Sundskýlur



Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Allt að 40%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.

Bikiní



Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: frá 1.990 kr.



Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Allt að 75%

Watershorts



Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Allt að 55%

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.

**SPORT
OUTLET**

Vinlandsleið 6 | 113 Reykjavík

Opið:

Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17

Tom Cruise og allir hinir

BAKPANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Tom Cruise kom til landsins í vikunni. Hann leikur aðalhlutverkið í stórmyndinni Oblivion, sem verður tekin upp að hluta hér á landi í sumar. Fjölmíðlar fjalla um hvert fótmál leikarans og ljóstra upp um dvalarstað hans með slíkri nákvæmni að ráðvilltar smástúlkur hugsa sér gott til glóðarinnar og mæta jafnvel á staðinn í von um að fá að baða sig í frægðarljóma stórstjörnunna.

ER ekki hægt að láta manninn í friði? Þetta minnir mig á þegar ég var að spila á Iceland Airwaves og beið baksviðs eftir söngkonunni og Hollywood-stjörnunni Juliette Lewis, fyrrverandi kærustu Brad Pitt, sem var væntanleg ásamt hljómsveit. Risavaxnir dyra-verðirnir þurftu ekki að segja mér tvisvar að láta mig hverfa. Ég segi nú bara eins og Iggy Pop sagði við mig í Leifsstöð árið 2006: „Góðan daginn!“

VIÐ verðum að læra að umgangast fræga fólk. Mark Wahlberg hefði t.d. skellt á mig þegar ég tók símavíðtal við hann á dögunum, ef ég hefði ekki kunnað að haga mér. Þegar ég var búinn að fá bráðnaudsynlegar upplýsingar um kvikmyndina

Contraband lét ég mér nægja að spjalla í tíu til tuttugu mínútur áður en ég hleypti honum aftur í vinnuna. Hann var reyndar örlítið þurr á manninn og ég sagði Balta (Baltasar Kormáki leikstjóra) það en Wahlberg talaði reyndar vel um Darra (Ólaf Darra leikara).

FRÆGT fólk verður að geta átt athvarf á Íslandi — gríðastað sem það getur heimsótt og fengið að vera í friði. Það er ekkert kúl við að sitja um stjörnur í von um að fá að líta þær augum. Leikarinn Viggo Mortensen var alveg sammála mér um það þegar ég hitti hann á Patró fyrir tveimur árum. Þar var hann algjörlega látinn í friði, enda kunna Patreksfirðingar að taka á móti fólk! — og elda fisk, en Viggo gæddi sér einmitt á þorski og horfði á leik í Meistaradeildinni.

LOKS þurfum við að láta slúðrið eiga sig. Hvað kemur það okkur við þótt sumar stjörnur kjósi að kanna lystisemdir holdsins á meðan á dvöl þeirra á landinu stendur? Þó að söngvarinn í hljómsveitinni Incubus hafi lent í óvæntu ástarævintýri í sturtu Laugardalshallar og að gítarleikari Korn hafi glatað gítar eftir villt teiti sem fór úr böndunum. Það er algjör óþarfi að dreifa slíku slúðri. Gerard Butler, kviðmágur minn, myndi taka undir það.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótél! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótél
Laugardaginn 16. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Sunnudaginn 17. júní frá kl. 11:00 til kl. 19:00

Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt,
Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl



FRÍTT VERÐMAT!
Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.



Kaupum alla demanta



Umsagnir frá viðskiptavinum

Besta verðið!

Ég hef selt talsvert af gullskartgripum og demöntum undanfarið ár á Íslandi og undantekningalaust hef ég fengið besta verðið hjá www.kaupumgull.is Þau eru fljót að meta, vandvirk og áreiðanleg.
Jóna Guðmundsdóttir

Fljót og góð þjónusta hærra verð en hjá gullsmið!

Ég kom með talsvert magn af skartgripum úr dánarbúi sem við systkynin áttum. Í 2 ár hafði ég reynt að selja gripina hjá gullsmiðum án árangurs. Mér til undrunar og ánægju voru þeir metnir af www.kaupumgull.is á hærra verði en ég hafði reynt að selja þá hjá gullsmið. Gripina fékk ég staðgreidda og allt ferlið gekk hratt og örugglega fyrir sig.
Sigurður Eiríksson

Ég kom með föður mínum með skartgripum sem ég hafði fengið í arf, ég taldi að þeir væru um 150.000 kr virði, ég var því frekar hissa og ánægð þegar þeir voru metnir af www.kaupumgull.is á 580 þús, til að hafa vaðið fyrir neðan mig fékk ég tilboð frá fleiri aðilum, hins vegar borguðu www.kaupumgull.is mun betra verð en aðrir.
Sigríður Jónsdóttir



Staðgreiðum einnig verk eftir

þekktu íslenska listmálara

eins og Gunnlaug Blöndal,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason, Flóka,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
og fleiri.

Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hótel

Upplýsingar og tímabátanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



FRYSTI VARA **2798 KR. KG** 
DANSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE



1379 KR. KG
KJARNAFÆÐI
FRSKT EINIBERJA-KRYDDAÐ LAMBALÆRI



1495 KR. KG
BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
SS KRYDDAÐ LAMBALÆRI



79 KR. DÖSIN



FRYSTI VARA **3998 KR. KG** 
ÞÝSK FROSIN NAUTALUND



3598 KR. KG 
FROSID LAMBA KJÖT
KS FROSID LAMBAFILLET



1495 KR. KG 
FROSID LAMBA KJÖT
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



798 KR. KG 
FROSINN LAMBABÓGUR
200 KR. VERÐLÆKKUN PR.KG.
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS



295 KR. KG 
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIN LAMBASVIÐ

ÓPIÐ Í ÞESSUM BÓNUSVERSLUNUM FRÁ 12-18 SUNNDAG 17. JÚNÍ

HELLUHRAUN - FISKISLÓÐ - HOLTAGARÐAR - GRAFARVOGUR - KJÖRGARÐUR - SMÁRATORG - HALLVEIGARSTÍGUR - SELFOSS - AKRANES - BORGARNES - REYKJANES - AKUREYRI



698 KR. 6 LTR

COCA COLA 4 X 1.5 LTR.



198 KR. 2 LTR.



GÓU-ÞRENNAN

HRAUNBITAR - PRINSBITAR - AEDIBITAR
3 X 200 GR KASSAR
598 KR.



CANDYFLOSS 20 GR
98 KR.

ÍSLENSKUR FÁNI
98 kr. stk



HANDY SMOKKAR 18 STK.
HVER SKEMMTUN AÐEINS 16,5 KR.



298 KR. 12 STK.



TE & KAFFI
NÝ PAKKAÐ 400 GR
SUMARKAFFI
BAUNIR EÐA NÝMALAÐ
759 KR.



RISASTÓR SNUÐ
198 KR. STK


AFGREIÐSLUTÍMINN Í VERSLUNUM BÓNUS
LAUGARDAGUR 16. JÚNÍ SUNNUDAGUR 17. JÚNÍ
10.00-19.00 12.00-18.00

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur

Finndu Bónus á Facebook 

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



ÍSLENSK PAPIKA PÖKKUÐ
798 KR.KG



FERSKUR STÓR ANANAS
FRÁ COSTA RÍKA CA 1,7 KG
359 KR.STK



AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖLFUR
275 KR.KG.



BÓNUS SPÍNAT 200 GR
398 KR. PK

fróosh
fruit: bottled



298
KR. FLASKAN

fróosh smoothie ávaxta-
orkudrykkur 250ml flaska

NÝ UPPSKERA
FRÁ FRAKKLANDI

KARTÖFLUR
259 KR.KG



KJARNAFÆÐI

KOFAREYKT
BEINT AÐ NORDAN



1798
KR. KG

2598
KR. KG

KOFAREYKTUR ÚRBEINADUR
HANGIFRAMPARTUR **1798 KR.KG**
KOFAREYKT ÚRBEINAD HANGILAERI
2598 KR.KG.

OPIÐ Í BÓNUS

LAUGARDAGUR 16.JÚNI
10.00-19.00

SUNNUDAGUR 17.JÚNI
12.00-18.00

HELLUHRAUN - FISKISLÓÐ - HOLTAGARÐAR - GRAFARVOGUR - KJÖRGARÐUR
- SMÁRATORG - HALLVEIGARSTÍGUR - SELFOSS - AKRANES - BORGARNES -
REYKJANES - AKUREYRI



ÍSLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU
359 KR.KG



AVACADO FRÁ S-AFRÍKU
495 KR. PK
PAKKAÐ 750 GR PAKKING



ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 GR
149 KR STK.



PURE PINEAPPLE
JUICE

Ferskur ananassafi
eingöngu úr ferskum
pressuðum ananas
1. litr brúsar.

398 KR.



FROSIN JARÐARBER
1.2 KG
475 KR.PK.

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbar



ÞJÓÐLEG STEMNING Á ÁRBÆJARSAFNI Venju samkvæmt verða þjóðbúningar í aðalhlutverki í Árbæjarsafni á þjóðhátíðardag Íslendinga 17. júní. Gestir eru hvattir til að mæta í eigin búningum. Upp úr klukkan 13 munu eigendur glæsvagna Fornbílaklúbbs Íslands sýna sig á safnsvæðinu og drossiurnar með. Klukkan 16 verða þjóðdansar dansaðir á torgunu.



FINNUR FALLEGAN SAMHLJÓM Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari lét draum verða að veruleika með því að skapa tónlistarhátíðina Reykjavík Midsummer Music. Hann hefur haft gaman af því að finna fallegan samhljóm í öllum smáatriðunum í kringum hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með áhættuatriði á tónlistarhátíð

Tónlistarhátíðin Reykjavík Midsummer Music 2012 fer fram í fyrsta sinn í Hörpu 17. til 19. júní. Píanóleikarinn Víkingur Heiðar Ólafsson er hugmyndasmiður og listrænn stjórnandi hátíðarinnar, sem einvalalið tónlistarmanna tekur þátt í.

„Mig hefur alltaf langað að vera með mitt eigið litla tónlistarfestival. En hugmyndin varð ekki skýr í huga mínum fyrr en fyrir um ári síðan, þegar ég var með tónleika með Kristni Sigmundssyni þann 16. júní. Þá var stemningin svo skemmtileg og mögnuð og ég áttaði mig á að hásumarið væri einmitt tíminn fyrir svona lagað. Þó það sé ákveðin áhætta fólgin í þessum árstíma finnst mér þetta á sama tíma svo músíkalskur tími. Það eru svo góð stemning í öllum. Við erum að æfa langt fram á nótt, tónlistarmennirnir, og allir eru í stuði. Þetta myndi aldrei ganga ef við hefðum myrkrið yfir okkur,“ segir Víkingur Heiðar Ólafsson, píanóleikari og listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Midsummer Music 2012, sem fram fer í Hörpu 17. til 19. júní næstkomandi.

Klikkuð efnisskrá

Með Víkingi flytur einvalalið tónlistarmanna kammertónlist á hátíðinni - píanóleikarinn Ástríður Alda Sigurðardóttir, Megas, Einar Jóhannesson klarínettuleikari, Stefán Jón Bernharðsson hornleikari, fiðluleikararnir Sigrún Eðvaldsdóttir og Ari Þór Vilhjálmsson, víðluleikarinn Þórunn Ósk Marínósdóttir, sellóleikararnir Bryndís Halla Gylfadóttir og Sigurgeir Agnarsson og Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari. „Þetta eru miklar kanónur sem ég hef með mér, allt rosalega skemmtilegt tónlistarfólk. Ég var líka svo heppinn að ekkert þeirra andmælti þeirri klikkuðu efnisskrá sem ég valdi fyrir tónleikana,“ segir Víkingur. „Hana valdi ég með allt það sem er skemmtilegast við kammermúsík að leiðarljósi. Þessa þversagnakenndu togstreitu þess að spila sundur og saman. Lýðræði og einræði. Hlýðni og óhlýðni. Ligeti-horntríó er frábært dæmi. Í því er stór og erfiður píanópartur en jafnvel enn stærri og erfiðari hornpartur. Og svo er fiðlan þarna líka, sem er von því að fá að vera aðal. Smá fætingur á milli allra, kannski vegna þessarar óstöðugu hljóðfæraskipunar. Kvartett stendur traustum fótum í jafnvægi en svona tríó, þetta er eins og þrífætt dýr. Skrímsli jafnvel, miðað við hvað það er erfitt.“

Fólk hugsar of mikið

Verkin sem leikin verða á tónleikunum fjórum segir Víkingur öll eiga það sameiginlegt að vera skemmtileg og samín á síðustu 120 árum, eða svo. „Þetta er allt ný músík, samín í heimi sem sættir sig ekki við breytingarnar sem urðu á 20. öld. En það þarf ekki að draga allt í dilka, við reynum að láta flokkana litlu skipta.“

Víkingur nefnir Megas sem dæmi um flytjanda á lokatónleikunum, sem passar kannski ekki inn í hina hefðbundnu flokkun. Þar mun Megas flytja lög sín og texta, búin fyrir klassísk hljóðfæri af Þórði Magnússyni, syni hans. „Annað dæmi er Ravel-fiðlusónatan, þar sem hinn sérkennilega agaða og barokk-kennda

útgáfa Ravels af impressjónism-anum tekur flipp. Þetta er yndislega ljóðræn tónlist en leikræn líka, full af stemningu. Svo erum við með eitt áhættuatriði, þar sem Bryndís Halla sellóleikari spilar rafmagnað sóló og allir hinir músíkantarnir leika undir hjá henni. Þetta er rosalega skemmtileg útsetning sem Daníel Bjarnason gerði fyrir okkur.“

Víkingur hefur á tilfinningunni að tónlistin sem flutt verður á Midsummer Music geti gengið fyrir alla, hvort sem þeir aðhyllist klassík eða popp, eða eitthvað allt annað. Hann vonast til þess að sem flestir láti sjá sig á tónleikunum, líka þeir sem eru ekki vanir því að mæta á klassíska tónleika. „Fólk hugsar allt of mikið. Sérstaklega reyndar þegar það reynir að kynna sér nútímatónlist. Það stressar mann upp og er ekki vænlegt til nautnar. Fólk á að slaka á og hlusta. Hitt kemur.“

Ný reynsla að fá að ráða

Ein ástæða þess að Víkingur gat látið drauminn um að skapa tónlistarhátíð verða að veruleika var að hann fékk styrk úr Menningar-sjóði SUT (Samtaka um tónlistarhús) og Rutar Hermanns. „Þetta er sjóður sem margir greiddu reglulega í af sínu eigin fé á meðan tónlistarhúsið Harpa var enn þá fjarlægur draumur. Það er gott að byggja á svona fallegum grunni, um von og þrá fólks til að heyra góða tónlist. Þetta skiptir máli, því andi í verkefnum eins og þessum er mjög mikilvægur.“

Víkingur hefur ekki áður staðið í skipulagningu tónlistarviðburðar af þessari stærðargráðu og segir það skemmtilega reynsla. „Ég fæ að ráða ansi miklu en er með þínulítinn og skemmtilegan hóp af fólki sem hefur verið að vinna með mér í þessu í 250 prósent vinnu. Við höfum til dæmis dökumenter að allt ferlið og haft mikinn presens á netinu. Ég hef tekið þátt í mörgum ólíkum þáttum, sem ég fæ ekki að vera með í þegar ég er að spila fyrir einhvern annan. Það hefur verið mjög gaman fyrir mig, að reyna að finna einhvern fallegan samhljóm í öllum smáatriðunum í kringum þetta.“

Nær óspilandi píanókvintett

Víkingur stefnir að því að gera Reykjavík Midsummer Music að árlegum viðburði. Hann ætlar hins vegar ekki endilega að til-einka hátíðina kammertónlist. „Stefnan er að þetta verði ólíkar hátíðir, hvað tónlistina varðar. Kannski verður næst meiri einleikur, kannski líka stærri bönd. Það getur líka vel verið að við blöndum meiri sjónrænni list inn í þetta næst,“ segir Víkingur, en tekur fram að þetta sé allt saman framtíðarmúsík. Það sem hann hefur hugann við í dag er að hátíðin sem fram undan er heppnist sem allra best. „Ég er rosalega spenntur, æfi mig langt fram á nótt og reyni að vakna mjög snemma.“

Eitt af því sem hann er að takast á við er píanókvintett breska tónskáldsins Tómasar Adés, sem Víkingur frumflytur á Íslandi á kvöldtónleikum mánudagsins. „Þetta er gríðarlega flókið verk, næstum því óspilandi! Það er langt síðan ég hef eytt eins löngum tíma í að komast í gegnum tónverk, síðast var það þegar ég var að æfa mig fyrir Rachmaninoff númer 3. Svona er þetta yfirlausnilegt prógramm. Það er hressandi að gera eitthvað yfirlausnilegt svona af og til.“

holmfridur@frettabladid.is



Fundur í tilefni af viku endurnýjanlegrar orku í Evrópu

Þróun eldsneytisnotkunar á Íslandi

- í lofti, á láði og legi

20. júní 2012 | Grand Hótel | kl. 09:00-11:00

Dagskrá

Verkefnið - „CO2 Electrofuels“

Guðmundur Gunnarsson, fagstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Endurvinnsla koltvísyrings og sjálfbær framleiðsla á fljótandi eldsneyti: nýsköpun fyrir Ísland og umheiminn

Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá CRI

Endurnýjanleg orka fyrir skipaflotann

Teitur Gunnarsson, fagstjóri hjá Mannvit

Græna orkan

Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar Nýorku

Flugið - eldsneytisnýting í nútíð og framtíð

Sigurjón Sigurjónsson, gæðastjóri hjá Icelandair

Umræður

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá 08:30. Þar mun starfsemi Enterprise Europe Network verða kynnt, sem og eftir fundinn.

Fundarstjóri: Kristín Halldórsdóttir, forstöðumaður Enterprise Europe Network á Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á heimasíðu Nýsköpunarmiðstöðvar: www.nmi.is.

Allir velkomnir



FISLÉTTIR FERÐAFÉLAGAR

MESTA FERÐATÖSKUÚRVALIÐ
Í EYMUSSON SMÁRALIND
OG Á EYMUSSON.IS

 **DELSEY'**

travelite

Léttur ferðamáti



5% afsláttur af öllum ferðatökum
fyrir Vildarklúbbsmeðlimi.
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson

Bóksali frá 1872

Íslenska óperan setur upp Il Trovatore í haust

Íslenska óperan frumsýnir óperuna Il Trovatore eftir Giuseppe Verdi í Eldborg í Hörpu þann 20. október næstkomandi. Óperan er eitt vinsælasta verk ítalska meistarans, en þetta verður í fyrsta sinn sem verk eftir hann verður flutt í heild í Hörpu.

Þetta er þriðja óperan sem Íslenska óperan setur upp í Hörpu á einu ári en Töfraflautan og La Bohème voru á dagskrá í fyrra. „Við stefnum að því að vera með tvær sýningar á vetri,“ segir Stefán Baldursson óperustjóri. „Við reynum að raða þessu þannig upp

að verkin séu ólík. Töfraflautan og La Bohème voru léttari en nú kemur Verdi inn af miklum krafti með dramatískt verk sem ólgar af ástriðu og hefnd.“ Il Trovatore hefur einu sinni verið sett upp áður í Íslensku óperunni, árið 1986.

Í helstu hlutverkum verða Jóhann Friðgeir Valdimarsson í hlutverki Manrico, Auður Gunnarsdóttir í hlutverki Leonoru, Alina Dubik og Elsa Waage sem skipta með sér hlutverki Azucenu, Viðar Gunnarsson í hlutverki Ferrando og Tómas Tómasson í hlutverki Luna greifa,

en hann syngur fyrstu þrjár sýningarnar og heldur svo til Milanó, þar sem hann þreytir frumraun sína í Scala-óperunni í Lohengrin eftir Wagner. Barítónsöngvarinn Anooshah Golesorkhi tekur síðan við hlutverkinu af Tómasi. Hljómsveitarstjóri er hin bandaríska Carol I. Crawford. „Það sætir tíðindum því þetta verður í fyrsta sinn sem kona heldur um tónsprotann í óperuuppfærslu við Íslensku óperuna,“ segir Stefán.

Alls verða sex sýningar á Il Trovatore en miðasala hefst í byrjun ágúst.



STEFÁN BALDURSSON Il Trovatore eftir Verdi er dramatískari en síðustu verk óperunnar; La Bohème og Töfraflautan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 16. júní 2012

→ Gjörningar

14.00 Birgir Sigurðsson opnar myndlistarsýningu sína, Reynslusaga matarfélis, í Flóru í Listagilinu á Akureyri. Í til efni þess mun hann fremja gjörninginn Reglugerð um ofát á sama stað.

→ Sýningar

14.00 Söluþýning á grafíkverkem Errós verður opnuð að Brekkugerði 19. Sýningin er haldin í tilefni af áttæðisafmæli listamannsins nú í sumar. Enginn aðgangseyrir er inn á sýninguna.

→ Hátíðir

13.00 Hverfishátíð og flómarkaður verður haldin á Bollagöturóló í Norðurmyri (við endann á Gunnarsbraut og Auðarstræti). Allir velkomnir.

14.00 Buddha bar heldur upp á eins árs afmæli sitt með afmælispartíi allan daginn og fram undir morgun. Ókeypis veitingar meðan birgðir endast og skemmtidagskrá í boði fyrir alla.

→ Umræður

14.00 Heimspækikaffihúsið verður haldið á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er Hvað er sönnun? Allir velkomnir.

→ Tónlist

15.00 Jazzsumartónleikaröð veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu halda áfram. Að þessu sinni koma fram feðginir Stefán S. Stefánsson og Erla Stefánsdóttir ásamt hljómsveit. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu og aðgangur er ókeypis.

17.00 Þýski spunatónlistarmaðurinn Christoph Schiller heldur tónleika að Ingólfsstræti 10, efstu hæð, efstu bjöllu. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

18.00 Orgelfoss 2012 fer fram í Hallgrímskirkju. Flæðandi orgeltónlist verður í kirkjunni til klukkan 21. Frítt er inn en tekið við frjálsum framlögum í viðgerðarsjóð Klais orgelsins í Hallgrímskirkju.



20.00 Hljómsveitin Mannakorn heldur stórtónleika í Hofi, Akureyri. Sveitin hefur spilað saman frá árinu 1975 og gefið út 12 geisladiska. Miðaverð á tónleikana er kr. 4.900.

20.30 Stormsveitin heldur stórtónleika í Hlégarði. Sveitina skipa fjórraða karlakór og fimm manna rokkhljómsveit. Miðaverð er kr. 2.500.

22.00 Hljómsveitin Gordon Riots vaknar eftir rúmlega tveggja ára dvala og heldur tónleika á Bar 11. Þeim til liðsinnis verður hljómsveitin We Made God. Aðgangur er ókeypis.

22.00 DJ Seth Sharp heldur stuðinu gangandi á Glaubar. Ýmis tilboð á barnum.

22.00 KK-band, Bein leið, ásamt óvæntum gestum spila á Café Rosenberg.

23.00 Sálin hans Jóns míns spilar á SPOT, Kópavogi. Líklega mun hljómsveitin frumflytja nýtt lag sitt, Hjartadrottningar, auk þess sem tekin verða öll þeirra þekktustu lög.

23.00 Helgi og Hljóðfæraleikarnir halda tónleika á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

23.00 Pálmi Hjaltason skemmtir á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.00 Húsbandið spilar á Hvítahúsinu, Selfossi. Aðgangur er ókeypis og 2 fyrir 1 á barnum. Aldurstakmark er 18 ára.

→ Leiðsöggn

12.00 Ingibjörg Helga leiðir gesti um sýningu sína, Mál er að mæla, í Listasal Mosfellsbæjar til klukkan 15.

→ Listamannspjall

15.00 Dodda Maggý verður með listamannspjall í tengslum við sýninguna Horionic í Listasafni Árnesinga. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.



NÝJUNG

Í HANDHÆGUM
UMBÚÐUM



Þræddir, þræddir, snæddir.

Í salatið, í nestisboxið, á ostapinnann og út í heita rétti.

Það eru nánast engin takmörk fyrir möguleikum ostakubbanna.

HVÆÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 17. júní 2012

→ Sýningar

17.00 Sumarsýning Sláturhússins á Egilsstöðum opnar, en þetta er í fjórða sinn sem hún er sett upp. Feðgarnir Þór Vígfússon og Helgi Þórssón og mæðginin Ólöf Birna Blöndal og Sveinn Snorri Sveinsson sýna list sína. Léttar veitingar og ljúf tónlist í boði.

→ Hátíðir

10.00 Akureyrarbær fagnar 17. júní með hátíðarhöldum. Nánari dagskrá má sjá á www.visitakureyri.is.



13.00 Þjóðhátíðargleði verður á Árbæjarsafni í allan dag. Meðal þess sem verður á dagskrá eru fornþálar, þjóðdansar og ýmsar sýningar.

→ Dansleikir

20.00 Þjóðhátíðardansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn í félagsheimili þeirra að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur léttu danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

→ Tónlist

16.00 Hanna Björk Guðjónsdóttir og Ingunn H. Hauksdóttir flytja nokkur af ástsælustu sönglögum þjóðarinnar í djassútgáfu á Gljúfrasteini. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



16.00 Andrea Jónsdóttir leikur klassískt rokk af hljómplötum á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

17.00 Fyrstu tónleikar Alþjóðlegs orgelsumars 2012 fara fram í Hallgrímskirkju. Hörður Áskelsson organisti og Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari spila. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

21.00 Hljómsveitin Mannakorn heldur þjóðhátíðartónleika á Rauðku, Siglufirði. Miðaverð er kr. 2.500.

→ Leiðsögn

14.00 Þjóðminjasafn fagnar þjóðhátíðardegnum með ókeypis aðgangi og leiðsögn um grunnsýningu safnsins, þjóð verður til - Menning og samfélag í 1200 ár.



20.00 Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðs Reykjavíkur, leiðir áhugasama um fjöruna á Laugarnestanga þar sem gróðurfar er fjölbreytt. Þátttaka er ókeypis og mæting við Laugarnestanga.

Garðabær býður fólki á tónleika

Hljómsveitin Salon Islandus ásamt söngkonunni Diddú kemur fram á hátíðartónleikum í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli í Garðabæ á morgun, 17. júní, klukkan 20. Aðgangur er ókeypis í boði Garðabæjar. Hátíðartónleikarnir eru hluti af 17. júní dagskrá bæjarins.

Salon Islandus hefur starfað síðan í ársbyrjun 2004. Hljómsveitin kemur reglulega fram á tónleikum víða um land og hefur hún verið fastagestur í Garðabæ undanfarnin ár. Forverar þessarar átta manna hljómsveitar eru tríó og síðar kvarsett sem allt frá níunda áratug síðustu aldar héldu reglulega Vínar- og

aðra skemmtitónleika og hafa margir söngvarar komið fram með hljómsveitunum í gegnum tíðina.

Hljóðfærarleikarar Salon Islandus á tónleikunum verða þau Zbigniew Dubik og Pálína Árnadóttir á fiölu, Margrét Árnadóttir á selló, Hávarður Tryggvason á kontrabassa, Martial Nardeau á flautu, Sigurður I. Snorrason á klarínettu, Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó og Pétur Grétarsson á slagverk.

Flutt verða létt og skemmtileg verk við allra hæfi. Á efnisskránni eru verk eftir Johann Strauß, Franz Lehár, ABBA og fleiri og von er á leynigesti.



SALON ISLANDUS Flytja létt og skemmtileg verk við allra hæfi.



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ RSÍ Á APAVATNI 2012

Fjölskylduhátíð RSÍ verður haldin 22. – 24. júní að Skógarnesi við Apavatn.

Dagskráin verður með hefðbundnu sniði en meðal skemmtiatriða eru víðavangshlaup, pútt- og veiðikeppni og að sjálfsgöðu verða grillaðar pylsur.

Félagar, mætum og tökum þátt í skemmtilegri fjölskylduhátíð

á stórglæsilegri orlofsaðstöðu sambandsins.

Allir atburðir hefjast við Stóra húsið!



Dagskrá 23. júní

kl. 09:00 Bíó leikur

kl. 09:00 Veiðikeppni hefst

kl. 09:00 -11:00 Skráning í fótbolta og púttkeppni

kl. 11:00 -16:00 Hoppukastalar Skátanna

kl. 13:00 Víðavangshlaup

kl. 13:30 Púttkeppni hefst

kl. 13:30 – 15:00 Fótboltakeppni

kl. 15:00 Pylsur grillaðar

kl. 16:00 Trúður

kl. 17:00 Skila inn skorkortum og veiði dagsins mæld

kl. 20:30 Kvöldvaka / Verðlaunaafhending

kl. 21:00 – 23:30 Ingó og veðurguðirnir ásamt Bláum Opal

kl. 23:30 Varðeldur

Munið félagsskirteinin

Frítt fyrir félagsmenn og fjölskyldur.

Ath. 3.000.- kr. helgin fyrir gesti félaga, 1.500.- kr. fyrir 13-18 ára, frítt fyrir 12 ára og yngri.



RAFÍÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Sími: 580 5200. Fax: 580 5220. rsi@rafis.is

KRÓNAN

Nýtt kortatímabil!



FRÁBAERT
á grillið



3498 kr. kg

Lambafille, ókryddað eða með hvítlauks- og rósmarinmarineringu



2298 kr. kg

Krónu kjúklingabringur



279 kr. stk.

Allra grillsós, pipar og hvítlauks, 250 ml



186 kr. stk.

MS kryddsmjör, 3 teg., 100 g



659 kr. pk.

Krónuís bragðarefur, 1,33 l



159 kr. pk.

Nóa Pipp súkkulaði, 4 teg., 100 g

Gleðilega Þjóðhátíð!



79 kr. pk.

Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir



699 kr. pk.

B4Y grillkol, 2,5 kg



149 kr. pk.

Grillbakkar 3 stk. í pk.

Einnota borðbúnaður og glös



First Price

Diskar, 22 cm 599 kr.

Diskar, 18 cm 499 kr.

Glös, 80 stk. 399 kr.

Gafflar, 20 stk. 169 kr.

Hnífar, 20 stk. 169 kr.

Skeiðar, 20 stk. 169 kr.

Teskeiðar, 36 stk. 169 kr.



359 kr. pk.

First price eldhúsrúllur, 4 í pk.



Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

Nýtt!



GRILLPRENNA

Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

Grillað etta

**GRILLBAKKI 1
SNOGGI GRILLARINN**



1598

kr./kg

Kjúklíngaleggir, 2 pylsutegundir og grísaríf

**GRILLBAKKI 2
STEIKARGRILLARINN**



1998

kr./kg

Ungnauta entrecote, grísahnakki og gríspjót

**GRILLBAKKI 3
FLOTTI GRILLARINN**



2198

kr./kg

Grísakótilettur, grísasiða og lambainnalæri

**PIPAR-
MARINERAÐ**



1398

kr.
kg

Piparmarinerað lambalæri

4
í pk.



698

kr.
pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.

6 x 120 g



1198

kr.
pk.

Goða hamborgarar, 6 x 120 g

Nýtt!

4
í pk.



749

kr.
pk.

Goða Smáborgari, 4x60 g ungnautaborgari og 4 hamborgarabrauð

Nýtt!

2
í pk.



898

kr.
pk.

Goða Heimsborgari, 2x120 g ungnautaborgari, beikon, ostur og 2 hamborgarabrauð

898

kr.
kg

Grísakótilettur í kassa, frosnar

**Spari-
kassi**



**KÍKTU Á
kronan.is**
- meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar
á www.kronan.is



200 MANNS skipa fylgdarlið tónlistarkonunnar Madonna í tónleikaferðalagi hennar um heiminn. Þar af eru 30 lífverðir en MDNA ferðalag söngkonunnar hófst í maí og lýkur í desember.

Takk fyrir fantasíuna þína

Fjölmargir hafa tekið þátt í verkefninu. Takk fyrir frábærar viðtökur!

Ef þig langar að vera með þá er hægt að senda inn sögur til 19. júní

fantasiur.is



UNG OG EFNILEG Leikararnir Vignir Rafn Valþórsson, Saga Garðarsdóttir og Ævar Þór Benediktsson voru fulltrúar ungu kynslóðarinnar.



HRESS Linda Loeskow, Högni Egilsson og Elsa Kristín Sigurðardóttir tóku sig vel út.

Líf og fjör á Grímunni

Uppskeru- og verðlaunahátíð leikarastéttarinnar Gríman fór fram með pompi og prakt í Hörpu á fimmtudagskvöldið. Leiksýningin Tengdó var sigurvegari hátíðarinnar. Valur Freyr Einarsson var meðal annars valinn leikskáld ársins og leikari ársins í aðalhlutverki og sýningin valin sýning ársins. Fjölmennnt var á hátíðinni en hlóm-sveitin Orphic Oxta lék fyrir dansi að verðlaunahátíðinni lokinni.



GLÆSILEG Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Herdís Þorvaldsdóttir, Egill Ólafsson og Tinna Gunnlaugsdóttir.



FLOTTAR Marta Nordal og Edda Björg Eyjólfssdóttir skemmtu sér.



SKEMMTILEGT Helga Braga Jónsdóttir, Vigdís Finnbogadóttir og Guðfinna Rúnarsdóttir.



EKTA ÍSLENSKT SUMAR



LANGHÆST Gisele Bündchen, önnur frá vinstri, aflar mun meiri tekna en keppinautur hennar Kate Moss.

Gisele Bündchen tekjuhæst í átta ár

Hin brasilíska Gisele Bündchen er tekjuhæsta ofurfyrirsæta heims áttunda árið í röð samkvæmt Forbes tímaritinu en hún hefur þénað mest allra fyrirsæta frá árinu 2004. Á tímabilinu frá maí 2011 til maí 2012 fékk hún greiddar 45 milljónir dala.

Í tímaritinu segir að ofurfyrirsætan og fyrrum Victoria's Secret-engillinn sigri aðalkeppinauta sína, Kate Moss og Nataliu Vodjanovu, með meira en 35 milljónir dollara í árstekjur. Þar segir að tiskugodið Kate Moss hafi fengið

9,2 milljónir dollara fyrir að vera andlit herferða tiskumerkjanna Longchamp, Mango og Rimmel á meðan Natalia þénaði 8,6 milljónir dollara fyrir auglýsingar sínar fyrir Guerlain og Calvin Klein.

Í júní á síðasta ári áætlaði ritið að heildartekjur hennar síðustu tíu árin næmu yfir 250 milljónum dollara. Forvitnilegt er að sex af tíu hæstlaunuðu fyrirsætum heims hafa sýnt undirföt fyrir Victoria's Secret. Þar á meðal eru Lara Stone, Miranda Kerr and Candice Swanepoel.

Kærar þakkir

fyrir samfylgdina á enn einu **gæfuríku leikári**
í **Borgarleikhúsinu**



Tengdó í uppsetningu
CommonNonsense
og **Borgarleikhússins**,
ótvíræður sigurvegari
Grímuhátíðarinnar 2012

leiksýning ársins
og **flestar Grímur**

snýr aftur á næsta
leikári

Nýtt, glæsilegt og fjölbreytt leikár verður kynnt í lok ágúst.
Á meðal **sýninga** sem snúa aftur eru:



Leiksýning ársins 2010
Menningarverðlaun DV
★★★★★ - JVJ, DV



★★★★★ - KHH, Ftíminn
„Alveg ótrúlegt sjónarspili“ -
MK, RÚV




Gríman - tilnefndar
barnasýningar ársins
2010 og 2012



★★★★★ - JVJ, DV
Gríman 2012: Tónlist ársins



„Leikræn og lipur fengitið“ - EB, Fbl
„Sýning sem óhætt er að
mæla með“ - SGV, Mbl



„Sýningin er full af lífi,
fjöri og fegurð“ - SA, TMM
„Eins og konfektumli“ - BS, Rás 2



Borgarleikhúsið

Tom Cruise á tökustað Oblivion

Upptökur á hasarmyndinni Oblivion með Tom Cruise í aðalhlutverki hafa farið fram í New York undanfarið en þeim verður áframhaldið hér á landi á næstunni, eins og komið hefur fram.

Ljósmyndurum var hleypt á tökustaðinn í New York þegar verið var að mynda atriði með Cruise og mótleikkonu hans Olgu Kurylenko, sem fyrst vakti athygli í Bond-myndinni Quantum of Solace. Cruise virtist hinn hressasti við tökurnar og brosti bæði til ljósmyndara og aðdáenda sinna sem fylgdust spenntrir með.

Leikstjóri Oblivion er Joseph Kosinski sem hefur áður gert

Tron: Legacy með Jeff Bridges í aðalhlutverki. Myndin fjallar um stríð úti í geimi á milli jarðarbúa og íbúa fjarlægrrar plánetu. Cruise leikur Jack Harper sem gerir við biluð geimför sem lenda á jörðu. Þegar hann er að gera við eitt slíkt rektst hann á konu sem hefur lent á einu geimfarinu. Mikil vandræði blossa upp í framhaldinu sem auka mjög á deilur jarðarbúa og fjarlægu plánetunnar.

Með annað stórt hlutverk í myndinni fer Óskarsverðlaunahafinn Morgan Freeman. Oblivion verður frumsýnd 26. apríl á næsta ári.



Í GÓÐUM GÍR Cruise var hress á tökustað og veifaði til aðdáenda sinna.

NORDICPHOTOS/GETTY



Á TÖKUSTAÐ Tom Cruise ásamt Olgu Kurylenko við tökur á Oblivion.

Pampers BabySam

WHAT TO EXPECT WHEN YOU'RE EXPECTING

FRUMSÝND 20. JÚNÍ

LAUGARAS BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ

BabySam
MÖRKINNI



ALLT ÞAÐ BESTA FYRIR BARNIÐ ÞITT



BABYSAM, MÖRKINNI 1. - SÍMI: 568 2200 - WWW.BABYSAM.IS



OPNAR SIG Í viðtali við tímaritið Rolling Stone segist Charlie Sheen hafa misst sveindóminn með vændiskonu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Sængaði hjá vændiskonu

Leikarinn Charlie Sheen missti sveindóminn 15 ára gamall með vændiskonu að nafni Candy. Þessu uppljóstraði leikarinn í viðtali við Rolling Stone Magazine. Og, það sem meira er, hann borgaði vændiskonunni með stolnu kreditkortu frá föður sínum, Martin Sheen, sem svaf í hóteliherberginu við hliðina er þeir dvöldu í Las Vegas.

Sheen segir nóttina hafa verið þá bestu sem hann hafi upplifað. „Þetta var besta nótt lífs míns. Þegar faðir minn komst að þessu veimur vikum seinna var hans mesta áhyggjuefni að ég hefði ruglað kynlífinu saman við ást.“ Sheen segist vera háður konum en hann hefur verið giftur þrisvar og á fimm börn.



JÓLABÓNORÐ Leikarinn Matthew McConaughey pakkadi trúlofunarhringum inn í sjö mismunandi gjafaöskjur er hann það eiginkonu sinnar Camilu Alves.

NORDICPHOTOS/GETTY

Rómantískt bónorð

Leikarinn Matthew McConaughey var einstaklega rómantískur er hann bað nýbökudu eiginkonu sína, Camilu Alves, að giftast sér. Bónorðið fór fram á jóladag í fyrra og var sjálfur demantshringurinn falinn undir jólatrénu. „Þetta var síðasti pakkinn sem var opnaður og ég hafði pakkad honum inn í sjö gjafaöskjur svo það tók langan tíma að opna þetta,“ segir leikarinn í samtali við People Magazine en parið gekk í það heilaga um síðustu helgi við hátíðlega athöfn.



ÞRÖNGT Bale átti erfitt með að anda í Batman-búningnum sínum.

Gat varla andað

Christian Bale segir að það hafi næstum því liðið yfir sig vegna þess hversu erfitt var að anda í gegnum Batman-búninginn. Bale leikur ofurhetjuna í þriðja sinn í nýjustu myndinni, *The Dark Knight Rises*, sem verður frumsýnd í sumar.

Í myndinni klæðist hann þröngum leðurþúningi, grímu og hálskraga í hlutverki Batmans. „Þegar það er kalt í veðri verður hálskraginn mjög þröngur. Eftir nokkrar tölur var ég farinn að reyna að anda í gegnum nefið. Ég var farinn að sjá stjörnur og sagði: „Þið verðið að taka þetta af mér“,“ sagði Bale við tímaritið *Empire*. Hann bætti því við hann hafi nokkrum sinnum verið sleginn í andlitið við upptökur á slagsmálaatriðum í myndinni.



OF GRÖNN Rihanna kveðst hafa gengið of langt í líkamsræktinni og vill endurheimta gamla rassinn sinn.

NORDICPHOTOS/GETTY

Rihanna vill stærri rass

Söngkonan Rihanna hefur tekið vel á því í ræktinni undanfarið og fylgt stífu æfingaprógrammi. Vegna þessa hefur hún lést verulega og kveðst ekki ánægð með breytinguna á vaxtarlagi sínu. „Ég er í stærð 0 og er ekki ánægð með það! Ég gekk alltof langt og vil frekar vera í aðeins meiri holdum. Ég vil fá gamla rassinn minn aftur!“ Segir stjarnan sem er heimsfræg ekki aðeins fyrir söng sinn heldur einnig flottan og þrýstinn líkama og ætlar sér að fá meira hold á beinin á næstunni.



NÝ PLATA Justin Vernon og félagar í Bon Iver syngja Bjarkarlag á nýrri plötu.

Björk á plötu Bon Iver

Hljómsveitin Bon Iver gefur út nýja EP-plötu í næstu viku. Hún hefur að geyma sjö lög sem voru tekin upp á tónleikum, þar á meðal útgáfu sveitarinnar á Bjarkarlaginu *Who Is It?* Meðal annarra laga á plötunni er *Holocene* sem kom nýlega út á smáskífu. Það er einnig að finna á síðustu plötu Bon Iver sem kom út í fyrra.

Hljómsveitin byrjar tónleikaferðalag sitt um Evrópu 5. júlí í Póllandi. Tveimur dögum síðar taka við tónleikar á Hróarskeldu-hátíðinni, þar sem Björk treður einmitt líka upp.

Tafsandi og stamandi

Bíó ★★★★★

Piranha 3DD

Leikstjórn: John Gulager

Leikarar: Danielle Panabaker, Matt Bush, David Koechner, Chris Zylka, Katrina Bowden, Gary Busey, Christopher Lloyd, David Hasselhoff

Manstu eftir bekkjarbróður þínum úr grunnskóla sem endursagði alla brandara úr kvikmyndum og sjónvarpsþáttum sem hann sá? Brandara sem voru fyndnir í sinni upphaflegu mynd en þegar hann þuldi þá

upp á slappri unglingsensku leið þér skringilega og þig langaði að fara. Kvikmyndin *Piranha 3DD* er þessi strákur.

Upprunalegi brandarinn var hin þrælskemmtilega *Piranha 3D* sem kom út fyrir tveimur árum og gekk fram af sjóuðustu splatterhundum með hamslausum (en hlægilegum) blóðsúthellingum og ofbeldi. Hin franski Alexandre Aja leikstýrði henni með glott á vörum og sögulokin bentu til þess að framhaldsmynd væri á leiðinni. Aja sneri sér hins vegar að öðrum verkefnum og þeir sem halda á spöðunum nú vita ekkert hvað þeir eru að gera.



MISHEPPNUÐ *Piranha 3DD* er ekki upp á marga fiska.

Tafsandi og stamandi reyna þeir að koma gamla brandaranum til skila, en allt kemur fyrir ekki.

Að vísu var gaman að sjá Gary

gamla Busey étinn af pírónum og þreföldun dolly zoom-skotsins úr *Jaws* er húmor fyrir lengra komna, en fleiri voru ljósu punktarnir ekki. *Piranha 3DD* er í grunninn eins og fyrirrennarinn, en munurinn er sá að framhaldið er í höndum ófyndinna manna. Útkoman er því ekki upp á marga fiska. Þá eru brellurnar verri, leikararnir geta ekki neitt og hin óhóflega notkun nektar verður að lokum merkilega niðurdrepandi.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Þú segir ekki sama brandarann tvisvar.

STAÐALL UM LAUNAJAFNRÉTTI

OPINN MORGUNVERÐARFUNDUR Á GRAND HÓTEL
REYKJAVÍK ÞRIÐJUDAGINN 19. JÚNÍ KL. 8-10.

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og velferðarráðuneytið hafa frá því í árslok 2008 haft forgöngu um gerð staðals um launajafnrétti kynjanna. Verkið hefur verið unnið undir leiðsögn Staðlaráðs Íslands og með aðkomu fjölmargra aðila.

Frumvarp um jafnlaunastaðal er tilbúið til kynningar og fer nú í hefðbundið umsagnarferli samkvæmt lögum um Staðlaráð Íslands. Umsagnarferlinu lýkur 20. september næstkomandi.

Dagskrá

ÁVÖRP: Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra
Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ
Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri SA

Öguð vinnubrögð við stjórnun launamála

Hildur Jónsdóttir formaður tækninefndar um jafnlaunastaðal

Flokkun starfa

Birgir Björn Sigurjónsson hagfræðingur

Launagreiningar

Anna Borgþórsdóttir Olsen hagfræðingur

Íslenskur og evrópskur réttur á sviði launajafnréttis

Elsa S. Þorkelsdóttir lögfræðingur

Umsagnarferlið og úrvinnsla

Guðrún Rögnvaldardóttir framkvæmdastjóri Staðlaráðs

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra

Fyrirspurnir

Allir velkomnir. Ekkert þátttökugjald.



Alþýðusamband Íslands



Velferðarráðuneytið



Íslenskir
Staðlar



Samtök atvinnulífsins

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
INTOUCHABLES - ISL TEXTI	8, 10, 20
MADAGASKAR 3 3D	2, 4, 6
MADAGASKAR 3 2D	2, 4
PROMETHEUS 3D	7, 10
SNOW WHITE	7, 10
FIVE-YEAR ENGAGEMENT	4
LORAX - ISL TAL	2

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

miði.is

STUNDUM PÆFTU AD STÍGA INN Í LÍF ANNARRA, TIL AD SJÁ HVAD VANTAR Í ÞITT.

FRÁ LÍKSTÓRA ALIEN OG GLACIAROR PROMETHEUS
LETTU AD UPPLIHA EKKAN LAET LEITTE TIL ENÐALOKANA

ER AD SLÁ Í GEGN UM ALLAN HEIM!

PEIR ERU MÆTTIR AFTUR! TVÖFOLD SPENNA, TVÖFOLD HRÆÐSLA OG TVÖFALT MEIRA KJÖT Í 3-DD!

PIRANHA 3DD

MIÐI.BÍÓ

HÁSKÓLABÍÓ

INTOUCHABLES KL. 3 (TILBOÐ)	- 5.30 - 8 - 10.30	12
PIRANHA 3D	KL. 8 - 10	16
PROMETHEUS 3D KL. 3.20 (TILBOÐ)	- 6 - 9	16
MOONRISE KINGDOM KL. 3.40 (TILB)	- 5.50 - 8 - 10.10	L
MIB 3 3D KL. 3 (TILBOÐ)	- 5.30	10

BORGAR BÍÓ

PIRANHA 3DD	KL. 8 - 10	16
PROMETHEUS	KL. 5.45 - 8 - 10.20	16
SNOW WHITE AND THE...	KL. 5.45	12
LORAX 3D	KL. 3.50 (TILBOÐ)	L
MIB 3 3D	KL. 3.50 (TILBOÐ)	L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



ÁNÆÐUR Þór Breiðfjörð er ánægður með verðlaunin sem hann fékk sem söngvari ársins.

Söngleikjaplata frá söngvara ársins

Þór Breiðfjörð er með einsöngs-plötu í undirbúningi þar sem lög úr söngleikjum verða áberandi. „Mig langar að taka fleiri stór lög sem hafa jafnvel ekki verið sungin inn á plötu, til dæmis Óperudrauginn. Svo verða frumsamin lög eftir góða höfunda sem ég hef verið að skoða. Þetta verður góð blanda,“ segir Þór, sem hyggur einnig á upptökur á hefðbundnari dægurlagaplötu á næsta ári.

Þór var kjörinn söngvari ársins á Grímverðlaununum fyrir frammistöðu sína í söngleikum Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu. Hann segir að rosalega indælt hafi verið að vinna verðlaunin og að þau


hafi komið sér á óvart. „Mér skilst að Íslenska Óperan hafi tekið þetta mikið undanfarin ár, hún var með mjög sterka söngvara í flokknum, fyrir utan það að félagi minn Egill Ólafsson, sem er goðsögn sjálfur, var þarna með. Þannig að maður var með krosslagða fingur.“

Þór flutti nýlega heim til Íslands eftir fjórtán ára útivist. Hann þekkir Vesalingana vel því hann fór með hlutverk í söngleikum í tvö ár á West End í London og ferðaðist auk þess með sýninguna um Skandinavíu með öðrum norrænum söngvurum. Sýningum á Vesalingunum lýkur í Þjóðleikhúsinu í lok júní.

Lady Gaga gagnrýnd

Menningarráðuneyti Taílands hefur gagnrýnt Lady Gaga fyrir að nota þjóðfána landsins á óviðeigandi hátt á tónleikum sem hún hélt í höfuðborginni Bangkok.

Gaga klæddist taíenskum höfuðbúnaði á tónleikumum og var einnig í bikini. Til að toppa það sat hún á mótorhjól með taíenska þjóðfánann bundinn við hjólið. Að sögn menningarráðuneytisins var upptækið óviðeigandi og særði tilfinningar Taíendinga. Ekki stendur samt til að lögsækja söngkonuna fyrir hegðun sína.



GAGA Söngkonan er talin hafa notað þjóðfána Taílands á óviðeigandi hátt.

SAMBÍÓINN SAMbio.is

TILBOÐ KL. 2

MADAGASCAR 3 EFTIRLÝST Í EVRÓPU

LORAX

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

tryggðu þér miða á sambio.is

SPAR BÍÓ

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍO AUGLÝSINGUM
SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

SAMBÍÓINN SAMbio.is

LAUGARAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRABÍÓ	miði.is
PROMETHEUS 3D	KL. 1 16
MADAGASCAR 3D	KL. 1 L
MADAGASCAR 2D	KL. 1 L
MIB 3 3D	KL. 1 10
HÁSKÓLABÍÓ	miði.is
PROMETHEUS 3D	KL. 3.20 16
MOONRISE KINGDOM	KL. 3.40 L
MIB 3 3D	KL. 3 10
INTOUCHABLES	KL. 3 12

TILBOÐSBÍÓ

MADAGASCAR 3 ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	12
MADAGASCAR 3 3D ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
MADAGASCAR 3 2D ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	10
MADAGASCAR 3 ENSTAL KL. 2 - 4 - 8	2D	12
MADAGASCAR 3 ENSTAL ÓTEXTUÐ KL. 2 - 4 - 8	2D	10
SNOW WHITE KL. 5:20 - 8 - 10:10	2D	12
SNOW WHITE LUXUS VIP KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	VIP	20
LOL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	10
THE RAVEN KL. 10:40	2D	16
THE DICTATOR KL. 6 - 8 - 10:10	2D	12
THE AVENGERS KL. 10:10	2D	10
UNDRALAND IBBA M/ISL TAL KL. 1:30 - 3:30	2D	10

ALFABAKKA

MADAGASCAR 3 M/ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	12
MADAGASCAR 3 3D ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
MADAGASCAR 3 2D ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	10
MADAGASCAR 3 ENSTAL KL. 2 - 4 - 8	2D	12
MADAGASCAR 3 ENSTAL ÓTEXTUÐ KL. 2 - 4 - 8	2D	10
SNOW WHITE KL. 5:20 - 8 - 10:10	2D	12
SNOW WHITE LUXUS VIP KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	VIP	20
LOL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	10
THE RAVEN KL. 10:40	2D	16
THE DICTATOR KL. 6 - 8 - 10:10	2D	12
THE AVENGERS KL. 10:10	2D	10
UNDRALAND IBBA M/ISL TAL KL. 1:30 - 3:30	2D	10

AKUREYRI

MADAGASCAR 3 ISL TAL KL. 2 - 4 - 6	3D	12
MADAGASCAR 3 ENSTAL KL. 8	3D	12
RAVEN KL. 10	2D	16
UNDRALAND IBBA ISL TAL KL. 2 - 4	2D	10
LOL KL. 8	2D	10
SAFE KL. 10	2D	16

SELFLOSS

LOL KL. 6 - 8 - 10	12
UNDRALAND IBBA ISL TAL KL. 6	10
SAFE KL. 8 - 10	16

KEFLAVÍK

MADAGASCAR 3 ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	12
MADAGASCAR 3 ENSTAL ÓTEXTUÐ KL. 5:50 - 8 - 10:10	3D	10
PROMETHEUS KL. 10	2D	16
LOL KL. 5:50 - 8	2D	10
SAFE KL. 10	2D	16
UNDRALAND IBBA ISL TAL KL. 2 - 4	2D	10

Sími: 553 2075 - bara lúxus

TILBOÐ KL. 2

MADAGASCAR 3 EFTIRLÝST Í EVRÓPU

LORAX

TILBOÐ KL. 2

Ódýrt í bíó

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

tryggðu þér miða á sambio.is

SPAR BÍÓ

MERKTAR MED GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍO AUGLÝSINGUM
SAMBÍÓ KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

SAMBÍÓINN SAMbio.is

TILBOÐSBÍÓ

MADAGASCAR 3 ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	12
MADAGASCAR 3 3D ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
MADAGASCAR 3 2D ISL TAL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	10
MADAGASCAR 3 ENSTAL KL. 2 - 4 - 8	2D	12
MADAGASCAR 3 ENSTAL ÓTEXTUÐ KL. 2 - 4 - 8	2D	10
SNOW WHITE KL. 5:20 - 8 - 10:10	2D	12
SNOW WHITE LUXUS VIP KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	VIP	20
LOL KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	2D	10
THE RAVEN KL. 10:40	2D	16
THE DICTATOR KL. 6 - 8 - 10:10	2D	12
THE AVENGERS KL. 10:10	2D	10
UNDRALAND IBBA M/ISL TAL KL. 1:30 - 3:30	2D	10

BÍÓ PARADÍS

LAUGARAGUR OG SUNNUDAGUR: BRETTABÍÓ 20:00 (aðeins lau) UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00, 22:10 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50 ■ COOL CUTS: 101 REYKJAVÍK 18:00 ■ COOL CUTS: WHEN THE RAVEN FLIES 20:00 ■ COOL CUTS: HEIMA SIGUR RÓS 22:00 ■ TYRANNOSAUR 18:00 ■ IRON SKY 22:10 ■ BLACK'S GAME 20:00, 22:00

21. JÚNÍ: MARLEY + REGGÍHÁTÍÐ!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKIRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / miði.is ■ Hluti af Europa Cinemas

Myndin sem slegið hefur í gegn í Evrópu og vestanhafs á undanföllum vikum!

UNG GOODBYE FIRST LOVE

„Létt og ánægjuleg.“
The Guardian

„Einstök mynd.“
The New York Times

SUMARTÍÐ



Justin Bieber fullorðinn?

Það dylst engum af aðdáendum Justins Bieber að söngvarinn vill gera fullorðinslegri tónlist, en greinilegt skref hans í þá átt heyrir á nýju plötunni hans Believe, sem kemur í verslanir í Bandaríkjunum á morgun.

Í samtali við Billboard-tímaritið tekur umboðsmaður hans, Scooter Braun, undir þessa breytingu á tónlist Biebers en þvertokur fyrir að um fullorðinn listamann sé að ræða. „Það þýðir ekki að hann sé fullorðinn þó hann sé lögráða. Hann þarf enn leiðsögn og er að finna sínar leiðir. Hann er ekki lengur strákur en á sama tíma vissulega ekki fullorðinn,“ segir Braun og bætir við að Bieber sé undir meiri pressu en aðrar poppstjörnur heims hafi upplifað.



STÓR STRÁKUR Justin Bieber gerir fullorðinslegri tónlist.

BARNAFÖT Ný lína barnafata er sögð væntanleg frá D&G.

Börn í D&G

Ítalska, litríka hönnunartvíeykið Dolce & Gabbana, það er Domenico Dolce og Stefano Gabbana, sýna fyrstu barnafatalínuna sína í næsta mánuði. Fötin eru ætluð börnum frá fæðingu allt til tíu ára aldurs.

„Við tókum viðtöl við mæður því línan verður að vera praktísk. Við lærðum fullt af því, til dæmis að krakkar vilja ekki að eitthvað þrengi að þeim,“ segir Domenico, en þeir segjast báðir hafa verið frekar fáfróðir um heim barna.

Línan samanstendur af dagfatnaði, nærfatnaði, sundfötum, fylgihlutum og skófatnaði og mun eflaust vera í skrautlegri kantinum.



72 DAGA HAMINGJA Kris Humphries viðurkennir að hjónaband þeirra Kim Kardashian hafi verið vandræðalega stutt.

Hjónabandið vandræðalegt

Körfulboltakappinn Kris Humphries viðurkennir að stutt hjónaband hans og raunveruleika-stjörnunnar Kim Kardashian hafi verið vandræðalegt. Humphries og Kardashian voru gift í 72 daga en hún er nú þegar komin með nýja kappu upp á arminn, tónlistarmanninn Kanye West. „Þegar allt gerist svona hratt og allir eru að fylgjast með undirbúningnum er það vitaskuld mjög vandræðalegt að skilja og bregðast væntingum margra,“ segir Humphries í viðtali við blaðið Heat. Kardashian er mjög hamingjusöm með West og fjölmiðlar vestanhafs búast við brúðkaupi á næstunni.

DE CECCO®

hið eina sanna pasta frá Ítalíu



Linguine fyrir 4 með risarækjum

400g De Cecco Linguine
2 msk. De Cecco olífuolía
200g Arrabiatta chilli sósa frá De Cecco
2 stk. hvítlauksgeirar
400g hráar risarækjur
8 stk. kirsjuberjatómatar skornir til helminga
Handfulli af ferskri basilíku
Parmesan ostur, nýrifinn eftir smekk

Það sem þarf:



15 min

Al dente reglan

skammtur fyrir einn fullorðinn

1 ltr. vatn 10 gr. salt 100 gr. pasta

Sjóðið pasta í stórum potti og látið suðuna koma upp áður en pastað er sett í pottinn.

1. Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum á pakka.
2. Hitjið olíu á pönnu og steikið hvítlaukinn í um 30 sekúndur án þess að hvítlaukurinn brúnist.
3. Því næst bætið Arrabiatta sósunni frá De Cecco saman við hvítlaukinn. Þegar búið er að hita sósuna örlítið er rækjum, tómötum og basilíku bætt við og eldað við mikinn hita eða þangað til að rækjurnar verða bleikar.
4. Setjið pasta í skál, blandið sósunni vel saman við og berið strax fram.

FK
FJARÐARKAUP

KRÓNAN

NÓATÚN



Þín verslun

VÍÐIR



SJÖUNDU UMFERÐ PEPSI-DEILDAR KARLA lýkur í dag með þremur leikjum sem allir hefjast klukkan 14.00. KR tekur á móti Selfossi, Grindavík mætir Blikum á Kópavogsvelli og FH sækir Keflavík heim. Fylgst verður með öllum leikjunum á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins.

ÚRSLIT

EM í knattspyrnu:

Úkraína-Frakkland	0-2
0-1 Jeremy Menez (53.), 0-2 Yohan Cabaye (56.)	
Svíþjóð-England	2-3
0-1 Andy Carroll (23.) 1-1 Sjálfsmark (49.), 2-1 Olof Mellberg (59.), 2-2 Theo Walcott (64.), 2-3 Danny Welbeck (78.)	
STaðan:	
Frakkland	2 1 1 0 3-1 4
England	2 1 1 0 4-3 4
Úkraína	2 0 1 1 1-3 1
Svíþjóð	2 0 0 2 3-5 0

STAÐAN Í PEPSI-DEILD KARLA:

ÍA	7	4	2	1	11-11	14
FH	6	4	1	1	14-3	13
KR	6	4	1	1	12-8	13
Stjarnan	7	3	3	1	14-12	9
Valur	7	3	0	4	11-9	9
Fylkir	7	2	3	2	8-14	9
ÍBV	7	2	2	3	12-8	8
Keflavík	6	2	1	3	8-9	7
Selfoss	6	2	1	3	8-10	7
Breiðablik	6	2	1	3	3-6	7
Fram	7	2	0	5	7-10	6
Grindavík	6	0	3	3	10-18	3

3-2

Stjörnuvöllur, áhorf.: 411

Órvar Sær Gíslason (6)

1-0 Alexander Scholz (7.), 1-1 Sjálfsmark (13.), 2-1 Tryggvi Bjarnason (26.), 3-1 Alexander Scholz (41.), 3-2 Guðjón Lýðsson (43.)

Skot (á mark): 16-12 (10-4)
Varin skot: Ingvar 3 - Ásgeir Þór 7.

STJARNAN (4-5-1): Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal 6, Tryggvi Bjarnason 7 (64. Bjarki Eysteinnsson 5), Daniel Laxdal 6, Hörður Árnason 7 - Alexander Scholz 7, Atli Jóhannsson 5, Halldór Orrí Björnsson 6 - **Kennie Knak Chopart 8**, Mads Laudrup 6 (71. Baldvin Sturluson -), Ellert Hreinsson 6.

VALUR (4-4-2): Ásgeir Þór Magnússon 3 - Brynjar Kristmundsson 5, Atli Sveinn Þórarinnsson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 4, Matarr Jobe 5 - Guðjón Pétur Lýðsson 6, Haukur Páll Sigurðsson 5 (87., Ásgeir Þór Ingólfsson -), Rúnar Már Sigurjónsson 7 (79., Andri Fannar Stefánsson) - Kolbeinn Káráson 5, Hörður Sveinsson 6 (75., Kristinn Freyr Sigurðsson -), Matthías Guðmundsson 6. * MAÐUR LEIKSINS



HETJURNAR Theo Walcott og Danny Welbeck stíga létt dansspor við fögnuð sigurmarks þess síðarnefnda í gærkvöldi. Englendingar hafa slegið á gagnrýnisráddir sparkspekinga í bili og eru í góðum málum eftir gærkvöldið.

NORDICPHOTOS/AFP

England og Frakkland unnu leiki sína á EM í gærkvöldi og eru í góðum málum: Svíagrýla Englendinga á enda

FÓTBOLTI Allt útlit var fyrir að Englendingar myndu enn eina ferðina fara frá borði með skiptan hlut í viðureign gegn Svíum. Tvö mörk Svía í upphafi síðari hálfleiks gerðu skallamark Andy Carroll aðeins að fjarlægri minningu. England hafði aldrei lagt Svía að velli í keppnisleik í knattspyrnu karla en hálf tími var til stefnu. Roy Hodgson landsliðsþjálfari Englands, sem hóf starfsferil sinn með miklum ágætum í Svíþjóð á áttunda áratugnum, var á öðru máli. Hann skipti Theo Walcott, vængmanninum eldfljóta, inn á og skiptingin skipti sköpum.

Augnablikum eftir innkomuna skoraði Walcott með langskoti sem Andreas Isaksson, markvörður Svía, hefði á góðum degi varið. Honum til varnar virtist skotið

hafa örviðkomu í varnarmanni Svía.

Stundarfjórðungi síðar fengu Svíar að kenna á hraða Arsenalmannsins Walcott. Hann lék þá á tvo Svía, sendi fyrir markið á Danny Welbeck, framherja Manchester United, sem stýrði boltanum glæsilega í netið undir mikilli pressu. Örvæntingarfullir Svíar voru aldrei líklegir til þess að jafna og Englendingar, sem líkt og íslenska handboltalandsliðið hefur glímt við Svíagrýlu lengur en elstu menn muna, fögnuðu ákaft.

Með sigrinum komust Englendingar upp að hlið Frakka með fjögur stig að loknum tveimur leikjum í riðlinum. Frakkar lögðu Úkraínu 2-0 að velli í Donetsk í leik sem þurfti að fresta um klukkustund vegna úrhellis og eldinga. Bæði

mörk Frakka komu snemma í síðari hálfleik.

Leikurinn hófst reyndar á tilskyldum tíma en hollenskum dómara leiksins leist ekki á blikuna eftir rúmlega fjögurra mínútna leik þar sem því sem næst flæddi yfir völinn auk þess sem eldingar gerðu vart við sig. Klukkustund síðar var leiknum framhaldið en heimamenn komust aldrei almennilega í gang.

Eftir leiki gærdagsins er ljóst að Frökkum dugar jafntefli í lokaleik sínum gegn Svíum sem eru úr leik og hafa ekki að neinu að keppa. Englendingum dugar sömuleiðis jafntefli gegn Úkraínu sem getur þó tryggt sig áfram með sigri.

Keppni í A-riðli lýkur í dag með viðureignum Tékkna gegn Pólverjum og Rússa og Grikkja. - ktd

Spurs leitar að stjóra: Villas-Boas efstur á lista

FÓTBOLTI Tottenham leitar nú logandi ljósi að arftaka Harry Redknapp í starf knattspyrnustjóra en Redknapp var rekinn í vikunni.

Andre Villas-Boas, fyrrum stjóri Chelsea, er sagður efstur á óskalistanum en hann er enn atvinnulaus eftir að hafa verið rekinn frá Chelsea.

Aðrir sem hafa verið orðaðir við starfið eru David Moyes, stjóri Everton, og Roberto Martinez, stjóri Wigan. - hbj

0-4

Akranesvöllur

Kristinn Jakobsson (8)

0-1 Ian Jeffs (63.), 0-2 Christian Olsen (66.), 0-3 Christian Olsen (88.), 0-4 C. Olsen (93.)

Skot (á mark): 12-17 (5-13)
Varin skot: Páll Gísli 8 - Abel 4.

ÍA (4-3-3): Páll Gísli Jónsson 6 - Guðmundur Böðvar Guðjónsson 4 (68., Aron Ýmir Pétursson 5), Ármann Smári Björnsson 4, Andri Geir Alexandersson 3, Einar Logi Einarsson 4 - Jóhannes Karl Guðjónsson 6, Arnar Már Guðjónsson 3, Jón Vilhelm Ákason 4 - Andri Adolphsson 6, Ólafur Valur Valdimarsson 4 (61., Eggert Kári Karlsson 4), Gary Martin 3 (67., Garðar Bergmann Gunnlaugsson 4)

ÍBV (4-5-1): Abel Dhaira 6 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 7, Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 6 - Þórarinn Ingi Valdimarsson 8, Guðmundur Þórarinnsson 7 (80., Tonny Mawejje -), Viðir Þorvarðarson 5 (87., Gunnar Már Guðmundsson -), Ian Jeffs 6, Tryggvi Guðmundsson 5 - **Christian Olsen 8***. * MAÐUR LEIKSINS

Allt um leiki gærkvöldsins er að finna á **VÍSIR.IS**



... SKELLTU ÞVÍ Á GRILLIÐ OG ÉG FÍRA UPP Í ÞVÍ



Boltanum þarf að halda betur innan liðsins

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir því ungverska í undankeppni Evrópumótsins á Laugardalsvelli í dag. Ekkert annað en sigur kemur til greina ætli liðið sér að vera með í baráttunni um sæti í lokakeppni mótsins. Þóra Björg Helgadóttir, markvörður liðsins, segir stelpurnar ákveðnar í að bæta leik sinn frá tapinu gegn Belgum ytra.

FÓTBOLTI Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðs Íslands í knattspyrnu, segir liðið þurfa að vinna í sóknarleik sínum. Liðið er komið með bakið upp að vegg og má ekki misstíga sig í þeim leikjum sem eftir eru í undankeppni EM 2013.

„Okkur hefur ekki gengið nógu vel í sóknarleiknum. Sóknarmenn okkar hafa átt við töluverð meisli að stríða. Þá þurfum við að halda boltanum betur innan liðsins. Við erum að vinna í því,“ segir Sigurður Ragnar.

